



UM RÉTTARÁHRIF OG FRAMKVÆMD DÝRAVERNDARLAGA Á ÍSLANDI

Árni Stefán Árnason

15. desember 2010

ML í lögfræði

Höfundur: Árni Stefán Árnason

Kennitala: 110360 3399

Leiðbeinandi: Arnar Þór Jónsson

Útdráttur

UM RÉTTARÁHRIF OG FRAMKVÆMD DÝRAVERNDARLAGA Á ÍSLANDI

Þessi ritgerð fjallar um dýraverndarlöggjöfina á Íslandi og framkvæmd hennar.

Því er hafnað, sem oft er haldið fram, að lögin séu barn síns tíma og rökstutt af hverju þau teljast ágætis verkfæri, sé þeim beitt í samræmi við markmið löggjafans. Bent er á dæmi um hagsmuni dýra, sem lögskýringargögn gefa vísbendingar um að ætlunin hafi verið að vernda en því ekki fylgt í framkvæmd hvorki af framkvæmdavaldi né dómsvaldi. Alvarleiki brota endurspeglar t.d ekki í refsiakvörðunum dómstóla. Dýraverferðar sé ekki gætt á þann hátt sem lesa má úr lögum og gögnum með þeim.

Fjallað er um verkmiðjubúskap, eftirlit hans og aðbúnaðarreglugerðir. Komist er að þeirri niðurstöðu að slíkur búskapur og þær reglugerðir, sem honum er ætlað að fylgja séu ekki í samræmi við það, sem telja verður að felist í hugtakinu dýraverferð, eins og birtingarmynd þess kemur fram í lögum um dýravernd.

Lýst er hvernig aðrar þjóðir hafa nálgast dýraverndarhugsunina í stjórnarskrá og löggjöf og komist er að þeirri niðurstöðu að fylla megi upp í eyður á þessu sviði á Íslandi með nýrri nálgun í hugsun og t.d. breyttu orðalagi laga. Gildandi réttur sé þó fullgilt verkfæri sé hann notaður rétt, hugsaður af dýpt og túlkaður í þágu dýranna, sem honum er ætlað að vernda.

Í því skyni að auka skilning þeirra, sem beita eiga lögum, er komist að þeirri niðurstöðu að í greinargerð með endurskoðuðum lögum fælust nákvæmar leiðbeiningar þannig að því oft erfiða huglæga mati, sem lagt er á framkvæmdavaldshafa og dómara væri veitt aukin aðstoð svo niðurstaða sem næst anda laganna fengist.

Kenningar um rétt dýra eru reifaðar. Í þeim kemur fram að maðurinn beri skyldu gagnvart sköpunarverkinu, einkum dýrum, sem tilfinningarverum. Ekki sé hægt að ráðskast með líf þeirra með hagsmuni mannsins eins að leiðarljósi. Um þetta verður fjallað í sögulegu samhengi.

Abstract

THE LEGAL EFFECT AND IMPLEMENTATION OF THE ICELANDIC ANIMAL WELFARE ACT IN ICELAND

This paper will discuss the Animal Protection Act in Iceland and its implementation.

A frequently argued point that this Act is a product of its own time is rejected, and reasons are stated why this Act could be an excellent tool if applied according to the intent of the legislator. Examples of animal interests are mentioned which the sources of legal interpretation indicate that were meant to be protected but neither the executive nor the judicial branches did so in practice. The seriousness of offences is not reflected in the penalty determination of the courts. Animal welfare is not taken into consideration as indicated by legislation and the legislative sources accompanying the legislation.

Industrial farming is addressed, its control and government regulations concerning its conditions. The conclusion is reached that this kind of farming and the regulatory framework are inconsistent with what is the meaning of the term animal welfare as manifested in the Animal Protection Act. The approach by other nations regarding animal protection ideas in their fundamental laws or other laws is described, and the conclusion reached that existing gaps in Icelandic legislation can be filled by using a new approach in thinking, and by a change in legislation. The current law is nonetheless a valid tool if applied correctly and carefully considered and interpreted with the interests of the animals in mind.

For the purpose of increasing the understanding of those applying the Act, the conclusion is reached that the explanatory note for a revised Act should contain detailed instructions so that the frequently difficult subjective assessment assigned to the holders of the executive and judiciary would gain added weight so that the conclusion reached would conform more to the spirit of this Act.

Theories about animal rights are recapped. These theories propound that humans have a responsibility towards creation, in particular towards animals as beings with sensory systems. It is not right to manipulate their lives with only the interests of man as a guide. This will be the subject of a discussion in a historical context.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Kenningar/hugmyndafræði um dýraverndarsjónarmið	3
	2.1 Þróun kenninga.....	4
	2.2 Kenningar í Evrópu frá hámiðöldum til síðmiðalda	5
	2.3 Kenningar í Evrópu eftir síðmiðaldir	6
	2.4 Kenningar Jeremy Bentham o.fl.	8
	2.5 Kenningar Peter Singer	9
	2.6 Kenning kirkjunnar o.fl.	11
	2.7 Samantekt	13
3	Staða dýraverndarmála á Íslandi undanfarin ár	15
	3.1 Ólík sjónarmið	15
	3.2 Áskorun Dýraverndarráðs til yfirvalda	17
	3.3 Hvenær á refsing að koma til og hvað á að felast í henni	19
	3.4 Samantekt	20
4	Dýraverndarlöggjöfin á Íslandi	22
	4.1 Sögulegt yfirlit	22
	4.2 Fyrsta réttarheimildin 1869	22
	4.3 Löggjafarstarf í þágu dýra frá 1900	24
	4.4 Fyrstu rammalögin um dýravernd 1915	26
	4.5 Ný dýraverndarlög 1957.....	28
	4.6 Kröfur um mannúðlegar aðferðir við hvalveiðar	31
	4.7 Lög um dýravernd nr. 15/1994.....	32
	4.7.1 Inntak og markmið laganna	33
	4.7.2 Stjórn og skipulagning, eftirlit með framkvæmd laganna	35

4.8	Lög um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002	37
4.8.1	Eftirlit með búfjárhaldi	38
4.8.2	Valdheimildir til inngripa vegna ætlaðra brota á lögunum.....	38
4.9	Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spen- dýrum nr. 64/1994	40
4.10	Skuldbindingar Íslands í dýravernd vegna EES samningsins o.fl. ..	41
5	Refsiheimildir og dómaframkvæmd í dýraverndarmálum	43
5.1	Inngangur	41
5.2	Hugtakið afbrot og refsheimildir dýraverndarlaga	41
5.3	Dómur hæstaréttar hrd. 70/1998	45
5.4	Dómur hæstaréttar hrd. 159/1996	47
5.5	Dómur hæstaréttar hrd. 472/1993	49
5.6	Dómur hæstaréttar hrd. 217/1984	51
5.7	Dómur hæstaréttar hrd. 81/1975	52
5.8	Héraðsdómsmál S - 122/2009	56
6	Verksmiðjubúskapur á Íslandi og dýravernd	60
6.1	Notkun dýra við matvælaframleiðslu á Íslandi	60
6.2	Hlutverk Matvælastofnunar	61
6.3	Neysla dýraafurða á Íslandi	63
6.4	Eftirlitshlutverk héraðsdýralækna	63
6.5	Aðbúnaðarreglugerðir	65
6.5.1	Reglugerð nr. 219/1991	65
6.5.2	Reglugerð nr. 251/1995	66
6.5.3	Reglugerð nr. 438/2002	67
6.6	Eftirlit, tengsl og persónuvernd	69
6.6.1	Möguleg áhrif tengslamyndunar á dýravernd.....	70
6.6.2	Persónuvernd	71
6.7	Menntun umráðamanna búfjár	72

7 Samantekt og lokaorð	75
Heimildaskrá	79
Lagaskrá	83
Dómaskrá	84

1 Inngangur

Ritgerð þessi fjallar um lög um dýravernd í víðum skilningi, eðli þeirra, eiginleika til áhrifa en um leið áhrifaleysi, í vissum skilningi, úti í samfélaginu.

Rannsókn á þessu efni á meistarastigi við lagadeild hefur samkvæmt bestu vitund höfundar ekki verið framkvæmd áður. Það sem hér birtist verður þó á mælikvarða réttarsviðsins alls í besta falli ágrip, viðfangsefnið á skilið miklu meiri umfjöllun en rýmið leyfir.

Meginástæðurnar fyrir því að þetta efni var valið sem ritgerðarefni, er í hnotskurn áhugi og 40 ára reynsla höfundar af náinni umgengni við dýr, skortur er á lögfræðilegri umfjöllun um efnið og áhugi manna á notkunarmöguleikum dýra. Í því síðastnefnda felst nýting á dýrum, sem hefur misgóðar birtingarmyndir. Þær eru mannum hagstæðar og leiða að margra mati til aukinnar efnahagslegrar farsældar og meiri lífsgæða í forma tekna og fjölbreyttara mataræðis. En þær geta líka endurspeglast í því að breyttur aðbúnaður dýra í þágu mannsins hefur leitt til þess að dregið hefur úr lífsgæðum þeirra t.d. vegna notkunar þeirra við magnframleiðslu dýraafurða með verksmiðjubúskaparháttum. Þeim þætti verður tileinkaður einn kafli. Þá eru vísbendingar um það að aukin notkun landsvæða erlendis til ræktunar eldisfóðurs ógni tilvist mannsins í formi loftslagsbreytinga.

Efnisafmörkun

Vegna takmörkunar á rými er efni ritgerðarinnar afmarkað. Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir mun umfangsmeiri umfjöllun. Því lengra sem leið á rannsóknina varð ljóst að útilokað mál yrði að koma öllum frumhugmyndum á blað. Með aukinni þekkingu og yfirsýn varð höfundi fljótlega ljóst hvað var mest aðkallandi til umfjöllunar í lögfræðilegum skilningi. Efnið var afmarkað í samræmi við það.

Þar réði tvennt för. Annars vegar, stundum torskildar athafnir framkvæmda- og dómsvalds í málum, sem rekur á fjörur þeirra, hins vegar sá þáttur, sem lýtur að verksmiðjubúskap (intensive factory farming) þar sem álag á dýr er mest t.d. í, alisvína-, alfugla- og mjólkurframleiðslu. Athafnir framkvæmda- og dómsvalds hafa sætt gagnrýni af hálfu þeirra, sem vel til þessara mála þekkja á Íslandi. Sú gagnrýni beinist einkum að því að talið er að hvorugur handhafa þessara tveggja þátta ríkisvaldsins endurspegli í verkum sínum tilgang og markmið dýraverndarlaga.

Málsmeðferð ákærvalds og annarra handhafa framkvæmdavalds og dómstóla gefa vísbendingar um að fyrrnefnd gagnrýni eigi við rök að styðjast. M.ö.o þá þykja dómur vægir og dómsáttir hafa vakið menn til umhugsunar m.t.t. alvarleika brota.

Búskaparhættir í formi verksmiðjubúskapar verða rannsakaðir. Með verksmiðjubúskap er átt við að dýr eru haldin í miklum fjölda í þeim tilgangi að ná fram hámarks framleiðslugetu og hagræði fyrir hverja framleiðslueiningu. Hámarks vaxtar og vaxtarhraða er krafist.¹ Aðalástæða tilkomu verksmiðjubúskapar er krafa neytenda um vöruúrval og lágt verð án tillits til þess hvers það krefst af framleiðendum og ekki síst fórnarlömbunum sjálfum dýrunum. Án þeirra getur engin kjötframleiðsla átt sér stað. Framkvæmdavaldið hefur svarað þeirri kröfu með aðbúnaðarreglugerðum þar sem lítið tillit er tekið til velferðar dýra. Samkvæmt upplýsingum frá eftirlitsaðila þessara mála, Matvælastofnun, þá virðast umráðamenn² auk þess gera sér takmarkað far um annað en uppfylla lágmarksskilyrði fyrir dýr þessari búskapargrein. Þau lágmarksskilyrði eru í litlum samhljómi við inntak dýraverndarlaga.

¹ Imhoff Daniel, *CAFO (concentrated animal feeding operation)*, San Rafael, 2010, Introduction.

² Umráðamaður er eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði, og vörslu þess í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi sveitarfélagi og samkvæmt samningi milli aðila sbr. 8.tl.3. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.

2 Kenningar/hugmyndafræði um dýraverndarsjónarmið

Áður en lengra er haldið telur höfundur mikilvægt að útskýra ýmsar kenningar/hugmyndafræði, sem liggja að baki sjónarmiðum um dýravernd. Það er nauðsynlegt til varpa ljósi á það, sem síðar kemur fram í ritgerðinni, sérstaklega í köflunum um réttarheimildir, dómaframkvæmd og verksmiðjubúskap. Verður það m.a. gert í sögulegu samhengi.

Þekkingaröflun er hvöt flestra forvitinna manna. Hjá sumum er hún skylda samkvæmt lögum. Það á t.d. við hjá handhöfum framkvæmda- og dómsvalds. Að komast að „sannleikanum“ um hvað er réttlát og sanngjörn niðurstaða er á meðal hlutverka dómara og þangað eiga lögin að leiða þá sbr. 61. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Að upplýsa og leiða hið sanna og rétta í ljós er á meðal hlutverka ákærvalds sbr. 2. mgr. 18. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Viðleitnin að skilja lífið, eða a.m.k. það, sem skiptir okkur mestu máli til að geta náð sem bestum samhljómi við það er líklega flestum mönnum sameiginleg þó við stígum þau skref misjafnlega langt. Það felur í sér að með þekkingaröflun reynum við að ná þeim hámarksárangri sem hvert okkar sækist eftir. Þau markmið eru misjöfn.

Þetta fást t.d. dæmis heimspeki og guðfræði við. Ein helsta grein heimspekinnar er siðfræðin og „siðferðið er veruleiki sem við erum háð og heyrum til, rétt eins og náttúran er veruleiki sem við erum háð og heyrum til“.³ Siðfræðin fjallar um siðferði sem t.d. Páll Skúlason heimspekingur hefur gert tilraun til að skilgreina. Á meðal verðmæta, sem hann telur eftirsóknarverð, er skilningur. Þá nefnir Páll dyggðir eins og réttlæti, tillitsemi, réttindi og skyldur sem eru ólík eftir afstöðu manna innbyrðis.⁴ Guðfræðin skiptir í þessu sambandi líka máli fyrir Íslendinga en hún fæst m.a. við að útskýra boðskap kristinnar. 80% íslendinga eru hluti Þjóðkirkjunnar sem boðar kristna trú. Trú er hornsteinn í lífi margra og síðasta hálmstráið sem hangið er í hjá sumum þegar allt annað þrýtur. Siðfræði og guðfræði kristinnar eiga margt sameiginlegt og skarast á fjölmörgum sviðum. Siðfræði er af mörgum talin einn af hornsteinum lögfræðinnar. Þannig tengjast oft mörg fræðasvið innbyrðis.

³ Páll Skúlason, *Greinar um siðfræði trú og vísindi*, Siðfræði og siðareglur heilbrigðisstétta, Læknablaðið 1985;71: bls. 145-149.

⁴ Sama heimild.

Vísast í þeim efnum til orða Lord Alfred Thompson Denning, virts bresks dómara, oftast nefndur Lord Denning. Telja margir að hann hafi með dómum sínum unnið stefnumótandi starf í breska common law réttarkerfinu. Hann sagði: „Without religion, no morality, without morality no law“.⁵

Í þessum kafla verða færð rök fyrir því hvernig kenningar í siðfræði og guðfræði geta hjálpað okkur við að færa okkur nær þeirri þekkingu sem hér skiptir máli í lögfræðilegu samhengi með þá gagnrýni í huga, sem í upphafi var tengd við blæ skilningsskorts í athöfnum framkvæmda- og dómsvalds vegna notkunar réttarheimilda í dýraverndarmálum.

Á meðal þeirra sviða þar sem siðfræðin hefur náð nokkurri fótfestu er sviðið, sem hér er til umfjöllunar. Höfundur er ekki kunnugt um að til sé viðurkennt hugtak um þetta svið á íslensku og því stingur höfundur upp á því að nefna það hér dýrasiðfræði og á að vera enska þýðingin á hugtakinu animal ethics. Það hugtak er notað í fjölda fræðiritna um efnið og er titill þeirra margra. Í dýrasiðfræði er gerð tilraun til þess að fjalla um réttindi dýra, skyldur mannsins gagnvart þeim o.m.fl. Það er freistandi að setja fram eigin kenningu, sem fellur að íslenskum aðstæðum vegna þeirrar sérstöðu, sem margir halda fram, að við búum við sem ung þjóð. Íslendingar hafa frá upphafi byggt lífsviðurværi sitt á lífríkinu í kringum sig og voru um aldir beinlínis háðir því ætluðu landsmenn sér að lifa af.

En tímarnir hafa breyst og þær forsendur, sem lágu að baki því að réttlæta að það væri Íslendingum lífsnauðsynlegt að láta dýraríkið þjóna sér til hins ýtrasta eru löngu liðnir að mati höfundar.

Þannig telur höfundur mikilvægt að Íslendingar fari að fordæmi margra annarra þjóða og einstaklinga og hlusti á þau sjónarmið, sem fjalla um þær skyldur sem telja má að felist í því þegar maðurinn krýnir sig sem æðstu lífveru þessa heims.

2.1 Þróun kenninga

Straumar kristinnar teigðu anga sína til Íslands stuttu eftir landnám. Árið 1000 tóku Íslendingar kristni að frumkvæði Þorgeirs Ljósvetningagoða og lögsögumanns á Alþingi.

⁵ http://news.bbc.co.uk/2/hi/uk_news/291053.stmH. Sótt 10.12.2010.

Íslendingar hafa þó eflaust verið uppteknari við aðra iðju en að einbeita sér að boðskap dyggðugra lífshátta í samræmi við orð Biblíunnar. Hér var harðbýlt og athygli manna beindist að því að viðhalda lágmarks lífsskilyrðum. Menntun og siðbót þurftu því að víkja fyrir öðrum mikilvægari atriðum framan af öldum í einangruðu samfélagi þangað, sem samgöngur voru takmarkaðar og erfiðar aðstæður til útbreiðslu nýrrar þekkingar.

Af hverju kristnitökunnar á Íslandi er getið hér skýrist síðar í þessum kafla. Í þeim boðskap sem kristninni fylgir, oft vanmetinn en í fullu gildi, má halda fram að í felist mörg af grunnildum góðra siða eins og reyndar í svo mörgum öðrum trúarbrögðum þó nálgunin sé ólík.

2.2 Kenningar í Evrópu frá hámiðöldum til síðmiðalda

Á meðan Ísland var í mótun var Evrópa öll á iði. Ný þekking beið um tíma þangað til hún fór að berast yfir Atlantshafið.

Sumir vilja rekja þróunina til nútíma viðhorfa í dýravernd alla leið til þess sem margir kalla fyrstu boðreglur til mankyns boðorðanna tíu⁶ sem voru opinberuð Móses á Sínaifjalli af Guði. Hér verður látið nægja að bera niður stuttu eftir árið 1000 og verður stiklað á stóru.

Ekki löngu eftir landnám Íslands bjó á Ítalíu heilagur Frans frá Assisi (1181-1226), stundum nefndur dýrlingur dýranna. Heilagur Frans er sá maður, sem af kaþólsku kirkjunni er talinn hafa komist næst því að feta í fótspor Jesú frá Nazaret.⁷ Í veraldarsögunni er heilagur Frans af mörgum talinn á meðal frumkvöðla í þeirri hugsun að allar lifandi verur væru mannanna bræður og systur. Ást hans og virðingu fyrir öllum lifandi verum lýsa þeir, sem til hans þekktu, þannig að hann hafi skynjað hjá þeim tilfinningar, skynsemi og tungumál. Það væru eiginleikar, sem þau hefðu fengið í vöggugjöf. Samskiptum hans við náttúruna er lýst þannig að þau hafi einkennst af djúpri virðingu og hann mun hafa talað við dýr.⁸

Einn merkasti heimspekingur og guðfræðingur hámiðalda var heilagur Tómas frá Akvínó (1225-1274). Kenningar hans viðkomandi viðfangsefni þessarar ritgerðar

⁶ Ágúst Einarsson, „Boðorðin 10 í jákvæðri túlkun“, 9.5.2008 Hhttp://tru.is/pistlar/2008/05/bodordin-tiu-i-jakvaedri-tulkunH, sótt á netið 16. nóvember 2010.

⁷ Friðrik J. Rafnar, *Heilagur Frans frá Assisi*, 2. útgáfa endurskoðuð, Kaþólska kirkjan á Íslandi 1979, formálsorð.

⁸ Radford Mark, *Animal welfare law*, Oxford 2005, kafla 2 bls. 22

einkenndust af samblandi úr heimspeki Aristótelesar og texta Biblíunnar.⁹ Tómas hélt því fram að dýr og plöntur væru sköpuð fyrir manninn til að hafa not af. Hann taldi manninn vera miðpunkt tilverunnar, sem ætti að drottna yfir sér lægra tilverustigi. Það hefur síðan verið túlkað á ólíkan hátt m.a. að í drottnun fælist líka ábyrgð.

René Decartes (1596-1659) fjallaði líka um tengsl dýra og manna. Hann fékkst m.a. við að skýra muninn á sál og líkama og hélt því fram að dýr hefðu ekki sál og skorti því meðvitund. Þau byggju ekki yfir þeim hæfileika að geta hugsað, þau hefðu ekki tilfinningar og þar af leiddi að þau gætu ekki skynjað sársauka. Hann taldi dýr vera eins og hvern annan hlut og það bæri að meðhöndla þau sem slík.¹⁰

Þetta viðhorf varð langlíft, jafnvel á meðal almennings og þær raddir sem andmæltu þessu köfnuðu í fjöldanum. Þeirra á meðal var Michael de Montaigne (1533-1592) áhrifamikil franskur hugsuður. Hann hafnaði hugmyndum um að menn settu sig á stall næstan Guði og því sem margir héldu fram, að maðurinn væri ekki samferðamaður annarra dýra og bræður þeirra.¹¹

2.3 Kenningar eftir síðmiðaldir

Stöðugt vaxandi þekking manna í gegnum fræðasamfélagið og forvitni um það að vita meira um uppruna sinn og umhverfi olli því að mannum varð með tímanum ljóst að heimurinn var ekki ætlaður honum einum. Á tímabili hinna svokölluðu upplýsingar, sem hófst á seinni hluta 17. aldar í kjölfar vísindabyltingarinnar 1543-1687 jókst þannig þekking manna á mörgum sviðum og samfara því fór hugsunarháttur manna að breytast í þessum efnum.

En aukin þekking samhlíða og djúpri trúarþörf manna m.a. vegna áhrifa kirkjunnar leiddi til þess að menn voru tvístígandi varðandi skilning sinn á Biblíunni sjálfri. Þannig stendur skrifað í Orðskviðunum 12:10 „Hinn réttláti er nærgætinn um þörf skepna sinna, en hjarta óguðlegra er hart“.¹² Í Hóseabréfi 18. mgr. 2. kafla segir: „Og á þeim degi gjöri ég fyrir þá sáttmála við dýr merkurinnar og fugla himinsins og skriðkvikindi jarðarinnar, og eyði bogum, sverðum og bardögum úr landinu og læt þá

⁹ Sama heimild, bls. 16.

¹⁰ Sama heimild, bls. 17.

¹¹ Sama heimild, bls. 19.

¹² Biblían, Hið íslenska biblíufélag, Reykjavík 1981, bls. 662.

búa örugga“.¹³ Á fjölda staða í Biblíunni og helgiritum annarra trúarbragða má þannig rekast á texta um hvernig ætlast er til að maðurinn komi fram við dýr. Heimspekingurinn¹⁴ Jeremy Bentham, sem komið verður að síðar, furðar sig reyndar á þessum tvístígandahætti um leið og hann lýsir yfir undrun sinni á því af hverju íbúar í Evrópu hafi ekki sýnt hagsmunum dýra sama skilning og t.d. þeir sem kenna sig við Gentoo trúarbrögð.¹⁵

Uppskera upplýsingarinnar olli margvíslegum vangaveltum manna á meðal. Þar á meðal voru kröfur um mannréttindi. Mary Wollstonecraft (1759-1797) fór fyrir kvenréttindabarráttu með bók sinni *A vindication of the Rights of Woman* og mikið var fjallað um þrælahald. Öll þessi umræða leiddi til þess að spurningar um aukin mannréttindi urðu háværi.

Wollstonecraft taldi að frelsi væri á meðal höfuðdygða mankyns og gagnrýndi hún um leið viðhorf þeirra, sem töldu að konan væri sköpuð fyrir karlmanninn eins og reyndar má skilja við lestur sköpunarsögunnar.¹⁶ Gekk hún síðar svo langt að halda því fram að mannúðarsjónarmið í garð dýra ætti að vera hluti af kennslufni í skólum.¹⁷ Undir þá hugsun tók Tryggvi Gunnarsson í skrifum sínum í Dýravininum í kringum aldamótin 1900. Tryggvi var ritstjóri Dýravinarins, fyrrverandi alþingismaður og stofnandi Dýraverndarfélag Íslands 1914.

Umræða af þessu tagi samfara auknum skilningi manna á umhverfi sínu og eðli þess leiddi með tímanum til þess að háværi raddir fóru að berast úr mörgum þjóðfélögunum um að allar mannverur ættu kröfu til sömu grundvallarréttinda án tillits til stéttaskiptingar. Í þessu fólst krafa um jöfnuð. Þessi viðhorf smituðu út frá sér og minnihlutahópar mynduðust, sem töldu að veita ætti slíkum viðhorfum gaum í garð annarra og lægra settra dýrategunda en mannum.

John Lawrence (1753-1839) var á meðal fyrstu rithöfunda um réttindi dýra og verndarskyldu mannsins gagnvart þeim.¹⁸ Hann hélt því fram, að þegar af þeirri ástæðu að maðurinn væri skynsemisvera, þá hlyti það að vera siðferðileg skylda hans, sem slíks, að endurgjalda dýrum framlag þeirra í þágu mannsins með þeim

¹³ Sama heimild, bls. 912.

¹⁴ <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=5069>

¹⁵ Heiti sem Evrópubúar notuðu yfir Hindúa í Indlandi þar sem líf er talið heilagt.

¹⁶ Radford, *Animal welfare law in Britain*, kafli 2 bls. 24.

¹⁷ Sama heimild, bls. 26.

¹⁸ Lawrence John. *A Philosophical and Practical Treatise on Horses and the Moral Duties of Man Towards Brute Creation*. London. 1796.

hætti, sem maðurinn vissi best að hæfði þörfum þeirra.¹⁹ Lawrence spyr síðan, eru til ólíkar tegundir réttlætis, ein fyrir manninn en önnur fyrir dýrin.²⁰

2.4 Kenningar Jeremy Bentham o.fl.

Talsverðar breytingar áttu sér stað í kringum 1800 í tengslum við þá hugsun hvort menn bæru einhverja ábyrgð gagnvart dýrum.

Á meðal áhrifaríkari einstaklinga þar má telja Jeremy Bentham (1748-1832) breskan lögfræðing og heimspeking, sem hafnaði kenningum um náttúruleg réttindi. Hann hélt því fram að svörin við siðferðilegum álitamálum hlyti að vera að finna í þeirri staðreynd að maðurinn væri á valdi tveggja afla, sem þó rækju uppruna sinn til náttúrunnar. Bentham taldi þetta vera sársauka og vellíðan. Skoðun hans var sú að hlutverk löggjafar væri að hámarka vellíðan/ánægju/hamingju og að fyrirbyggja þjáningu. Í hnotskurn að grunnurinn að öllu siðferði og löggjöf væri hámörkun framangreindra lífsgæða hjá sem mestum fjölda.²¹ „The greatest happiness of the greatest number is the foundation of morals and legislation“. Bentham vildi meina að í siðferði fælist listin í leiða athafnir mannsins í átt að, sem mestum lífsgæðum fyrir sem flesta, sem af því töldust hafa hagsmuni.²² Þannig hélt hann því fram að skyldleiki væri á milli hagsmuna dýra og manna í siðferðilegum skilningi. Á meðan dýr væru á valdi mannsins bæri mannum að hafa í huga að þau væru næm fyrir vellíðan og gætu ekki vegna eiginleika sinna talist til dauðra hluta eins og sumir hefðu haldið fram.

Máli sínu til stuðnings og í dæmaskyni bar Bentham saman fullproskaðan hest og hund og sagði að slík dýr byggju yfir meiri vitsmunum en viku eða tveggja vikna gamalt nýfætt barn. Í framhaldinu, hélt hann því fram, að grundvallarspurningin snérist ekki um hvort dýr byggju yfir vitsmunum eða hvort þau gætu tjáð sig heldur væri spurningin einfaldlega sú hvort þau gætu þjáðst. „The question is not, can they reason? Nor, can they talk? But, can they suffer“.²³

Kenning Bentham að dýr séu skyni gæddar lífverur, færar um að skynja sársauka er á meðal útgangspatriða í löggjöf margra landa nú á dögum. Þar má nefna Noreg,

¹⁹ Radford, *Animal welfare law in Britain*, kafli 2 bls. 24.

²⁰ Sama heimild, bls. 27.

²¹ Sama heimild, bls. 25.

²² Bentham Jeremy, *An introduction to the principles of morals and legislation*, Dover edition, Mineola, N.Y. 2007, bls. 310.

²³ Sama heimild, bls. 311.

Þýskaland, Bretland, Austurríki og Sviss. Þá er þetta nýleg sameiginleg stefna ríkja Evrópusambandsins: „The starting point of animal-welfare policy is the recognition that animals are sentient beings[...]“.²⁴

Ein kenning leiddi af annarri á þessum tíma. 1750 hélt William Hogarth því fram í bók sinni *The four stages of cruelty* að áreitni við dýr leiddi af sér mannlegt ofbeldi.²⁵ Að sömu niðurstöðu er komist í bókinni *The link between animal abuse and human violence*.²⁶

2.5 Kenningar Peter Singer

1975 kom út bókin *Animal liberation* eftir ástralska heimspekinginn og prófessorinn Peter Albert David Singer. Í upphafsorðum formála bókar sinnar segir Singer: „This book is about the tyranny of human over nonhuman animals“.²⁷

Singer er talinn vera frumkvöðull á hinum akademíska sviði í umfjöllun um réttindi dýra eftir að kenningar Bentham komu fram. Gagnrýni hans beinist helst að því sem hann nefnir tegundarfordómar (speciesism) sbr. kynþáttafordómar. Í því felst að gildismat mannsins á réttinum til lífs sé háð tegund lífs. Hvergi í íslenskum dýraverndarlögum er beinlínis bannað valda dýrum þjáningu heldur segir að skylt er að fara vel með öll dýr og óheimilt sé að hrekkja dýr eða meiða og forðast skal að ofbjóða kröftum þeirra og þoli sbr. 2. gr. dvl. Samkvæmt orðalaginu „forðast beri að ofbjóða“ má gagnálykta á þá lund að löggjafinn geri ráð fyrir að óskilgreindar aðstæður geti komið upp þar sem heimilt sé að ofbjóða dýrum. Ekki er útskýrt nánar hvað felst í orðalaginu. Þá segir í 2. mgr. 16. gr. dvl. að „Einungis meggi nota lifandi dýr í tilraunum ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sambærilegum árangri“.

Peter Singer andmælti tegundarfordómum og talaði fyrir jöfnuði á milli tegunda. Hann taldi að allir menn væru jafnir þó þeir væru ólíkir innbyrðis. Nefndi hann kynþátta- og kynjafordóma sem dæmi um fordóma sem lytu gagnrýni. Hann tók dæmi frá Thomas Jefferson, þriðja forseta Bandaríkjanna og aðalhöfund sjálfstæðisyfirlýsingar Bandaríkjanna. Jefferson fjallaði um jöfnuð manna í sjálfstæðisyfirlýsingunni og Singer grípur niður þar sem Jefferson segir: „[...]but whatever be their degree of

²⁴ <http://www.animalwelfare-education.eu/>

²⁵ Radford, *Animal welfare law in Britain*, kafli 2 bls. 26.

²⁶ Linzey Andrew, *The link between animal abuse and human violence*, Portland, Oregon 2009, bls.19-20 og 25-26.

²⁷ Singer Peter, *Animal liberation*, Pimlico edition, London 1995, formáli að útgáfu 1975, bls. IX.

talent it is no measure of their rights“.²⁸ Þarna er túlkar Singer Jefferson á þá lund að hann sé að segja gáfur geti ekki ráðið úrslitum um réttindi manna. Singer telur að það sama eigi við um dýr. Jefferson tók dæmi um Isaac Newton og sagði: „að þó hann hefði sýnt fram á yfirburði í skilningi þá var hann ekki öðrum æðri“.²⁹

Singer heldur því fram að jöfnuður eigi ekki að vera bundinn við vitsmunastig. Hann skilgreindi tegundarfordóma á eftirfarandi hátt: „viðhorf sem tekur eingöngu mið af hagsmunum eigin tegundar og jafnvel gegn annarri tegund“.³⁰ Singer spyr síðan hvernig það geti staðist að maðurinn, sem æðsta vitsmunaveran megi hagnýta sér, að geðþótta, sér lægra settar vitsmunaverur um leið og hann hafni því að hann hagnýti sér lífverur eigin tegundar á sama hátt og hann telur sér heimilt með sér lægra settar lífverur. Slíkt leiði af sér ójöfnuð. Singer taldi að hugtakið jöfnuð ætti að rýmka, það ætti líka að ná til dýra.

Þjáning/vitsmundastig er þungamiðjan í kenningu Singer þ.e. hvernig maðurinn tekur sér það vald að mismuna annars vegar sjálfum sér og hins vegar öðrum lægra settum dýrum. Um leið og maðurinn hafnar því að hann þurfi að umbera þjáningu umfram það sem hann hefur ekki stjórn á þá hafnar Singer því að hann hafi heimild til að láta dýr þjást. Singer heldur því fram að þetta leiði af kröfunni um jöfnuð.

Hann bendir jafnframt á, að á þeim tíma er Mary Wollstonecraft gaf út bók sína *Vindication of the Rights of Woman* 1792, þá hafi þeim hugmyndum sem þar koma fram verið tekið sem fjarstæðukenndum. Í bók Wollstonecraft koma fram kröfur um aukin jöfnuð til handa kvenna. Í dag dettur fáum í hug að andmæla þeirri kröfu. „Krafan um jöfnuð á meðal manna er ekki lýsing á hvernig jöfnuður á að vera heldur forskrift hvernig við viljum að komið sé fram við okkur“.³¹

Singer telur að málið snúist um að hagsmunum allra sé jafn mikill gaumur gefinn þó fræðimenn eigi erfitt með að koma sér saman um hvernig beri að orða þetta.³² Þannig tekur Singer sem dæmi að hagsmunir allra barna hljóti að vera að fullorðnir kenni þeim að lesa og hagsmunir dýra í umráðum manna gætu verið þeir að þeim sé séð fyrir mat og aðstöðu sem veitir þeim frelsi til að fullnægja eðlilegum þörfum. Að þessu er vikið sérstaklega í kafla 6 í ritgerðinni.

²⁸ Singer Peter, *Animal liberation*, Pimlico edition, London 1995, kafla 1. bls. 6.

²⁹ Sama heimild, bls. 6.

³⁰ Sama heimild, bls. 6.

³¹ Sama heimild, bls. 5.

³² Sama heimild, bls. 5.

Grundvallaratriðið sé það að tekið sé mið af lágmarkshagsmunum allra lifandi vera og jöfnuður eigi að ríkja í þeim efnum. Singer heldur því fram að flest okkar séu haldin tegundarfordómum og að við leiðum sjaldan hug að því að dýr eigi hagsmuni. Margir haldi því ennþá fram að dýr búi ekki yfir þeim eiginleika að geta þjáðst eins og maðurinn skilgreinir þjáningu. Singer spyr hvort það geti verið rétt að dýr geti skynjað þjáningu. Til að svara því, segir Singer, þurfi maðurinn að velta fyrir sér hvaða eiginleikum dýr búi yfir. Hann bendir á að taugakerfi manna, spendýra og fugla sé líffræðilega líkt. Þá bendir hann á ofurnæmni þessara dýrategunda á ýmsum sviðum og ef vel sé að gáð megi færa rök fyrir því að sum dýr hafi í raun þróaðri skynjun en maðurinn. Það komi fram í lyktarskyni þeirra, heyrn og sjón. Þá sýni dýr oft viðbrögð, sem bendi til þess að þau hafi a.m.k jafn mikla ef ekki meiri skynjunarhæfileika en maðurinn.

2.6 Kenning kirkjunnar o.fl.

Í upphafi skal endirinn skoða. Fljótlega eftir upphaf annars kafla var m.a. vísað til orða Lord Alfred Thompson Denning, sem hélt því fram að tengsl væru á milli trúar, siðferðis og laga. Þannig er því stundum haldið fram að sjá megi tengingu á milli boðskaps trúarinnar, sem einskonar upphafsboðskapar, sem leitt hafi af sér kenningar í siðfræði og óhjákvæmilegt sé að tengja saman lögfræði og siðfræði. Sú umræða hefur aldrei þagnað og nokkuð hefur t.d. borið á henni í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi 2008.

Þetta veitir, að mati höfundar, tilefni til nýrrar nálgunar á því hvort á Íslendingum hvíli annars konar skyldur en eingöngu lagalegar þegar kemur að vernd dýra. Sú spurning vaknar hvort hægt sé að færa rök fyrir því að fyrir hendi sé þekking á þessu sviði, sem við höfum viðurkennt að búa yfir og höfum tekið ákvörðun um að fylgja þó það koma ekki beinlínis fram í verki.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands er um 80% landsmanna skráðir í þjóðkirkjuna, sem er samkvæmt stjórnarskránni ríkiskirkja. Þar af eru um 186. þús. 18 ára og eldri. Trúfrelsi ríkir á Íslandi skv. 63. gr. stjórnarskrárinnar og á Íslandi er viðurkennt frelsi til samninga. Um aðild að skráðu trúfélagi fer samkvæmt 8. gr. laga nr. 108/1999. Barn skal frá fæðingu talið heyra til sama skráða trúfélags og móðir þess samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins. Aðild að Þjóðkirkjunni, fæst samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 78/1997 hvar segir: „Skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráning í

Þjóðskrá veitir aðild að Þjóðkirkjunni“. Innsetningarorð skírnarinnar eða kristniboðsskipunin, er sá kafli úr Mattheusarguðspjalli³³ kallaður þegar foreldrar bera barn sitt til skírnar og þeir lofa að hlýða henni.³⁴ Þar kemur frami: „[...]Og Jesús gekk til þeirra, talaði við þá[...], [...]„skírið þá í nafni föður, sonar og heilags anda og kennið þeim að halda allt það, sem ég hef boðið yður“.

Með skírn, síðar fermingu liggur því fyrir viljayfirlýsing um að halda það sem Jesús Kristur boðaði og starf Þjóðkirkjunnar byggir á. Í fermingunni felst að skilja „ábyrgð mannsins á sköpunarverkinu, umhverfisvernd“³⁵

Í tilskipun um fermingu frá 25. maí 1759 og ennþá er í gildi felst að um sé að ræða sáttmála, sem menn gera og útskýrt hefur verið í hverju felst.³⁶ Sáttmáli merkir samningur og í samningi felst yfirleitt viljayfirlýsing. Sáttmálar og eðli þeirra er ekki nýtt fyrirbrigði fyrir Íslendinga. Þar má nefna Gamla sáttmála sem Íslendingar gerðu við Noregskonung 1262 til að ná friði í landinu.

Hér verða ekki rakin lögmál ritningarinnar í því skyni að útskýra hvaða þekkingu þar er að finna varðandi þá hugsun hvernig mönnum ber að umgangast nánasta umhverfi sitt þar með talin dýr. Sú hugsun og sá boðskapur kemur þar víða fram.

Tilfni er hins vegar til þess að minna á að Þjóðkirkjan, ríkiskirkjan er fulltrúi boðunar fagnaðarerindisins á Íslandi og hún taldi ástæðu til að fjalla sérstaklega um dýravernd 1991. Því má halda fram að skoðun hennar endurspegli vilja meðlima hennar, enda hefur því sem hér fer á eftir aldrei verið mótmælt.

Skoðun Þjóðkirkjunnar, sem hér skiptir máli, kom m.a. fram á 22. kirkjuþingi 1991 í Bústaðakirkju þegar kirkjuþingið samþykkti svohljóðandi tillögu: „Kirkjuþing haldið í Bústaðarkirkju 1991 skorar á umhverfisráðherra, að endurskoðuð lög um dýravernd verði þegar lögð fyrir yfirstandandi þing“.³⁷ Í greinargerð með tillögunni er vísað til helgarkvers þar sem stendur: „Ill meðferð á skepnum beri vott um grimmt og guðlaust hjarta“. Í greinargerðinni segir jafnframt: „að margt megji nefna hér á landi sem sé til mikilla vansæmda fyrir þjóð vora þ.á.m. svokallaður verksmiðjubúskapur[...]“.³⁸ Þá eru stjórnvöld gagnrýnd fyrir almennan seinagang í þessum efnum og að dýraverndarlög (eldri lög nr.21/1957) séu ekki nógu nákvæm.

³³ Kafli 28. 18-20.

³⁴ Þjóðkirkjan, „Skírn“ www.kirkjan.is/truin/skirn

³⁵ Sama heimild, „Ferming“ www.kirkjan.is/ferming/fjolskyldan/namskra-fermingarstarfanna/

³⁶ <http://www.althingi.is/lagas/125a/1759255.html>

³⁷ Gerðir kirkjuþings, 22. kirkjuþing, 1991, 33. mál.

³⁸ Sama heimild.

Með ónákvæmni verður að gera ráð fyrir kirkjan hafi átt við að löggjöfin skv. orðskýringu væri ekki nægilega upplýsandi um inntak sitt. Hinn upplýsandi þáttur kemur hins vegar vel fram lögskýringargögnum eins og síðar verður reifað. Við því er hins vegar ekki að búast að almenningur nálgist slíkan fróðleik og því er afstaða kirkjunnar skiljanleg og réttmæt. Ljóst þykir þó að Þjóðkirkjan, sem samanstendur af stórum hluta þjóðarinnar, taldi samhljóm með því sem hún boðar og dýravernd og það er það sem skiptir máli hér.

Um þetta segir Þjóðkirkjan jafnframt eftirfarandi:

Lífið og tilveran öll er sköpunarverk Guðs. Allt sem Guð skapar er gott og viðheldur lífinu, elur og nærir. Lífið er heilagt og hefur eigið gildi. Guð felur mannum að vera ráðsmaður sköpunarverksins og um leið er hann hluti þess. Þeirri köllun er honum ætlað að sinna af umhyggju og virðingu fyrir því sem lifir og grær. Lotning fyrir höfundu sköpunarverksins leiðir til ábyrgðar gagnvart því lífi og náttúru sem hann skapar. Frammi fyrir hinu sístæða sköpunarverki erum við hvött til að vera samverkamenn Guðs í að skapa betra líf og réttlátari heim.³⁹

„Rót hins góða, hins kristna siðgæðis kemur m.a. fram í fermingunni, orði fagnaðarerindisins o.fl. Í siðgæðinu felst samfélagslegur veruleiki, hvernig við mætum því, sem lífið færir okkur þ.á.m. náttúru og umhverfi“ segir herra Karl Sigurbjörnsson, biskup, í ávarpi, sem er að finna á vef Þjóðkirkjunnar.⁴⁰

Tveir páfar, æðstu menn Kapólsku kirkjunnar, stærstu kristnu kirkjudeildar heims, hafa lýst boðskap hennar í þessum efnum á afgerandi hátt og verður fjallað stuttlega um hann síðasta kafla ritgerðarinnar.

2.7 Samantekt

Að framan hefur verið gefið ágríp af ýmsum kenningum/hugmyndafræði um dýravernd frá því árið 1000. Endað var á því að gera tilraun til að greina einhverja almenna meðvitund á meðal Íslendinga um þetta efni og komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að þekking á sviði dýravelferðar kunni að hafa verið lengi að berast til Íslands og skjóta hér rótum þá er ekki hægt að líta svo á að Íslendingar séu með öllu ómeðvitaðir um skyldur sínar, sem þeir hafa t.d. sjálfviljugir játast undir og takast á hendur með aðild sinni að Þjóðkirkjunni. Þar verður að telja að um sé að ræða samning með a.m.k lágmarks siðferðilegt skuldbindingargildi gagnvart lífi í almennri

³⁹ Trúin og lífið, „stikkorð – umhverfið“, www.tru.is/stikkord/umhverfi

⁴⁰ Þjóðkirkjan, „Hvað er þjóðkirkjan“ www.kirkjan.is/hvad-er-thjodkirkjan

merkingu. Ónefndar eru þá skyldur okkar skv. gildandi rétti eins og hann má túlka í þessu sambandi og verður gert í kaflanum um réttarheimildir.

Með það í huga hvaða almennu þekkingu má telja vera fyrir hendi á Íslandi varðandi hugmyndafræðina um dýravelferð þá telur höfundur mikilvægt að veita stutt ágríp af stöðunni á Íslandi í dag eins og hún blasir við honum.

3 Staða dýraverndarmála á Íslandi undanfarin ár

Með dýraverndarlögum er átt við gildandi lög um dýravernd nr.15/1994 og lög um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 ásamt reglugerðum. Lög þessi hafa sætt gagnrýni fyrir það að vernda ekki nógu mikið það sem flestir eru sammála um að sé kjarni þeirra þ.e. velferð dýra. Í ritgerðinni er því hafnað að lögin séu háð annmörkum og að brýn nauðsyn sé á endurskoðun þeirra eins og nú stendur fyrir dyrum til að markmiðum þeirra megi ná. Því verður haldið fram að miklu fremur megi beina gagnrýni að þætti framkvæmda- og dómsvalds við framkvæmd laganna. Með því er ekki verið að halda fram að lögin sé ekki hægt að bæta, heldur að það sé ekki talið nauðsynlegt í tilviki núgildandi laga svo árangur geti náðst samkvæmt þeim.

Ástæða gagnrýni á gæði laganna hefur yfirleitt átt rætur að rekja til óánægju manna þegar dómur hafa verið upp kveðnir vegna brota á lögunum. Sakborningum hefur oft verið gert að greiða lágur sektir á almennan mælikvarða þegar mat þeirra sem taldir eru búa yfir sérþekkingu hefur verið að alvarleiki brots hafi verið mun meira en refsihæð gefur til kynna.

Refsiheimildir eðlilegar

Engin ástæða er til að gera athugasemdir við refsheimildir í lögunum, refsiramminn hefur hins vegar sjaldan verið nýttur að neinu marki m.t.t. til alvarleika brota en viðurkennt er að refsihæð eigi að lýsa alvarleikastigi afbrota eins og fjallað verður um síðar. Mörg þeirra dómsmála sem koma til umfjöllunar í kafla 5 lýsa atburðarás um mjög slæma meðferð á dýrum. Það vekur t.d. upp þá spurningu hvaða verknaðarlýsingar þurfi til að koma svo til álita komi hjá dómstólum að beita fangelsisrefsingu eins og lög heimila. Geta brot orðið miklu verri en kemur fram í málavaxtalýsingum uppkveðinna dóma? Í þessum kafla verður því leitast við að skýra ýmislegt í þessu samhengi til að varpa ljósi á það sem síðar kemur.

3.1 Ólík sjónarmið

Tvær andstæðar fylkingar rekast gjarnan á þegar kemur að umfjöllun um dýraverndarmálefni. Önnur er sú sem vill að dýr séu fullnýtt í þágu mannsins og hin sú sem vill að dýr séu vernduð frá því álagi, sem þau þurfa að þola af manna völdum. Þá telja margir kröfuna til lífs jafnháa hjá manni og dýrum og það beri að

virða. Augljóslega er engin einföld málamiðlun. Því má þó halda fram að á Íslandi gangi maðurinn freklega en yfirleitt löglega fram á þessu sviði. En þótt margt sé löglegt þá kann það að vera siðlaust.

Á Íslandi eru gagnrýnisraddir í þessum efnum ekki háværar og helgast það eflaust af þeirri gömlu hefð að Íslendingar hafa, lengst af, litið á sig sem þjóðfélag landbúnaðar- og sjávarútvegs þar sem aldrei virðist hafa komið annað til álita en að fullnýta dýraríkið, eins og það er talið þola, sér til lífsviðurværis með takmörkuðu tilliti til þess hvaða aðrir kostir stæðu til boða.

Þeirri spurningu má því varpa fram hvort á að veða þyngra réttur mannsins til nýtingar á dýrum eða réttur dýra til lífs og lífsgæða. Ber manninum að leiða hugann að því þegar kemur að fjöldaframleiðslu dýrafurða í verksmiðjubúskap eins og fjallað er um í 6. kafla? Er til náttúruréttur dýra, sem felur í sér að dýr skuli látin óáreið á svipaðan hátt og maðurinn gerir sjálfur kröfu til t.d. með lögfestingu mannréttindaákvæða.

Færa má fyrir því rök af hverju inntak dýraverndarlaga, dýraverndin, endurspeglast ekki í athöfnum framkvæmda- og dómsvalds en ýmislegt bendir til þess að það hafi ekki skilað sér til þeirra sem um þau eiga að fjalla. Fræðigreinin eða réttarsviðið dýraréttur, erlendis nefnt animal rights, animal welfare, animal ethics, er viðurkennd fræðigrein í mörgum erlendum háskólum en hefur ekki borist á íslenskt háskólastig hvaðan þó dómara og t.d. ákærvald rekur uppruna sinn til. A.m.k hefur hún ekki náð að skjóta niður rótum hér þó einstaka aðilar kunni að hafa ágætis tök á sviðinu. Miðlun þekkingar á þessu sviði á Íslandi hefur ekki staðið til boða. Þegar kennslu í náttúrufræði grunnskóla og kristnum fræðum sleppir má segja að komið sé að blindgötu í skólakerfinu. Mikill fjöldi erlendra fræðimanna á háskólastigi hefur fjallað ítarlega um málefnið í ritum á laga- og heimspekisviði. Með örfáum, en mikilvægum undantekningum, hefur nánast ekkert slíkt framlag komið frá íslenskum fræðimönnum.

Á sama tíma hafa heimspeki, lögfræði, guðfræði, sagnfræði og önnur mikilvæg vísindi og fræðasvið sem tengjast réttindum og velferð dýra ásamt skyldum greinum eins umhverfis og náttúrurétti blómstrað í íslensku háskólasamfélagi. Takmörkuð þekking á þessu sviði þarf því ekki að koma á óvart. Það afsakar þó ekki neitt t.d þegar kemur að dómaframkvæmd. Dómara eiga að dæma lögum samkvæmt og þeim ber að komast að réttlátri og sanngjarnri niðurstöðu. Þá hefur

framkvæmdavaldið þá skyldu að lögum sé framfylgt og m.a. leiða hið sanna og rétta í ljóst. Til þess að slíkt gangi eftir þarf að skilja tilgang og markmið laga.

Gott löggjafarstarf á Íslandi

Almennt má telja árangr Íslendinga í löggjafarstarfi góðan og þeir seilast langt í þeirri viðleitni að bera höfuðið hátt á þessu sviði. Þar má nefna lögfestingu mannréttinda í stjórnarskrá og lögum. Vaxandi skilnings gætir á mikilvægi slíkra réttinda sem hefur breiðst hratt út og með auknum þunga á að þau séu augljós og beri að virða. Það minnir á kenningar John Finnis lögfræðings og heimspekings í bók hans um náttúrurétt, *Natural law and natural rights*, sem Garðar Gíslason, hæstaréttardómari, fjallar um í grein sinni *Náttúruréttur í nýju ljós*.⁴¹

Viðleitni er líka að finna hjá löggjafanum á sviði, umhverfisréttar og náttúruverndar. Náttúruverndarlög hafa verið í gildi síðan 1999 í 1. gr. þeirra segir: „Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land [...]“. Hér er fátt eitt nefnt sem beint eða óbeint tengist viðfangsefni ritgerðarinnar. Sama viðleitni hefur hins vegar ekki átt sér stað á sviði dýraverndar þ.e. í framkvæmd á því sem telja verður að felist í dýraverndarlögum, dýraverndinni sjálfri sem varð tilefni þess sem kafli 3.2 fjallar um.

3.2 Áskorun Dýraverndarráðs til yfirvalda

2007 sá Dýraverndarráð⁴², helsti hagsmunagæsluaðili dýraverndar að lögum, sig knúið til að fjalla um málefni dýraverndar og sendi frá sér eftirfarandi áskorun til stjórnvalda:

Dýraverndarráð skorar á ríkisstjórn Íslands að skipa nefnd **hið fyrsta** sem hafi það hlutverk að kanna ofan í kjölinn hvernig fyrirkomulagi dýraverndar er háttað hér á landi og bera það saman við fyrirkomulag í helstu nágrannalöndum okkar. Nefndin hefði einnig það hlutverk að koma með tillögur til úrbóta með það að markmiði **að öll dýr á Íslandi njóti viðunandi verndar og stjórnskipulagi** verði þannig háttað að framkvæmd dýraverndar verði skilvirk

Áskoruninni fylgdi greinargerð⁴³ þar sem m.a. eftirfarandi kemur fram:

⁴¹ Garðar Gíslason, *Heimspekileg forspjallsvísindi í lagadeild*, Reykjavík 1985.

⁴² Dýraverndarráð starfar samkvæmt 17. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd og hefur það hlutverk að vera Umhverfisstofnun og umhverfisráðherra til ráðgjafar um dýraverndarmál.

⁴³ Úr skjalasafni Umhverfisstofnunar, fundur Dýraverndarráðs 14.03.2007 sbr. 3. tl. dagskrár fundarins.

Eðli málsins samkvæmt liggja aðaláherslur dýraverndar þar sem mest hættu er á að velferð dýra sé misboðið vegna nýtingar- og/eða arðsemissjónarmiða. Að ofangreindu má sjá að reglugerðir varðandi aðbúnað og meðferð búfjártægunda eru ekki settar með stoð í dýraverndarlögum og að meðferð mála er snúa að brotum á aðbúnaðarreglugerðum skuli reka skv. 16. gr. búfjártæga en ekki 18. gr. dýraverndarlaga. Mikilvægt er að öll dýr njóti verndar og að dýraverndarlög séu grunnlög sem ná til allra dýra. Málsmeðferð brotamála verður að vera skýr, óháð dýrategund og eigendum dýranna.

Ljóst er að að baki þessari áskorun liggur m.a. óánægja með það hvernig dómaframkvæmd hefur verið háttað hér á landi ásamt takmarkaðri framgöngu framkvæmdavalds. Áður en þessi áskorun var send til stjórnvalda höfðu margir dómar verið kveðnir upp, sem hlotið höfðu gagnrýni.

Með hliðsjón af framangreindri áskorun er því áhugavert að rannsaka hvort skilaboð af þessu tagi hafi haft áhrif á stjórnvöld. Fljótt á litið virðist svo ekki vera. Tveimur árum eftir að áskorunin barst stjórnvöldum gaf lögreglustjórinn á Eskifirði út ákæru fyrir það sem sérfróðir menn⁴⁴ töldu eitt alvarlegasta brot sem upp hefði komið á lögum um dýravernd og búfjánhald á Íslandi. Var það héraðsdómsmál S-122/2009, gjarnan nefnt Stórhólmálið og reifað verður ítarlega síðar í kaflanum um refsheimildir og dómaframkvæmd. Ákærvald og dómsvald hlutu enn á ný mikla gagnrýni fyrir starfshætti sína í fjölmiðlum⁴⁵, af sveitarstjórn Djúpavogshrepps og fleirum.

Vegna þess máls sá sveitarstjórn Djúpavogshrepps tilefni til að gera svohljóðandi bókun sem hún sendi til sýslumannsins á Eskifirði þar sem málið var rekið:

Þrátt fyrir að náðst hafi fram játning í dómi Héraðsdóms Austurlands í búfjánhaldsmálinu að Stórhól, hefur sveitarstjórn uppi mjög alvarlegar athugasemdir varðandi ótrúlega eftirgjöf ákærvaldsins í málinu, sem skýrist m.a. í að boðin var dómsátt og sektargreiðsla, sem er úr öllum takti við alvarleika brotsins. Sveitarstjórn tekur undir gagnrýni yfirdýralæknisins, Halldórs Runólfssonar og fleiri aðila á saksóknara, að hafa ekki krafist banns við búfjánhaldi að Stórhóli vegna eðli brotsins. Það er því blákalt mat sveitarstjórnar Djúpavogshrepps að dómur þessi sé til skammar þeim er töldu 80.000 kr. hæfilega refsingu fyrir jafn stórtæka og illa meðferð á búfénaði og fyrir liggur.⁴⁶

⁴⁴ Með sérfróðum mönnum er hér verið að vísa t.d. til yfirdýralæknis, dr. Ólafs R. Dýrmondssonar ráðunauts hjá Bændasatökum Íslands og Hákonss Hanssonar héraðsdýralæknis Austfjarðarumdæmis syðra sem var vitni í málinu.

⁴⁵ RÚV, „Alltof vægur dómur“ 17.12.2009, www.ruv.is/frett/alltof-vaegur-domur

⁴⁶ Úr tölvupósti dags. 23. desember 2009, sem Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps sendi sýslumanninum á Eskifirði og höfundur fékk afrit af.

Yfirdýralæknir hefur staðfest þessa gagnrýni sína og í henni felst vanþóknun.⁴⁷ Hið óvenjulega gerðist í framhaldinu að sýslumaðurinn svarar bókuninni. Í svarinu fólst að við refsíákvörðun væri stuðst við niðurstöður úr öðrum héraðsdómum.⁴⁸

Refsirammi dýraverndarlaga og laga um búfjárhald o.fl. hefur aldrei verið nýttur til fulls á Íslandi þrátt fyrir mjög alvarleg brot. Ástæðuna má að hluta til skýra með ofangreindu svari Héraðsdóms Austurlands þó það svar sé að sjálfsögðu ekki algilt svar við spurningunni um hvernig dómaframkvæmd skuli háttað. Í svarinu felst í vissum skilningi almenn lögfræði eins og hún er kennd laganemum á fyrsta ári.

Gagnrýni framangreindra aðila á rætur sínar að rekja til þess að þeir telja að um væga beitingu dómstóla á refsíákvæðum dýraverndarlaga sé að ræða. Við lestur ákvæðanna verður afstaða þeirra skiljanleg enda telja þeir brotin alvarleg í eðli sínu. Dýraverndarlög nr. 15/1994 kveða á um að hámarksrefsing fyrir brot á lögnum sé 2 ára fangelsi sbr. 1. mgr. 19. gr. dvl. Þá má samkvæmt 20. gr. laganna svipta menn með dómi heimild til að hafa dýr í umsjá sinni, versla með þau eða sýsla með þau með öðrum hætti. Samkvæmt 18. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 þá varða brot gegn því ákvæði, reglugerðum og samþykktum sem settar verða samkvæmt þeim sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru. Samkvæmt sama ákvæði þá skal banna búfjáreiganda að eiga eða halda búfé hafi hann gerst sekur um illa meðferð á því.

3.3 Hvenær á refsing að koma til og hvað á að felast í henni

Jónatan Þórmundsson prófessor emeritus við Háskóla Íslands segir í bókaflökki sínum *Afbrot og refsíabyrgð* „að refsing sé ein tegund viðurlaga, sem ríkisvaldið beitir þann, sem sekur hefur reynst um refsivert brot. Hún felur í sér vanþóknun eða fordæmingu samfélagsins og er til þess fallin að valda dómþola þjáningu eða óþægindum“.⁴⁹ Þeir sem gagnrýnt hafa dóma, sem upp hafa verið kveðnir hafa gjarnan haldið því fram að eðli verknaðar komi ekki fram í refsingákvörðunum dómstóla. Eins og áður hefur verið getið þá hefur refsihæð vegna brota á lögnum um dýravernd hingað til verið lág miðað við refsiramman þrátt fyrir að á almennan mælikvarða geti sum brot vart orðið mikið verri en málavextir lýsa. Málavaxtalýsingar

⁴⁷ Samkvæmt símtali höfundar við yfirdýralækni 15. nóvember 2010.

⁴⁸ Sbr. afrit úr tölvupósti dags. 28. desember 2009 frá Helga Jenssyni sýslumanninum á Eskifirði til Bjarna Hafþórs Guðmundssonar sveitarstjóra Djúpavogshrepps.

⁴⁹ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*, Reykjavík 2005, bls. 16.

þar sem eðli verknaðar er lýst, er að finna víða í dómum eins og gert verður ítarlega grein fyrir í kaflanum um refsheimildir og dómarframkvæmd . Eina slíka, í dæmaskyni, má finna í orðum sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu í dómi hrd. 81/1975 dagsettum 30. mars. 1973:

Sem leikmaður skoðaði ég fjósið og gripina, og verð að segja, að mjög væri sá maður glámskyggn á þrifnaðarhætti, útlit og líðan dýra, sem ekki hefði, án aðstoðar sérfræðinga, séð, að flest dýrin voru kvalin af vanfóðrun, sum jafnvel hreinlega af hor, og nokkrir nautgripir voru illa brunnir á kviði af þvagi.

Dómurinn var kveðinn upp í gildistíð eldri dýraverndarlaga nr. 21/1957. Málarekstur stóð frá 1962 eða í um 11 ár. Lýsing sýslumannsins er lítið dæmi af samhljóða málavaxtalýsingum vitna þ.á.m dýralækna í málinu. Krafist var refsingar og sviptingu heimildar til að hafa dýr framvegis.

Refsheimildina var að finna í 18. gr. dýraverndarlaga nr. 21/1957 sem kvað á um sektir eða varðhald allt að 1 ári ef um stórfellt brot var að ræða þá mátti beita allt að 2 ára fangelsisrefsingu.

Niðurstaða Hæstaréttar var að sakborningur skyldi sektaður um 30.000 krónur og sviptur heimild til að hafa nautgripi og sauðfé í umráðum sínum í 5 ár frá dómsuppkvaðningu. Kröfu ákærvaldsins um að hann yrði sviptur heimild til að hafa hesta, sem voru hluta af búfénaði hans, var hafnað sökum skorts á sönnunum að hann hefði farið illa með slík dýr.

3.4 Samantekt

Að framan hafa verið tekin nokkur dæmi s.l. rúmlega 40 ára til að gefa lauslega mynd af því sem við blasir í dýraverndarmálum Íslandi. Þá var gerð var tilraun til að skýra hvað í hugtakinu refsing felst skv. viðurkenndum skilningi. Þá voru leiddar líkur að því með dæmum að ekki væri óvarlegt að halda því fram að eðli brota endurspegladist ekki í tilgreindum dómum. En er það almennt svo? Því verður betri gaumur gefinn í kafla 5 um refsheimildir og dómaframkvæmdir.

Við fyrstu sýn og m.t.t. þessa lauslega ágrips af réttarsviðinu undanfarin ár virðist sem framfarir í dýravernd hér hafa verið litlar og ef einhverjar, gerast í smáum skrefum þar sem jafnvel má greina tvö skref til baka þar til hið þriðja er stigið fram á við að nýju. Erfitt er að greina þar jákvæð áhrif vegna dugnaðar framkvæmda- og dómsvalds að túlka löginn dýrunum í hag. Þá virðist löggjafinn í seinni tíð hafa verið

hægfara og áhugalítill á þessu sviði undanfarin ár þó hann hafi í upphafi verið áhugasamur og taktviss, eins og koma mun fram í næsta kafla. Framfarir virðast miklu fremur reka uppruna sinn til þrýstings úr öðrum áttum t.d. röddum úr röðum dýraverndarsamtaka eða vegna gagrýni fjölmiðla sem hafa vakið máls á atburðum líðandi stundar á þessu sviði.

Því má jafnframt spyrja hvort dýr, sem eiga að njóta verndar laga séu hluti af réttarríkinu Ísland en almennt er það viðukennt að lög séu hluti þess mikilvæga hugtaks innan lögfræðinnar. Að því er aðeins hægt að komast með rannsókn á íslenskum réttarheimildum og hvernig hugsun löggjafans hefur þróast í þeim efnum. Gefur löggjöfin það ótvírætt til kynna að dýrum beri að veita meiri vernd en þau hafa notið og má halda því fram að refsheimildir hafi verið vannýttar t.d. í þeim tilgangi að hafa fælniáhrif. Til þess að komast að því þarf að rannsaka hvað felst í íslenskum réttarheimildum og verður það viðfangsefni næsta kafla.

4 Dýraverndarlöggjöfin á Íslandi

4.1 Sögulegt yfirlit

Tvær réttarheimildir eru, sem fyrr segir, meginréttarheimildir á Íslandi á sviði dýraverndarmála og verða þær þungamiðjan í umfjölluninni hér á eftir. Það eru lög um dýravernd nr. 15/1994 og lög um búfjárhald nr.103/2002 auk ýmissa reglugerða. Bæði lögin rekja uppruna sinn eldri laga um sama efni.

Í þeim tilgangi að rannsaka hvert inntak löggjafar um dýravernd er, er nauðsynlegt að líta til baka til og finna upphafspunkt þegar löggjöfin í dýravernd fer að taka einhverja markvissa stefnu. Slík rannsókn getur útskýrt hvert löggjafinn hefur í gegnum tíðina viljað stefna.

Réttarsaga getur þannig verið á meðal mikilvægustu viðfangsefna lögfræðinnar ef gildandi réttur útskýrir ekki nægjanlega vel að hverju er stefnt. Eldri réttur og lögskýringargögn hans getur þannig hjálpað við að útskýra yngri rétt ef markmiðin eru þau sömu. Að mati höfundar á þetta við í réttarsögu dýraverndar.

Þá má ekki útiloka aðrar skráðar heimildir. Skipulögð skráning sögu dýraverndunar á Íslandi hefur ekki verið framkvæmd og því er engin ítarleg saga til um þetta málefnasvið. Samkvæmt sögu Íslands þá höfðu landnámsmenn með sér búfénað og hunda⁵⁰ enda ljóst að slíkt var óhjákvæmilegt til að draga fram lífbjörgina á nýjum slóðum. Þannig má segja að dýravernd hafi óbeint hafist hér á landi við landnám þó erfitt sé að halda því fram í nútíma skilningi þess hugtaks að hún hafi beinlínis verið grundvölluð á dýraverndarsjónarmiðum dagsins í dag. Landnámsmenn og þeir sem á eftir fylgdu neyddust í raun til að huga að velferð dýra sinna. Búfénaður var bjargvættur þeirra í ýmsum skilningi. Ýmsir annálar greina þó frá miklum harðindum og falli búfénaðs. Umráðamenn þurftu því, að hafa hver sinn hátt á, við að viðhalda bústofni sínum auk þess sem náttúruöflin réðu oft för og léku bændur og búalið ósjaldan grátt.

⁵⁰ *The Iceland Dog 874-1956*, Kalifornía 1956.

4.2 Fyrsta réttarheimildin 1869

Ekki er fjallað um dýravernd í lagasafni þjóðveldisins, Grágás⁵¹, né í lögbók Íslendinga, Jónsbók⁵² frá 1281 á þann hátt sem gert er í fyrstu réttarheimildinni um eiginlega dýravernd frá 1869. Fyrri heimildir t.d. búnaðarbálkur Jónsbókar⁵³ miðuðu að því að verja eignarrétt manna á dýrum.

Fyrsta réttarheimildin um vernd dýra var 299. gr. hegningarlaganna frá 1869. Hún hljóðaði svo: „Hver, sem verður brotlegur í þrælslegri misþyrmingu á skepnum, einkum húsdýrum, eða annarri grimmilegri og miskunnarlausri meðferð á þeim, skal sæta sektum allt að 100 rd. eða einföldu, fangelsi allt að 4 mánuðum“.

Um hegningarlögin almennt urðu nokkrar umræður. Ýmislegt áhugavert kom fram í umræðum á Alþingi um frumvarpið og má þar t.d. nefna orð Jóns Hjaltalín⁵⁴: „Lög þarf að skilja. Það er erfitt á fá allt fullkomið, og mun sannast skapmælið forna, að sá sem ætlar að gjöra einhvern hlut fullkominn, hann reynir að gjöra það sem enginn hefur gjört og aldrei verður gjört. Ég held að ekki þurfi lögfræði til þess að finna hvað er rétt er og rangt, það er skrifað í brjóst manna“.⁵⁵ Þessi ummæli eru sannarlega athyglisverð í ljósi síðari tíma umræðu um tilgang og markmið dýraverndarlaga því mönnum greinir ennþá á um þetta. Fleiri réttmætar athugasemdir komu fram við frumvarpið. Halldór Kr. Friðriksson⁵⁶ sagði: „Setningar eru víða óskiljanlegar og svo óíslenskulegar, sem framast má og verða“.⁵⁷ Með hliðsjón af orðalagi dýraverndarákvæðis frumvarpsins þá má taka undir þetta að nokkru. Orðalag ákvæðisins býður upp á vandmeðfarna og matskennda túlkun.

Þó Íslendingar hafi ekki stigið sitt fyrsta skref í dýraverndarlöggjöf fyrr en 1869 er talið að Englendingar hafi orðið fyrstir til í Evrópu eða árið 1635 þegar þeir bönnuðu að tengja mætti tagl hesta við plóga, sem notaðir voru til að plægja akra.⁵⁸ Þannig virðist líða drjúgur tíma frá því að löggjöf um dýravernd fer að dreifast í Evrópu.

⁵¹ Grágás, *Lagasafn íslenska þjóðveldisins*, Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mördur Árnason sáu um útgáfu, Reykjavík 1992.

⁵² *Jónsbók, lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. Öld en fyrst prentuð árið 1578*, Már Jónsson sá um útgáfu. Reykjavík 2004.

⁵³ Sama heimild, bls. 182-184.

⁵⁴ Alþingismaður 1859-1881.

⁵⁵ Tíðindi frá Alþingi 1867 bls. 630.

⁵⁶ Alþingismaður Reykvíkinga 1855-1864 (vpm. 1855 og 1857), 1869-1885 og 1892-1893, kgk. alþm. 1865-1867. Varaforseti Sp. 1877 og 1885.

⁵⁷ Tíðindi frá Alþingi 1867 bls. 662

⁵⁸ Beirne Piers, *Law, criminology, and human-animal relationship*, Plymouth 2009, bls. 11.

Áhrif dýraverndarsamtaka

Eftir gildistöku ákvæðis hegningarlaganna, sem átti rót sína að rekja frá Danakonungi fór af stað einhvern vakning á Íslandi. Að öðrum ólöstuðum má telja Tryggva Gunnarsson á meðal upphafsmanna hennar. Hann stóð fyrir markvissum áróðri fyrir auknum réttindum dýra og miðlaði þekkingu. Tryggvi gaf um árabíl út Dýravinninn, sem var tímarit tileinkað dýravernd. Í 1. tölublaði Dýravinnarins 1887 skrifar Tryggvi:

- Í útlöndum er nú á tímum, er almennt farið betur með dýr en á Íslandi. Því veldur þrennt.
1. að löggjöfin er strangari gegn illri meðferð á skepnum og harðara gengið eptir, af lögæzluvaldinu, að lögunum sje hlýtt, heldur en ennþá á sjer stað á Íslandi.
 2. að dýraverndarfjelög hafa víða myndast, sem án afláts brýna fyrir mönnum að þeir eigi að sýna dýrunum vægð og mannúð.
 3. að almenningsálitið hefir snúist á móti misþyrming dýra, það lítilsvirðir þann sem fer illa með skepnur, og álitur þann búskussa og trassa, sem hefir horaðar og illa útlítandi skepnur í þjónustu sinni, því hagsmunir hans liggji í því, að eiga feitar og þriflega skepnur en skaðinn í því, þegar þær eru margar.

Tryggvi lauk þessu innleggi sínu með þeirri skoðun sinni að hann teldi að allt þrennt þyrfti að innleiða sem fyrst á Íslandi. Var það gert? Ef svo var, hvernig tókst það?

Annar mikilvægur þáttur í sögu dýraverndar á Íslandi hófst síðan með útgáfu Dýraverndarans en það var nýtt málagn þeirra, sem annað var um dýravernd á Íslandi. Fyrsta tölublað Dýraverndarans kom út 1915 eftir að útgáfa Dýravinnarins hafði legið niðri um skeið. Dýraverndarinn var framlag fyrsta dýraverndarfélag Íslands og það mun hafa verið vegna þrýstings frá þeim að fyrsta rammalöggjöfin um dýravernd leit dagsins ljós síðar.

4.3 Löggjafarstarf í þágu dýra frá 1900

Á meðal fyrstu laga sem kváðu óbeint á um dýravernd voru lög nr. 7/1900 gjarnan nefnd horfelliðslögin. Þau áttu að tryggja að bændur ættu ávallt nægilegt fóður fyrir búpening sinn en urðu að sumra mati „[...]dauður og gagnslaus bókstafur[...]“⁵⁹ „af því þeim var en var ekki hlýtt“.⁶⁰

Löggjöf um útflutning hrossa var samþykkt af Alþingi 1907 í því skyni að tryggja betri meðferð þarfasta þjónsins, hestsins. Jón Þórarinnsson⁶¹ var alþingismaður og kunnur athafnamaður sem ritstýrði m.a. Dýraverndaranum um skeið. Hann skrifaði grein í Dýraverndarann sem fjallaði um lögin um útflutning hrossa. Þar sagði hann: „Lögin

⁵⁹ Dýraverndarinn, *Sveitaneindir til eftirlits með meðferð á skepnum*, Dýraverndarinn, annar árgagnur, 3. tb. 1916, bls. 35.

⁶⁰ Sama heimild bls. 35.

⁶¹ Jón Þórarinnsson var m.a. alþingismaður Gullbringu- og Kjósarsýslu 1886-1900.

voru góð og hafa verið bætt síðan og reglugerðin er góð. En þeim greinum laganna og reglugerðarinnar, sem verulegustu réttarbæturnar eru fólgnar í, er ekki hlýtt. Hvað vantar? Það vantar duglegri löggæslu⁶². Nefnir Jón nokkur dæmi, máli sínu til stuðnings og vísar jafnframt til þess að svokölluð horfellislög, sem Alþingi hafði sett nokkru áður til að tryggja sauðfé húsaskjól og vetrafóður hafi ekki komið í veg fyrir horfelli (fall búfénaðs). Eftirliti var ábótavant að mati Jóns.⁶³

Hér er getið eins þess, sem oft hefur verið talinn kjarni málsins í allri dýravernd á Íslandi sem er að þáttur framkvæmdavaldsins í dýraverndarmálum og oft hefur þótt einkennast af linkind.

Lög um forðagæslu voru samþykkt 11. september 1913 og mörkuðu nokkur tímamót í sögu dýraverndunar á Íslandi. Í framhaldsnefndaráliti með frumvarpinu segir m.a. „Oss, sem höfum til meðferðar frumvarp til laga um hallærisvarnir, hefir verið ljóst frá upphafi, að lög nr.7/1900 um horfelli í skepnum⁶⁴ o.fl., þurfa mikilla umbóta í mörgum greinum“.⁶⁵ Í nefndaráliti með frumvarpinu er þess sérstaklega getið að gæslumenn hafi samkvæmt þágildandi lögum ekki geta látið til sín taka sökum skorts á þvingunarvaldi gildandi laga, margir virði fyrirmæli þeirra lítið, sér til stórtjóns og skepnunum til mikillar kvalar.⁶⁶

Nefndin gerir það síðan að tillögu sinni að úr þessu verði bætt. Eftir umræður í efri og neðri deild þingsins kom það aftur til umfjöllunar nefndarinnar, sem mælti eindregið með því að það yrði samþykkt um leið og hún gerði grein fyrir helstu nýmælum þess. Þau voru að forðagæslumenn voru nú skipaðir til lengri tíma en áður þannig að reynsla þeirra myndi nýtast lengur. Eftirlitsferðum á bú landsins var fjölgað þannig að forðagæslumennirnir fengju betri mynd af þróun búskaparháttá og gætu því gefið leiðbeiningar í tæka tíð. Að endingu voru reglur um skyldur þeirra, sem komust í fóðurþröng haganlegri en áður. Var þá tekið tillit til þess hvort bændur kusu að afla sér meira fóðurs eða skera niður bústofn sinn m.t.t. þess fóðurmagns sem þeir gátu aflað.⁶⁷ Með lögnum er óhægt að segja að hafi verið lagður grunnur að nýjum hugsunarhætti í löggjöf um dýravernd a.m.k gagnvart búfénaði, en lögin áttu einungis við um þau samkvæmt 1. gr. laganna.

⁶² Jón Þórarinsson, „Útflutningur hrossa“, *Dýraverndarinn* 1916, annar árgangur, 1916, bls. 6.

⁶³ Sama heimild.

⁶⁴ Lögin hétu því nafni áður.

⁶⁵ Alþingistíðindi 1913, þskj. 423, bls. 873.

⁶⁶ Sama heimild.

⁶⁷ Alþingistíðindi 1913, þskj. 617, bls. 1208.

Sama ár og Alþingi samþykkti lögin um forðagæslu var stigið annað mikilvægt skref að mati þess tíma manna, með setningu laga til verndunar æðarfugls. Mikilvægið fólst í því að eigendur æðarfuglslanda höfðu af landi sínu miklar tekjur. Æðarfuglinn var að mati þeirra nefndar, sem fjallaði um frumvarpið ein arðmesta og skemmtilegasta atvinnugrein landsins sem að hennar mati gæti átt þátt í efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Nefndin taldi að löggjafanum væri skylt að hlúa að slíkum atvinnurekstri.⁶⁸ Á það féllst Alþingi og tóku lög um friðun æðarfugla gildi 3. september 1913.⁶⁹ Í fyrstu grein þeirra er m.a. lagt bann við æðarfuglsdrápi af ásettu ráði og var farið með brot á lögunum að hætta opinberra mála.⁷⁰ Af ummælum nefndarinnar má ráða að landsmenn voru þegar farnir að gera sér grein fyrir að efnahagsleg sjónarmið bæri að vernda með lögum en of mikil eggjataka var talin hafa valdið því að hætta var á að æðarfugli sem landsmenn höfðu tekjur af var stofnað í hættu. Þetta minnir nokkuð á þau sjónarmið sem í dag eru höfð að leiðarljósi með lögum um stjórn fiskveiða.

4.4 Fyrstu rammalögin um dýravernd á Íslandi 1915

1915 telst til merkari ára í sögu dýraverndar hér á landi. Það ár lögðu Sveinn Björnsson og Jón Magnússon fram fyrsta frumvarpið til laga um vernd dýra og hljóðaði fyrsta greinin svo:

Sá sem misþyrmir skepnum eða gerir sig sekan um illa meðferð á þeim með því, að ofbjóða þoli þeirra, með vanhírðu eða á annan hátt, skal sæta sektum frá 10-100 króna, eða einföldu fangelsi, ef miklar eru sakir.⁷¹

Með frumvarpinu átti að fella úr gildi 299. gr. þágildandi hegningarlaga frá 25. júní 1869. En spyrja má hvað fólst í orðalagi þessa nýja ákvæðis í samanburði við það ákvæði sem var í gildi og getið var hér að framan.

Með samanburði á ákvæðunum má ráða að 299. gr. er einkum beint að húsdýrum⁷², ákvæðið útilokar þó ekki að það nái líka til annarra dýra. Löggjafarviljann í tilviki laganna frá 1915 má þó að nokkru lesa úr lögskýringargögnum en þeim var ekki til að dreifa í tilviki 299. gr. hegningarlaganna. Í lögunum frá 1915 er notað hugtakið

⁶⁸ Alþingistíðindi 1913, þskj. 83, bls. 324.

⁶⁹ Alþingistíðindi 1913, þskj. 693, bls. 1369.

⁷⁰ Sama heimild.

⁷¹ Alþingistíðindi 1915, þskj. 146, bls. 342.

⁷² „Á árum áður var orðið peningur aðallega notað yfir húsdýr eins og kýr, hesta og kindur“
Upplýsingar af H<http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=24370>H. Sótt 9.12.2010.

skepnr yfir þau dýr sem lögin ná yfir. Umræður um frumvarpið á Alþingi skýra, að mati höfundar, nokkuð á hvaða leið löggjafinn var með hinum nýju lögum. Flutningsmaður frumvarpsins, Sveinn Björnsson, sagði á fundi neðri deildar 30. júlí 1915 „að frumvarpið væri til komið samkvæmt tilmælum Dýraverndarfélagssins“. Þar á Sveinn við fyrsta dýraverndarfélagið, sem stofnað var á Íslandi 1914. Sveinn reifar það í ræðu sinni að hann telji orðalagi 299. gr. hegningarlaga þannig hátt að varnaðaráhrif þess sé nánast engin. Hann telur að brotamaður megi ganga alltof langt í illri meðferð sinni á skepnum áður en hann telst brotlegur. Þannig heldur Sveinn áfram og segir: „Hygg jeg, að ekki þurfi mörg orð um þetta, því að öllum ætti að vera það ljóst, að þetta lagaákvæði, sem til er og tryggja á góða og mannúlega meðferð á dýrunum, er alls kostar ófullnægjandi“.⁷³ Í sama streng tekur Bjarni Jónsson í umræðunum er hann segir: „Mannúðleg meðferð á skepnum varðar ekki frekar bændur þessa lands en aðra, því að öllum ætti að vera það sjálfsgöð skylda að gjöra sitt ýtrasta til þess, að skepnunum líði sem best“.⁷⁴ Frumvarpið var síðan samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum og afgreitt sem lög um dýravernd nr. 34/1915.⁷⁵

Samkvæmt þeim lögskýringargögnum, sem fyrir liggja fer því vart á milli mála að löggjafarviljinn stefndi í þá átt að skerpa á þeim sjónarmiðum sem að baki dýravernd skyldi liggja þ.e. að ný lög skyldu ná til dýra almennt og að varnaðaráhrif þeirra yrðu aukin með tilraun til að draga ný mörk um það hvað flokkaðist undir illa meðferð á dýrum.

Á 37. löggjafarþinginu 1925 flutti Magnús Jónsson viðauka við lög nr. 34/1915.

1.gr. Við 1. gr. lagaanna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: Nú telur lögreglustjóri, að brotið sje gegn ákvæðum þessarar greinar, og getur hann þá gert ráðstafanir til þess að hindra hina illu meðferð, og sje maður dæmdur sekur um brot gegn þessari grein, en heldur þó áfram að gengnum dómi verknaði þeim, sem hann er dæmdur fyrir, skal lögreglustjóri, jafnvel þótt dómnum sje áfrýjað, svipta hann umráðum þeirrar skepnu, sem hinn dæmdi misgerði við, láta hjúkra henni á hans kostnað, eða taka hana af lífi, ef eigi er talið fært að ala hana, - Allan hjer að lútandi kostnað má taka lögtaki.⁷⁶

Skv. greinargerðinni var frumvarpið flutt að frumkvæði Dýraverndarfélags Íslands. Andi ákvæðisins er, samkvæmt lögskýringargögnum, sá að koma megi skepnum undan illgjörðamönnum og þar með stytta þjáningartíma þeirra. Í greinargerðinni er

⁷³ Alþingistíðindi, B-deild, 1915, bls. 878.

⁷⁴ Sama heimild, bls. 879.

⁷⁵ Alþingistíðindi A-deild, 1915, þskj. 658, bls. 1083,.

⁷⁶ Alþingistíðindi A-deild, 1915, þskj. 144, bls. 321

svo sagt frá að ágreiningur hafi komið upp á meðal lögfræðinga hvort lögreglustjóra væri heimilt, án dóms, að svipta þann, sem sekur er talinn um brot á 1. gr. laganna frá 1915, umráðum þeirrar skepnu, sem hann hafði misgert við, og um það hvort sá, sem dæmdur hefur verið, en skotið máli sínu til æðra dóms, verði sviptur umráðum yfir skepnunni áður en endanlegur dómur félli. Þannig gat slíkur ágreiningur leitt til óvissu um framkvæmd dýraverndarlaga og dýrin, sem löggin áttu að vernda nutu hennar ekki í raun.⁷⁷

Það vekur nokkra undrun að framangreint hafi orðið tilefni til ágreinings á meðal lögmannna þess tíma því hvergi er í 1. gr. laganna frá 1915 að finna heimild framkvæmdavaldsins til inngripa af því tagi, sem lýst er í greinargerðinni og mönnum greindi á um. Við lestur umræðna á Alþingi um málið kemur þó í ljós að framkvæmd löggjafarinnar hefur verið mjög misjöfn. Magnús Jónsson taldi t.d. að tilgangur laganna frá 1915 hafi verið sá að lögreglunni væri heimilt, að fenginni kæru, greiðslu sektar og samþykki eigenda dýranna að svipta mönnum umráðarétti yfir dýrum sem máttu þola illa meðferð og þannig hafi löggin verið skilin og framkvæmd í Reykjavík. Framkvæmdin var því endanlega háð samþykki dýraeigandans að sögn Magnúsar.⁷⁸ Klemens Jónsson andmælti því að lögreglustjóra væru fengnar svo víðtækar valdheimildir að hægt væri án dóms og laga að svipta mönnum umráðarétti yfir dýrum vegna illrar meðferðar.⁷⁹ Efni frumvarpsins virðist hafa verið þess eðlis að menn treystu sér ekki til að ljúka málinu og varð það ekki útrætt á þinginu né næstu á eftir. Drjúgur tími leið þangað til frekari breytinga var að vænta á löggjöf um dýravernd.

4.5 Ný dýraverndarlög 1957

Eftir gildistöku laganna frá 1915 virðist hafa ríkt friður um þau, því næstu skref voru ekki stigin fyrr en með lögunum frá 1957 og svo aftur með núgildandi lögum frá 1994. Segja má að sjónarmið samúðar og siðgæðis hafi ríkt á Alþingi með lögunum frá 1915 en sjónarmið samúðar, siðgæðis og fræðimennsku að baki lögunum frá 1957.

⁷⁸ Alþingistíðindi, B-deild, 1925, bls. 1059.

⁷⁹ Sama heimild, bls. 1059.

Með tilkomu laganna frá 1957 má greina vendipunkt í lögfræðilegum skilningi á framlagi til réttarsviðsins.

1955 var einum af virtustu lagaprófessorum Íslands, Ármanni Snævarr falið af þáverandi menntamálaráðherra Bjarna Benediktssyni að semja frumvarp að nýjum lögum um dýravernd.⁸⁰ Í umræðum á Alþingi kemur fram, af hálfu þess menntamálaráðherra, sem tekið hafði við af Bjarna, Gylfa Þ. Gíslasyni að meginhvatinn að baki samningu hins nýja frumvarps hafi verið kröfur almennings til aukinnar dýraverndar.⁸¹

Ármannt samdi, að mati höfundar, mjög ítarlega og eins og vænta mátti af honum, fræðandi greinargerð um efni og tilgang frumvarpsins. M.ö.o vandað lögskýringargagn og um leið markaði hann ný spor í hugsunina dýravernd.

Ármannt sækir hugmyndir sínar að frumvarpinu í norsku og dönsku dýraverndarlögin frá 1951, sænsku dýraverndarlaganna frá 1944 og þeirra sem í gildi voru í Þýskalandi.

Fyrsta niðurstaða Ármanns er sú að þörf sé á að skýra í hvað felist í illri meðferð á dýrum. Sú viðleitni hans er aðdáunarverð því ennþá greinir mönnum á um hvað í þessu felst. Þá leggur Ármannt áherslu á boðákvæði í lögnum, þ.e. hann vill virkja athafnaskylduna gagnvart dýrum með reglum um viðhlítandi ummönnun og aðbúnað. Hann leggur áherslu á að í lögnum sé ákvæði, sem kveður á um heimild til sviptingar leyfis til dýrahalds ef brotið er á dýraverndarlögum. Ármannt reifar að erfitt geti reynst að ná einu höfuðmarkmiði laganna þ.e. að skýrlega komi fram í lögnum hvað felist í illri meðferð á dýrum, þau atriði verði matskennd á borðum dómara. Til að leysa það, á sem farsælastan hátt, leggur Ármannt áherslu á að dómara leiti áhlits sérfræðinga og bendir á dýralækna í því sambandi, enda í raun ekki um aðra sérfræðinga að ræða á þessum tíma.

Í greinargerð með frumvarpinu gerir Ármannt hugtakið réttarvörsluaðili að umtalsefni. M.ö.o leggur Ármannt áherslu á að dýrin eignist talsmann/menn. Kemst hann að þeirri niðurstöðu að líklega sé árangursríkast að fela lögreglustjórum það hlutverk þ.e. að þeir geti skyldað aðila að bæta úr því sem þeir telja ábótavant. Þá vill frumvarpshöfundur ákvæði, sem heimilar umráðasviptingu hafi aðili gerst sekur um brot á 18.gr. frumvarpsins sem hljóðaði svo:

⁸⁰ Alþingistíðindi 1956, þskj. 10, bls.147.

⁸¹ Sama heimild, bls. 1131.

Brot á lögum þessum eða á reglum eða reglugerð, sem sett eru með stoð í þeim varðar sektum allt að 10 þús. kr. eða varðhaldi allt að 1 ári. Ef brot er stórfellt eða ítrekað, má beita fangelsisrefsingu allt að 2 árum⁸²

Að lokum fjallar Ármann um mikilsvert atriði, sem var og er dýraverndunarsinum t.d. mjög hugleikið og það er hvaða hagsmuni sé í raun verið að vernda með dýraverndarlögum. Hann bendir réttilega á að áður fyrr hafi það einkum verið eignaréttur manna sem hafi verið undir verndarvæng laganna vegna illrar meðferðar á dýrum, miklu fremur en sú afstaða að dýr séu tilfinningarverur, sem upplifa sársauka og að það sé það sem ætti í raun að vernda. Ármann fjallar síðan um afstöðu fræðimanna⁸³ er hann ritar „[...]menn benda nú á að lagavernd sú sem fólgin sé í dýraverndarlöggjöf, sé veitt vegna dýranna sjálfra - hér sé verið að vernda líf og heilsu dýranna og lagaþróunin stefni óðfluga að veita a.m.k. þeim dýrum, sem standa í nánustu tengslum við menn, lagavernd, að því er líf og heilsu varðar“.⁸⁴

Að endingu stígur Ármann mikið heillaspor að mati höfundar er hann segir: „Frumvarpi þessu eru ætlað að ná til allra dýra [...]“ þó hann geti þess jafnframt að önnur meðferð eigi við um villta refi, rottur og önnur meindýr en húsdýr en grundvallaratriðið sé að ekki megi selja mönnum sjálfðæmi um umgengni við meindýra, heldur verði þar einnig að gæta vissra lágmarkskrafna.⁸⁵

Niðurstöðu Ármanns má draga saman á eftirfarandi hátt. Hann telur að þess megi vænta að þróunin í dýraverndarmálum stefni í „[...] aukna samúð með skepnum og auknum kröfum um góðan aðbúnað að dýrum [...]“⁸⁶. Hann leit svo á að breyting á viðhorfum manna geri það æskilegt, „[...] að auknar séu kröfur til forráðamanna dýra um bætt atlæti við dýr og til alls almennings um siðlega umgengnishætti við dýr“.⁸⁷ Það verður ekki annað sagt um hinn ágæta Ármann en hann hafi verið framsýnn lögspekingur ef tekið er mið af þeirri umræðu um dýravelferð sem á sér stað þegar þessi ritgerð er í smíðum. Engar snarpar umræður áttu sér stað um frumvarpið á Alþingi, fáir tóku til máls en þeir sem fjölluðu um málið lýstu yfir ánægju sinni með efni þess og var það að lokum samþykkt og afgreitt sem lög frá Alþingi nr. 21/1957.⁸⁸

⁸² Sama heimild, bls. 150.

⁸³ Líklega er Ármann að vísa í erlenda fræðimenn, sem höfðu mikið fjallað um þetta efni.

⁸⁴ Alþingistíðindi 1956, þskj. 10, bls. 157-158.

⁸⁵ Sama heimild, bls. 158.

⁸⁶ Sama heimild, bls. 147

⁸⁷ Sama heimild, bls. 147

⁸⁸ Alþingistíðindi 1956, þskj. 415, bls. 1147.

Greinargerð með frumvarpinu lýsir mikilli rannsóknarvinnu en umfram allt gerir Ármann vandlega grein fyrir þeim sjónarmiðum sem liggja að baki lögnum. Það er skoðun höfundar að kjarni þeirrar hugsunar sem ætti að felast í dýraverndarlöggjöf komi fyrst fram í frumvarpi Ármanns og að efnislega hafi litlu verið bætt við þá hugsun með gildandi lögum.

4.6 Kröfur um mannúðlegar aðferðir við hvalveiðar

Einhver vakning átti sér stað á Íslandi í framhaldi af gildistöku laga nr. 21/1957 því áratug síðar beinir Samband dýraverndarfélaganna því til sjávarútvegsmálaráðuneytisins að láta endurskoða lög nr. 26/1949 um hvalveiðar.

Um var að ræða tillögu að nýju ákvæði er kvað á um að notaðar yrðu mannúðlegar aðferðir við deyðingu hvala er reknir væru á land. Nokkrar umræður urðu um málið í efri og neðri deild Alþingis og voru þingmenn almennt sammála um að breytinga væri þörf. Vísuðu nokkrir til eigin reynslu af áhorfi slíkra veiða og töldu deyðingaraðferðina í senn ógeðfellda og ekki mannsæmandi. Guðlaugur Gíslason orðaði það svo við aðra umræðu frumvarpsins: „Þetta er einhver sú ógeðslegasta aðferð, sem ég hef nokkurn tíma séð við að aflífa nokkurt dýr [...]“⁸⁹ og var Guðlaugur þarna að vísa til reynslu sinnar þegar grindhvalir voru reknir á land í Vestmannaeyjum. Frumvarpið var að endingu samþykkt sem lög frá Alþingi. Farin var málamiðlun. Kröfu Sambands dýraverndarfélaganna var ekki mætt að fullu en bætt var ákvæði í dýraverndarlögin um efnið. 2. mál. þess hljóðaði svo: „[...]Við rekstur hvala skal nota eins mannúðlegar aðferðir og unnt er[...]“.⁹⁰

Spyrja hvort í þessari málamiðlun hafi falist dulið skref til baka af hálfu löggjafans og hvort um minnkandi áhuga hans hafi verið að ræða að leggja sjónarmiðum um vernd dýra lið í löggjöf. Vísbendingar eru um það eins og kemur fram í kafla 4.7.

Hér að framan hefur verið reynt að varpa ljósi á réttarsöguleg atriði, sem höfundur telur skipti máli varðandi við skýringu á tilgangi og markmiðum gildandi dýraverndarlaga og koma að hans mati ekki fram í þeim né lögskýringargögnum með þeim.

⁸⁹ Alþingistíðindi 1967, 433. frumvarp til laga 152. mál, bls. 996.

⁹⁰ Sama heimild, bls. 996.

4.7 Ný lög um dýravernd nr. 15/1994

Sigríður Ásgeirsdóttir hdl., sem nú er látin, en hún var fyrrverandi formaður Sambands dýraverndarfélagss Íslands⁹¹ og fulltrúi þeirra í dýrverndarráði skv. eldri lögum, ritaði full af bjartsýni og góðum vonum grein í Morgunblaðið 20. júlí 1994. Tilefnið var að 1. júlí sama ár höfðu tekið gildi nógildandi lög um dýravernd, nr. 15/1994. Í lokaorðum greinar sinnar segir Sigríður: „[...] óhætt er að fullyrða að bylting hefir orðið á sviði lagasetningar um dýravernd og hverskonar meðferð allra dýra með ofangreindum lagasetningum“.⁹²

Hvort um byltingu hafi verið að ræða eins og Sigríður vill meina má hafa skiptar skoðanir því nú 16 árum síðar sæta lögin en á ný endurskoðun.

Í ritstjórnargrein í Morgunblaðinu 28. október s.l. sem ber titilinn „Dýravernd í molum?“ og undirtitilinn „Það verður að setja aukinn kraft í samtök um dýravernd, það sýna gömul dæmi og ný“ bendir höfundur á að flestum sé hugtakið mannréttindi kunnugt en hann heldur því um leið fram að málleysingjarnir, sem hann nefnir svo, eigi líka sinn rétt. Staða manneskjunnar sé slík að það setji henni skyldur á herðar að gæta réttar dýranna. Þessi hugsun greinarhöfundar er ekki ný af nálinni eins og þegar hefur verið bent á en hana verður að telja nýlundu í fjölmiðli á Íslandi.

2. apríl 2008 gaf umhverfisráðherra út skipunarbréf⁹³ fimm manna nefndar, sem á að sjá um endurskoðun gildandi dýraverndarlaga. Í skipunarbréfinu segir: „að gert sé ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir 1. maí 2009“. Samkvæmt upplýsingum frá yfirdýralækni gerir nefndin ekki ráð fyrir að senda frumvarpið til umsagnaraðili fyrr en á fyrsta ársfjórðungi 2011.⁹⁴ Af þessu má sjá að ennþá dregst að bæta úr í þessum efnum.

Ljóst er þó að meðferð dýra hefur tekið jákvæð skref fram á við með almennari og aukinni þekkingu einkum á sviðið gæludýrahalts og stóraukinni þjónustu dýralækna undanfarin ár.

⁹¹ Í dag nefnist þetta Dýraverndarsamband Íslands og var breytt skömmu eftir að lög nr. 15/1994 tóku gildi skv. uppl. frá núverandi formanni Ólafi Dýrmundssyni 9.12.2010.

⁹² Sigríður Ásgeirsdóttir, „Ný dýraverndarlög“, *Morgunblaðið*, 20.7.1994.

[Hwww.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=147095](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=147095)H, sótt 3.11.2010

⁹³ Skipunarbréf úr skjalasafni Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, tilvísun: UMH07120097/0207-14

⁹⁴ Samkvæmt samtali við Halldór Runólfsson yfirdýralæknir, 15. nóvember 2010.

Aðdragandi laganna

Upphaf endurskoðunar gildandi laga, sem voru samþykkt 1994 má rekja til ársins 1974 en það ár fól þáverandi menntamálaráðherra svonefndri dýraverndarnefnd að endurskoða lög nr. 21/1957. Þetta kemur fram í athugasemdum með frumvarpi til dýraverndunarlaga sem lagt var fyrir alþingi á 117. löggjafarþinginu.⁹⁵

Miklar tafir urðu á þeirri endurskoðun. Það var ekki fyrr en 1981 að meiri- og minnihluti dýraverndarnefndar skiluðu hvor sínu frumvarpi ásamt greinargerðum.⁹⁶ Hvorugt frumvarpanna var lagt fram á Alþingi. 1983 var málið sett í gang að nýju af ráðherra og nýrri dýraverndarnefnd falið að fjalla um fyrrgreind tvö frumvörp. Aftur liðu tvö, nýtt frumvarp var aldrei lagt fram á Alþingi.⁹⁷ Málið var tekið upp að nýju 1991 af þáverandi menntamálaráðherra Eiði Guðnasyni, sem skipaði nefnd til að endurskoða frumvarp til laga um dýravernd.⁹⁸

Á 117. löggjafarþinginu árið 1993 komst loksins skriður á málið en þá mælti þáverandi umhverfisráðherra Össur Skarphéðinsson fyrir frumvarpi til laga um dýravernd. Aðdragandi þess var áður nefnd ákvörðun Eiðs Guðnasonar um skipun nefndar til endurskoðunar laga um dýravernd. Þannig liðu tuttugu ár frá því að hugmyndinni um að endurskoða lög frá 1957 var hrundið af stað þangað til núgildandi lög tóku gildi 1. júlí 1994. Hálf mannsævi leið því á milli gildandi laga og þeirra á undan.

4.7.1 Inntak og markið laganna

Til þess að átta sig á inntaki gildandi dýraverndarlaga og að hverju var stefnt með þeim er nauðsynlegt að hafa tvennt í huga. Annarsvegar að í athugasemdum með frumvarpinu er fátt sagt um tilgang og markmið laganna og hinsvegar virðist sem ekki hafi verið ætlunin að breyta þeim atriðum frá eldri lögum. Það kemur fram í athugasemdunum sjálfum þar sem segir: „[...]að helstu breytingarnar sem frumvarpið geri ráð fyrir varði stjórn og skipulag og eftirlit með framkvæmd

⁹⁵ Frumvarp til laga um dýravernd, þskj. 72, 69. mál. Vefútgáfa Alþingis, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/117/s/0072.html>

⁹⁶ Frumvarp til laga um dýravernd, þskj. 344, 221. mál. Vefútgáfa Alþingis, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/115/s/0344.html>

⁹⁷ Sama heimild.

⁹⁸ Sama heimild

dýraverndarmála“.⁹⁹ Fjallað verður sérstaklega um þessa tvo þætti hér á eftir, þ.e. hverju var ætlað að ná fram með nýjum dýraverndarlögum sérstaklega. Áður en það verður gert er mikilvægt að skilgreina hvað átt er við með hugtakinu dýravernd að skv. núgildandi lögum enda er það titill laganna.

Nánast engar vísbendingar eru um það í gildandi lögum hvaða merkingu dýrverndarhugtakið hefur og raunar vekur það undrun hversu knappur sá texti er. Fyrirmælin eru þessi skv. 2. gr. dvl. „Skytt er að fara vel með öll dýr. Óheimilt er að hrekkja dýr eða meiða. Forðast skal að ofbjóða kröftum þeirra og poli“ Rýrar skýringar eru á því hvað átt er við með þessu og þær einu er að finna í athugasemdum við 2. gr. laganna hvar segir: „[...] augljóslega ber að fara vel með öll dýr og forða þeim frá vanlíðan“.

Til þess að skilja þá hugsun hvernig löggjafinn ætlaðist til að metið yrði hvernig komast ætti að niðurstöðu um hvort inntak núgildandi laga hefði verið brotið er engin önnur leið til en að horfa til baka enda ekkert fram komið hjá löggjafanum, sem ætla má að hafi átt að breyta þeirri hugsun, sem lögð til grundvallar með lögunum frá 1957. Réttarsögulega leiðin til skýringar á þessu verður því valinn enda verða ýmsar gildandi réttarreglur ekki skýrðar til hlítar, nema söguleg vitneskja komi til fulltingis.¹⁰⁰

Verður því leitað til baka í brunn Ármanns Snævarr með eldri lögunum enda var ekki fjallað um þennan þátt hér á undan. Meginniðurstaða Ármanns er ekki flókin þegar að því kemur að því að meta hvað felist í því hvaða meðferð á dýrum sé ill og óhæfilegt þ.e. hvað felist í hugtakinu dýravernd. Ármann telur að hér sé um matskennt atriði sem dómara hafa að lokum úrslitaorð um. Ekki er hægt að skilja orð Ármanns öðruvísi en að hann telji að þekking þurfi að koma til enda lítur hann svo á að dómurum sé rétt að leita álits dýralækna og dýraverndarnefnda og/eða að héraðsdómari kveddi til kunnáttumenn til samdómendastarfa í sökum, ef mat væri sérstaklega vandasamt. Þessu ráða dómara sjálfir á lægra dómstigi. Hæstiréttur Íslands er fjölskipaður dómstóll en með því engin trygging fengin að meiri þekkingar gæti á öllum réttarsviðum. Réttarsvið sem koma sjaldan til umfjöllunar hjá dómstólum njóta því ekki þeirrar þróunar sem önnur svið réttarins sem fá með tíðari umfjöllun hæstaréttar. Eina skylduverk dómara er að færa mál sitt í búning rökstuðnings. Hann er jafnvel ekki alltaf skiljanlegur eins og dæmi hafa sýnt fram á. Í þessu sambandi má

⁹⁹ Frumvarp til laga um dýravernd, þskj. 72, 69. mál, vefútgáfa Alþingis

[Hwww.althingi.is/altext/117/s/0072.html](http://www.althingi.is/altext/117/s/0072.html)H, sótt 10.12.2010

¹⁰⁰ Sigurður Línal, *Réttarsögubættir*, Reykjavík 2003, bls.8.

nefna að talið er að margvísleg atriði og lífsviðhorf geti haft áhrif á niðurstöðu dómstóla eins of Richard A. Posner hefur færð rök fyrir í bók sinni *How judges think*.¹⁰¹ Þannig getur dómari látið umdeilda niðurstöðu líta vel út á prenti.

Að þessu sögðu telur höfundur ritgerðarinnar að liggja ætti skýrar fyrir en áður hvaða aðferðarfræði lögskýringargögn mælast til að sé beitt þegar komast á að því hvort dýraverndarhugtakið hafi verið brotið. Þekking á þörfum dýra er þar lykilatriði. Réttavernd dýra er háð því að þekking sé fyrir hendi bæði hjá handhöfum framkvæmda- og dómsvalds. Um það er eftirfarandi að segja. Jafnvel þó beitt sé góðum vilja við að lesa sjónarmið sem miða að dýravernd úr niðurstöðum dómsmála er sá vegur torrataðar og niðurstaðan verður yfirleitt sú að um málamiðlun er að ræða. Hagsmunir dýra, lífsgæði þeirra, verða þeim ekki aftur gefin í dómsorði. Hlutverk dómstóla ætti í slíkum tilvikum að vera víti til varnaðar. Af lestri dóma er hins vegar erfitt að komast að þeirri niðurstöðu að fælniáhrifa gæti. M.ö.o þá er lítið sem ekkert að óttast fyrir þann, sem fundinn er sekur um brot á lögum um dýravernd annað en saklausa sekt sem sjaldan sviður undan.

Innlegg Ármanns, sem ekki verður skilið öðruvísi en að þeir sem eiga að beita lögum leitist við að nýta sérþekkingu á þessu sviði, hefur að mati höfundar, ekki loðað við íslenskt framkvæmda- og dómsvald eins og síðar verður komið að og sýnt verður fram á með dæmum í kafla fimm um refsheimildir og dómaframkvæmd.

4.7.2 Stjórn og skipulagning, eftirlit með framkvæmd laganna

Í greinargerð frumvarps þess, sem síðar varð að gildandi dýraverndarlögum vakti ráðherra sérstaka athygli á tveimur atriðum, sem hér skipta miklu máli og var með þeim ætlunin að ná fram nýjum markmiðum í stjórn og skipulagningu dýraverndarmála og eftirliti með framkvæmd laganna. Það fólst í eftirfarandi sbr. athugasemdir við lagafrumvarpið¹⁰²:

1. Sett verði á stofn sérstakt dýraverndarráð sem tekur til landsins alls. Ráðið kemur í stað dýraverndarnefndar samkvæmt núgildandi lögum. Hlutverk þess er sambærilegt hlutverki nefndarinnar.

2. Settar verði á stofn dýraverndarnefndir í héruðum landsins til að auka og tryggja eftirlit með framkvæmd laganna. Svæðaskipting tekur mið af skiptingu landsins í umdæmi héraðsdómstóla, sbr. lög nr. 92/1989. Opinberum aðilum er fengið aukið vald til að grípa til aðgerða vegna illrar meðferðar á dýrum.

¹⁰¹ Posner Richard, *How judges think*, London 2008, bls. 19.

¹⁰² Frumvarp til laga um dýravernd, þskj. 72, 69. mál, vefútgáfa Alþingis www.althingi.is/alttext/117/s/0072.html, sótt 10.12.2010.

Auk þessara meginbreytinga eru gerðar ýmsar breytingar á einstökum ákvæðum og þau gerð markvissari en samsvarandi ákvæði gildandi laga. Þá er aukið við mörgum nýjum ákvæðum. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Fyrri atriðið, um dýraverndarráð, náði fram að ganga en hugmyndin um dýraverndarnefndir í héruðum hlaut ekki náð í meðförum þingsins. Það sem telja verður verra er að að vægi dýraverndarráðs er skv. orðalagi núgildandi 2. mgr. og 3. mgr. 17. g. dvl. orðið mun minna en áður. Hlutverk þess er nú að vera umsagnar- og ráðgefandi aðili um stefnumótandi mál, svo sem setningu reglugerða. Ráðherra er ekki bundinn af neinu slíku. Í 17. gr. eldri laga nr. 21/1957 var dýraverndarnefnd hins vegar t.d. skylt að gera tillögur til menntamálaráðherra um allt það er horfið gæti til framdráttar í dýraverndarmálum í landinu. Þá er lagt fyrir nefndina skv. eldri lögnum að beita sér fyrir því að auka þekkingu manna og skilning á dýraverndarmálum. Ekkert af framansögðu úr eldri lögnum er í dag í verkahring dýraverndarráðs skv. lögum. Þannig hefur vægi þeirra minkað.

Seinna atriðið, sem að framan er getið, er eftirlit með framkvæmd dýraverndarmála. Samkvæmt IV kafla dýraverndarlaga nr. 21/1957, sem ber yfirskriftina „Eftirlit með framkvæmd laganna o.fl.“ þá skorti þar heimildir til tafarlausra inngripa af hálfu yfirvalda eins og er í núgildandi lögum. Gildandi réttur er því ótvíræð réttarbót að þessu leiti en í 4. mgr. 18. gr. dvl. segir: „Leiki grunur á að um sé að ræða alvarlegt brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, getur lögregla fyrirvaralaust tekið dýr úr vörslu eiganda eða umsjónarmanns“. Hér hefur lögregla heimild, án fyrirvara, að taka dýr í sína vörslu ef hún metur aðstæður svo. Sú spurning hlýtur hins vegar að vakna hvaða sjónarmið lögregla lætur ráða við mat sitt á því hvað hún telur alvarlegt brot. Ekki getur hún spurt dýrin. Byr lögregla yfir nægilegri þekkingu til að meta þetta? Hefur hún vald á viðfangsefninu?

Heimildin er skv. orðalaginu bundin við ákvörðun lögreglu. Sambærilegt ákvæði er að finna í 3. mgr. 16. gr. laga um búfjárhald o.fl. og fjallað verður um í kafla 4.8.2. Þar er valdheimildin í höndum héraðsdýralæknis og framkvæmdaskyldan samkvæmt fyrir mælum hans hjá lögreglu. Hún er þó bundin við búfé sbr. gildissvið þeirra laga.

Af þessu má ráða, að líklegt er, að dýr, sem falla undir hugtakið búfé eins og það er skilgreint í lögum um búfjárhald o.fl. njóti meiri réttarverndar en önnur dýr. Þessu er hér haldið hér fram þar sem ótryggt hlýtur að teljast að lögregla búi yfir sömu

þekkingu og héraðsdýrlæknar til að meta hvenær aðstæður hafa náð því stigi að verið sé að ógna hagsmunum dýra með illri meðferð. Þá er mikilvægt að hafa í huga að ekki er hægt að útiloka að tengsl geti haft áhrif á ákvörðun lögreglu eða aðra valdhafa, sérstaklega ef um er að ræða fámenn byggðarlög þar sem allir þekkjast. Spyrja má t.d. annars vegar hvort viðbrögð yfirvalda yrðu ólík ef grunur léki á um slæma meðferð starfsmanns lögreglu á dýri í litlu samfélagi og hins vegar ef sambærileg staða kæmi upp þar sem tengsl eru minni t.d. í fjölmennu lögregluumdæmi. Í þessum efnum er ekkert heilagt eins og dæmi sanna t.d. vegna kynferðisafbrotá á Íslandi sem virðast gerast á ólíklegasta vettvangi. Að mögulegum áhrifum tengslamyndunar verður vikið nánar í kafla 6.6.1.

4.8 Lög um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002

Aðdragandann að gildandi rétti um búfjárhald o.fl. má rekja langt aftur í tímann, lengra en réttarsögu dýraverndarlaga. Þá var hann líka nefndur öðrum nöfnum t.d. lög um horfelli á skepnum og lög um forðagæslu. Öll miðuðu þau að því að tryggja bættan aðbúnað og meðferð á búfé.

Lög um búfjárhald á Íslandi eru lög nr. 103/2002 (bfh). Í 1. gr. þeirra er tilgangur og gildissvið skilgreint. Tilgangurinn er að tryggja búfé góðan aðbúnað, fóðrun og hreysti. Hvergi er hins vegar tekið sérstaklega fram í lögunum að skylt sé að fara vel með búfé, hvorki í lögunum né greinargerðinni með þeim. Um skýringu á dýraverndarhugtakinu verður því að fara í 1. og 2. gr. dvl. þar sem kveðið er á um það annars vegar að þau lög taki til allra dýra og hins vegar að skylt sé að fara vel með öll dýr. Við lögskýringu á hugtakinu dýravernd er vísað til fyrri umfjöllunar um innlegg Ármanns Snævars.

Með búfé er átt við alifugla, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín sbr. 2. mgr. 2. gr. bfh. Með aðbúnaði búfjár er átt við umhirðu, húsakost og/eða skjól sbr. 1. tl. 3. gr. bhf.

Í landbúnaði og verksmiðjubúskap, hvar búfjárhald á sér aðalleg stað, felast miklir hagsmunir, sem teygja anga sína víða. Stór hópur Íslendinga byggir lífsafkomu sína á þessari mikilvægu búskapargrein og afleiddum störfum hennar og því getur eitt smávægilegt atvik af manna völdum, þar sem einhver fer út af sporinu, hugsanlega leitt til fjölpættra áhrifa. Óvænt atvik í umhverfinu geta líka markað sín spor sín í

þessa atvinnugrein. Eldgosið Eyjafjallajökli á þessu ári er dæmi um það hvernig hallaði á lífsgæði manna og dýra án þess að lög gætu ráðið við.

Tvö atriði í lögum um búfjárhald skipta mestu máli í þessari umfjöllun. Annað þeirra er aðbúnaðareftirlitið og felur m.a. í sér gæslu á velferð búfjár. Hitt eru þau úrræði, sem fyrir hendi eru, ef lögbundinn aðbúnaður bregst.

4.8.1 Eftirlit með búfjárhaldi

Eftirlit með framkvæmd lagana er á ábyrgð sveitarfélaga sbr. 1. mgr. 10. gr. bfh. og til eftirlitsins á sveitarfélagið að ráða búfjáreftilitsmann. Hann skal hafa a.m.k. búfræðimenntun og hafa sótt námskeið á vegum Bændasamtaka Íslands áður en hann hefur störf. sbr. 2. mgr. 10. gr. bfh. Í þessu felast tvö mikilvæg skilyrði, sem sett eru til þess að búfjáreftilitsmaður teljist hæfur að lögum til verja þá hagsmuni sem lögnum er ætlað standa vörð um, hagsmuni búfjár.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur fært námskeiðshlutann yfir til Matvælastofnunar (MAST). Engar opinberar upplýsingar liggja fyrir hvort þessum tveimur hæfniskilyrðum er fylgt eftir að öðru leiti en því að MAST heldur reglulega námskeið fyrir búfjáreftilitsmenn og á slík námskeið koma eftirlitsmenn, sem þegar hafa verið ráðnir til sveitarfélaga og hafa hafið störf skv. upplýsingum frá Sverri Þór Sverrissyni, sérfræðingi hjá MAST.¹⁰³ Ef þessar upplýsingar eru réttar þá liggur tvennt fyrir. Annars vegar er óljóst hvort búfjáreftilitsmenn uppfylla hæfniskilyrði og hins vegar liggur fyrir að sveitarfélög sinna ekki alltaf áskilnaði laga um að búfjáreftilitsmenn skulu hafa lokið námskeiði á vegum MAST, áður en þeir taka til starfa. Af þessu má draga þá ályktun að mikilvægum áskilnaði um framkvæmd búfjáreftilits, sem lög kveða á um, sé ekki fylgt eftir af viðkomandi aðilum, sveitarfélögum.

4.8.2 Valdheimildir til inngripa vegna ætlaðra brota á lögnum

Hlutverk búfjáreftilitsmanna skv. lögum er eftirlit með ásetningi búfjár, aðbúnaði, fóðrun og beit auk annarra verkefna, sem þeim eru falin sbr. IV. kafla laganna. Búfjáreftilitsmenn hafa engar valdheimildir til beinna aðgerða er varðar dýravernd t.d. vörslusviptingarheimild búfjár hjá umráðamönnum ef þeir meta það svo að

¹⁰³ Upplýsingar voru veittar í símtali við Sverri 11.11. 2010.

aðbúnaði eða öðru sé ábótavant. Slíka heimild hafa eingöngu héraðsdýralæknar og ber lögreglu að taka búfé úr vörslu umráðamanna krefjist héraðsdýralæknir þess skv. 3 mgr. 16. gr. bfh. Þessa heimild nýta héraðsdýralæknar sér skv. upplýsingum frá Sverri Þór Sverrissyni, sérfræðingi hjá MAST.¹⁰⁴ Í þeim tilgangi að rannsaka hversu meðvitaðir héraðsdýralæknar eru um þessa mikilvægu heimild sendi höfundur þeim öllum tölvupóst skv. póstfangaskrá MAST.¹⁰⁵ Sent var til fjórtán héraðsdýralækna og spurt var hvort þeir hefðu nýtt sér þessa heimild. Óskað var eftir svarinu já eða nei. Svör bárust frá 8 og staðfestu 7 að þeir hefðu nýtt sér hana, sumir oftár en einu sinni. Önnur úrræði laga um búfjárhald til að ná fram markmiðum þeirra, ef grunur leikur á að dýraverndarsjónarmiðum hafi ekki verið fylgt af umráðamanni er að finna í 15.gr. og 16. gr. bfh. og einkennast, að frátaldri 3. mgr. 16. gr. bfh., af meðalhófsreglu stjórnáráðs um að ganga ekki lengra en þörf krefur til að ná lögmæltu markmiði. Ákvæðin bera þess ekki merki að vera dýravæn heldur einkennast þau miklu fremur af því að vernda rétt umráðamanna.

Þannig hefur búfjäreftirlitsmaður skv. 15. gr. bfh. engar valdheimildir til beinna inngripa. Aðeins héraðsdýralæknir hefur slíka heimild skv. 16. gr. bfh. Samkvæmt vægari úrræðum 16. gr. bfh. geta þannig liðið allt að 17 sólarhringar frá því inngríp héraðsdýralæknis hefst vegna vanfóðrunar eða harðýðgi, þar til endanlegt mat héraðsdýralæknis má í fyrsta lagi fara fram. Hvað felst í harðýðgi er hvergi skilgreint í lögnum né greinargerð með þeim. Þetta er því matskennt atriði. Ef athugasemdir héraðsdýralæknis lúta aðeins að aðbúnaði þá verða að líða 31 sólarhringur þar til meta má af héraðsdýralækni hvort fyrirmæli hans hafi leitt til úrbóta. Hér inn í er ekki talinn sá tími, sem það tekur að fá dómsúrskurð ef fara þarf inn í gripahús og/eða beitolönd gegn neitun umráðamanna heldur einungis tíminn sem má líða skv. lögum ef 3. mgr. 16. gr. er ekki nýtt. Þangað til áhrifa dýraverndar fer að gæta getur því liðið drjúg stund ef ekki er tafarlaust beitt ýtrustu heimildum.

Raunin er sú að óviðunandi ástand varir stundum miklu lengur en framangreindir tímafrestir. Það kemur fram í málavaxtalýsingum dóma hæstaréttar og fjallað verður um í fimmta kafla. Yfirleitt er ástæðan langvarandi umburðalyndi eftirlitsaðila. Verst er þó vitneskjan um það hversu illa af leið umráðamenn dýranna virðast stundum

¹⁰⁴ Sama heimild.

¹⁰⁵ [Hhttp://mast.is/heradsdyralaeknar](http://mast.is/heradsdyralaeknar)H , sótt á netið 17.11.2010.

villast og þannig valda ómældri þjáningu hjá þeim sem lögin eiga að vernda, dýrunum, eins og dæmi sanna.

4.9 Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Sama dag og gildandi lög um dýravernd tóku gildi, 1. júlí 1994, tóku gildi lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994. Ætlun löggjafans virðist einkum hafa verið sú, að heimila friðun ákveðinna tegunda dýra, heimila veiðar vissra tegunda vegna tjónahættu af þeim og að gæta hagsmuna veiðimanna, sem veiða dýr sér til fæðuöflunar. Áhrifa laganna á Íslandi gætir ekki mikið í samanburði við aðra skylda löggjöf og efni þeirra er í raun utan marka viðfangsefnis þessarar ritgerðar. Það verður hins vegar ekki hjá því komist að geta þeirra hér stuttlega, enda hluti af þeirri löggjöf, sem er til endurskoðunar vegna heildarendurskoðunar á lögum um dýravernd almennt og ætlað er að steypa saman í ein lög ásamt lögum um búfjárhald o.fl.

Um markmið og gildissvið laganna segir í 2. gr. þeirra: „Markmið laga þessara er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annarri nýtingu dýra, svo og aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda“.

Í athugasemdum í greinargerð um 2. gr. segir:

Markmið laganna er að skapa grundvöll þess að maðurinn geti lifað í landinu í sátt við villt dýralíf þess. Auk þess að vera friðunarlög taka lögin til atriða sem valdið geta árekstrum við hagsmuni mannsins, sem og nytja af villtum dýrum

Um lögin segir svo í athugasemdum við lagafrumvarpið:

Hvað frumvarpið í heild varðar er fyrst og fremst áberandi breyting á almennri afstöðu til villtra spendýra. Fyrri lög hafa byggt á nokkru virðingarleysi gagnvart tilverurétti þeirra og miðað að eyðingu þeirra eða útrýmingu að hreindýrum og selum undanskildum. Hér er sú grundvallarafstaða tekin að öll villt dýr, önnur en mýs, rottur og minkar, skuli njóta verndar og að veiðar séu í raun aðeins heimilar til nytja ef viðkomandi stofn er talinn þola veiðar eða til þess að koma í veg fyrir tjón. Þetta fyrirkomulag er í samræmi við þá staðreynd að í tímans rás breytist staða einstakra stofna í vistkerfinu, þekking og afstaða manna til villtra dýra og nytja af þeim¹⁰⁶

¹⁰⁶ Frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum, þskj. 223, 201. mál.Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: [Hhttp://www.althingi.is/altext/117/s/0223.html](http://www.althingi.is/altext/117/s/0223.html)H. Sótt 10.12.2010

Spyrja má hvað felist í þeirri sátt, sem frá er greint í greinargerð og haldið er fram að náðst á milli manns og dýralífs. Einnig má spyrja hvaðan frumvarpshöfundar hafa upplýsingar um breytta almenna afstöðu á tilverurétti villtra spendýra og þá hvað felist í því. Ekkert af þessu er stutt neinum rökum. Lagaritunina telur höfundur vitnisburð um löggjöf sem hefði mátt vanda betur til. Hún er ekki í samræmi við kröfur, sem ríkisvaldið gerir til lagasetningar í dag.¹⁰⁷ Vísað er til þess í athugasemdum við lagafrumvarpið að tími hafi verið naumur til lagaritunar af þeirri ástæðu að umhverfisráðherra vildi leggja frumvarpið fyrir 113. löggjafarþing til samræmingar á löggjöf á þessu sviði.¹⁰⁸ Ekki er hægt að fallast á að samræmingarsjónarmið ráðherra eigi að veða þyngra en gæði laga.

4.10 Skuldbindingar Íslands í dýravernd vegna ESS samningsins o.fl.

Með lögum nr. 2/1993, lög um Evrópska efnahagsvæðið tók Ísland á sig þá skuldbindingu að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins (ESB) í íslensk lög að svo miklu leyti sem við á sbr. 3. gr. laganna. „EES rétt er m.ö.o. skylt að taka upp í landslög í þeim mæli sem nægir til þess að hann öðlist sambærileg áhrif að þessu leyti og bandalagslög“.¹⁰⁹ Þetta gerist í formi tilskipana sem koma frá ESB. Fyrsta dýraverndarlöggjöf ESB leit dagsins ljós 1974 og byggði hún á fimmfrelsinu svokallaða, five freedoms¹¹⁰ sbr. yfirlýsingu EFTA sem vísað er í, í neðanmálsgrein.¹¹¹ Í því felst:

1. Frelsi til aðgangs að neysluvatni og næringu til viðhalds góðri heilsu.
2. Frelsi til aðgangs að skjóli og hvíldaraðstöðu.
3. Frelsi frá þjáningu, meiðslum og sjúkdómum.
4. Athafnafrelsi.
5. Frelsi til að vera í því umhverfi sem er best þekkt fyrir hverja dýrategund.

Aðalmarkmið ESB á þessu sviði er að tryggja að dýr þurfi ekki að þola ástæðulausa þjáningu og sú skylda er lögð á eigendur/umráðamanna að virða lágmarksréttindi dýra.¹¹² Stefna sambandsins, Community action plan, er nú í endurskoðun og er

¹⁰⁷ *Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa*, Forætisráðuneytið, Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, skrifstofa Alþingis, Reykjavík 2007.

¹⁰⁸ Frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum, þskj. 223, 201. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altxt/117/s/0223.html> H. Sótt 10.12.2010

¹⁰⁹ Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagsvæðið*, Reykjavík 2000, bls. 168

¹¹⁰ http://ec.europa.eu/food/animal/welfare/farm/index_en.htm

¹¹¹ <http://www.eftasurv.int/internal-market-affairs/areas-of-confedence/food-safety/animal-health-and-welfare/>

¹¹² Sama heimild.

niðurstöðu um breyttar og nýjar áherslur að vænta í desember á þessu ári.¹¹³ Í tengslum við þá endurskoðun hefur ESB gefið út kynningarefni þar sem það skilgreinir mat sambandsins á hvað það telur æskilega búskaparhætti, með dýravelferð í huga, þar sem magnframleiðsla dýraafurða á sér stað.¹¹⁴ Sú umfjöllun tengist beint viðfangsefni sjötta kafla þessarar ritgerðar þar sem fjallað er verksmiðjubúskap og dýravernd.

Nýjasta áhersla ESB á þessu sviði er sú að sambandið viðurkennir að dýr séu skyni gæddar lífverur (sentient beings).¹¹⁵ Sú áhersla er stórt skref fyrir dýravernd, sem ætti jafnframt að taka með fyrirvara enda getur langur tími liðið frá hugmynd til framkvæmdar. Það minnti Páll Skúlason, prófessor í heimspeki, á 19. október s.l. í viðtalsþættinum Návígi á RÚV. Hann taldi að helsti þröskuldur framfara á Íslandi væru stjórnsmál.¹¹⁶ Árangur er ekki unninn með orðunum einum.

Stefna ESB virðist vera fremur almenns eðlis varðandi viðfangsefni þessarar ritgerðar og áhrifa stefnunnar í íslenskri löggjöf virðist lítið gæta m.t.t. fyrrnefndra markmiða. Þau koma heldur fram ekki í þeirri löggjöf sem þegar hefur verið gerð grein fyrir né þeim aðbúnaðarreglugerðum sem koma til umfjöllunar síðar. Ísland á nú í viðræðum við Evrópusambandið um hugsanlega aðild að því. Hvort ástæða sé til að ætla að nánari tengsl Íslands við Evrópusambandið leiði til mikilvægra breytinga á þessu sviði er ekki tímabært að fjalla um, slíkt verður tíminn að leiða í ljós.

¹¹³ http://ec.europa.eu/food/animal/welfare/actionplan/actionplan_en.htm

¹¹⁴ [http://www.animalwelfare-education.eu/conference/videos.html?tx_bddbflvvideogallery_pi1\[video\]=0&tx_bddbflvvideogallery_pi1\[autoplay\]=1](http://www.animalwelfare-education.eu/conference/videos.html?tx_bddbflvvideogallery_pi1[video]=0&tx_bddbflvvideogallery_pi1[autoplay]=1)

¹¹⁵ http://ec.europa.eu/food/animal/index_en.htm

¹¹⁶ <http://dagskra.ruv.is/sjonvarpid/4565268/2010/10/19/H>, sótt á netið 16. Nóvember 2010

5 Refsiheimildir og dómaframkvæmd í dýraverndarmálum

5.1 Inngangur

Eins og venja er í íslenskri lögfræði þá verður litið til dóma Hæstaréttar Íslands í þessu verki. Farið verður í dóma, sem ná lengra aftur í tímann en gildandi lög eða allt til þess tíma er lög nr. 21/1957 voru enn í gildi. Það er gert í þeim tilgangi að rannsaka hvort breytinga gæti hjá dómstólum í gegnum tíðina í viðhorfum gagnvart brotum á þessu réttarsviði. Í slíkri yfirferð er jafnframt áhugavert að rannsaka hvernig dómstólar hafa beitt lögnum m.t.t. þeirra sjónarmiða sem koma fram í lögum og lögskýringargögnum. Þá verður athyglinni beint sérstaklega að refsíákvörðunum málanna.

Dómsmál í málum vegna brota á dýraverndarlögum og brota á lögum um búfjárhald o.fl. eru ekki mörg. Löggjöf um dýravernd og lög um búfjárhald o.fl. er mjög matskennd og dómara settir í það erfiða hlutverk að komast að þeirri niðurstöðu, sem lögfræðin gerir kröfu til, að niðurstaðan sé í anda laganna, hún sé sanngjörn, réttlát og hallkvæm. Við matskenndar aðstæður má búast við því að dómstólar gangi skemur en ella í vafatilvikum. Þá má ekki útiloka að slæm meðferð á dýrum særi tilfinningar dómara misjafnlega mikið og það endurspeglar í niðurstöðum þeirra. Ef ólík viðhorf til dýraverndar rekast á í fjölskipuðum dómstól má búast við málamiðlunum.¹¹⁷ Ef um einsetinn dómstól er að ræða þá er hugsanlegt að slíkt hafi þau áhrif að lög verði of eða vantúlkuð, erfitt geti reynst að finna hinn gullna meðalveg. Að mati höfundar eru dýraverndarlög þó oftast vantúlkuð, þ.e. gengið er miklu skemmra en tilefni virðist til einkum varðandi refsíheimildir.

5.2 Hugtakið afbrot og refsíheimildir dýraverndarlaga

Um skilgreiningu á afbroti segir Jónatan Þórmundsson „að það sé hver sú háttsemi, athöfn eða athafnaleysi, sem refsing liggur við samkvæmt refsíheimildum, sem gildandi eru taldar á hverjum tíma“.¹¹⁸ Þannig heldur Jónatan því fram „að bein athafnaleysisbrot skipti meira máli í sérrefsilöggjöfinni en í almennum hegningarlögum“.¹¹⁹

¹¹⁷ Posner, *How judges think*, bls. 29.

¹¹⁸ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíábyrgð I*, Reykjavík 1999, bls.21.

¹¹⁹ Sama heimild, bls.17.

Það eru slíkar tegundir afbrota, sem telja verður að algengt sé að eigi við í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir. Þetta sérstaka vægi athafnaleysisbrota í sérrefsilöggjöf virðist þó ekki endurspeglast í dómaframkvæmd eins og koma mun fram.

Refsiheimildir vegna brota á lögum um dýravernd og búfjárhald o.fl. eru eftirfarandi.

19. gr. dýraverndarlaga:

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum eða [fangelsi allt að einu ári].¹⁾ Ef brot er **stórfellt** eða ítrekað getur það varðað fangelsi allt að tveimur árum. Hlutdeild í brotum og tilraun til brota á lögum þessum er refsiverð.

20. gr. dýraverndarlaga:

Hafi maður gerst sekur um **stórfellt** eða ítrekað brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, má svipta hann með dómi heimild til að hafa dýr í umsjá sinni, versla með þau eða sýsla með þau með öðrum hætti. Heimildarsvipting getur lotið að dýrum almennt eða einstökum tegundum og staðið tiltekið tímabil eða ævilangt. Heimildarsviptingu má beita gagnvart ósakhæfum manni. Ákærvaldið getur haft uppi kröfu um heimildarsviptingu í opinberu máli hvort sem krafist er refsingar á hendur sakborningi eða ekki. Sá sem sviptur er heimild samkvæmt þessari málsgrein og skeytir ekki dómi um heimildarsviptingu skal sæta sektum.

18. gr. laga um búfjárhald o.fl.:

„Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum og samþykktum, sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi, **ef miklar sakir eru**. Hafi búfjäreigandi gerst sekur um **illa meðferð** á búfé skal honum bannað að eiga eða halda búfé“.

Höfundur telur ekki glannalegt að álykta að fyrrgreint orðalag ákvæðanna geti sett hvaða dómara sem er í vissan vanda þegar kemur að því að fylgja meginreglunum um að sambærileg mál skuli hljóta sambærilega úrlausn, jafnræðis skuli gætt á milli brotamanna og að dómvenja¹²⁰ skuli ráða för. Athugasemdir við refsíákvæði dýraverndarlaga skýra þau ekki. Það sama á við um 18. gr. laga um búfjárhald. Það má ætla að það sé erfitt mat að komast að niðurstöðu hvort brot hafi verið framið samkvæmt verknaðarlýsingu í ákæru og þeim gögnum sem fyrir liggja um málsatvik. Það hlýtur t.d. að vera vandasamt verk að meta hvort og þá hvenær brot telst stórfellt á þessu sviði.

Höfundur hefur viðað að sér öllum helstu dómum, sem kveðnir hafa verið upp undanfarin ár hjá héraðsdómstólum og Hæstarétti Íslands og mun þá taka þá, sem vakið hafa sérstaka athygli hans til umfjöllunar. Ýmsar spurningar vakna um nýtingu

¹²⁰ Sigurður Línal, *Lög og lögræði*, Reykjavík 2002, bls. 169.

refsiramma laganna. Sú spurning er þó áhugaverðust hvaða verknaðarlýsingar löggjafinn hafði í huga við beitingu refsheimilda. Þar sem þeirri spurningu er ekki svarað af löggjafanum þá verður að vísa þeirri spurningu yfir til dómstólanna en dæma má sakborning í allt að tveggja ára fangelsi samkvæmt lögunum. Eins og koma mun í ljós eftir reifun dómanna þá vaknar sú spurning, hvers eðlis verknaður þarf að vera, til þess að refsiramminn sé fullnýttur. Verknaðarlýsingar sumra mála lýsa mikilli þolraun brotþola og höfund bæði skortir hugmyndaflug og hann hefur lítinn áhuga á að ímynda sér aðstæður sem gætu leitt til þyngstu leyfilegrar refsingar.

Upphafsstefið hér verður síðasti dómurinn, sem kveðinn var upp á þessu réttarsviði. Það er dómur hæstaréttar hrd. 70/1998 og eru því liðinn 12 ár frá því að Hæstiréttur Íslands kom síðast að þessum málaflokki. Að lokinni umfjöllun um hann verða nokkrir aðrir dómar reifaðir. Að lokum verður fjallað um eitt af umdeildari málum á þessu sviði sem er jafnframt nýjasta málið, um 12 mánaða gamalt.

5.3 Dómur hæstaréttar hrd. 70/1998

Upphaf þessa máls má rekja til ákæru á hendur Ó gefin út af lögreglustjóranum í Reykjavík 25. nóvember 1997. Ákæran í tvíþætt og er það sá hluti hennar, sem lítur að brotum á dýraverndarlögum, sem hér skiptir máli. Í honum er ákærði borinn sökum um:

að hafa með árás á konuna D í stigagangi við íbúð hennar sbr. I lið ákæru, náð af henni smáhundi, tekið um háls hans, slegið hann margsinnis með krepptum hnefa í höfuðið. Ákærði á síðan að hafa fært hundinn¹²¹ inn í íbúð sína, stigið þar margsinnis ofan á hann, hengt lykkju á hálsól hans á hurðarhún með þeim afleiðingum, að hundurinn kafnaði og drapst. Við krufning kom í ljós að hundurinn hafði hlotið miklar blæðingar undir skinni á enni, miklar blæðingar yfir heilahimnu báðum megin í heilabúi og aftur með höfuðbeini og höfðu áverkar þessir valdið meðvitundarleysi hans.

Í ákæru segir að þetta teljist varða við 2. gr. og 1. mgr. 14. gr. sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um dýravernd nr. 15/1994 og 1. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Ákæruvaldið krafðist refsingar yfir ákærða og sviptingu heimildar til að hafa dýr í umsjón sinni, sbr. 20. gr. dýraverndarlaga. Ákærði neitaði sakargiftum og kannaðist ekki við að hafa brotið nein lög um dýravernd. Niðurstaða héraðsdóms var á þá leið

¹²¹ Í dóminum nefnt tík.

„að sannað þætti með framburði ákærða sjálfs að hann hefði beitt valdi við að taka umræddan hund af eiganda sínum“.

Héraðsdómur kemst að þeirri niðurstöðu að ákærði hafi gerst sekur um brot á þeim ákvæðum, sem háttarni hans er talið varða við í ákæru og rökstyður það með eftirfarandi hætti: „Að sannað sé, með krufningaskýrslu dýralækna, að dánarorsök hundsins hafi verið köfnun, sem samræmist því að hann hafi hangið í ól á hurðarhúninum innan dyra hjá ákærða, þegar að var komið“.

Þá leggur héraðsdómari það til grundvallar niðurstöðu sinni: „að ákærði hafi viðurkennt að hafa stigið nokkrum sinnum á hundinn og á fleiri en einum stað þ.á.m höfuðið. Með þessu telur dómari sannað að hundurinn hafi drepist af völdum áverka sem ákærði olli honum“.

Refsing ákærða var ákveðin 30 daga varðhald að teknu tilliti til 77. gr. almennra hegningarlaga en fullnustu hennar var frestað og átti hún að falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins héldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Tekið var tillit til þess að ákærði hafði ekki áður hlotið refsingu og taldi dómari brotið framið í snöggu uppnámi og ögrana eigenda hundsins með brotum á banni við hundahaldi í fjöleignarhúsi því er brotið átti sér stað í. Kröfunni um að ákærði yrði sviptur heimild til að hafa dýr í umsjón sinni var hafnað með þeim rökum aðallega að 20. gr. dvl., sem veitir dómara heimild til slíkrar sviptingar, skuli einungis beitt ef um stórfellt og ítrekað brot á lögum og reglugerðum er að ræða. Þá taldi dómari það skipta máli í þessu sambandi að eigendur hefðu ekki virt húsreglur um bann við hundahaldi að neinu leyti.

Málinu var áfrýjað. Fjöldi dómara við málið var þrír, sem er lágmarksfjöldi dómara sbr. 7. gr. laga nr. 15/1998, lög um dómstóla en fjöldi dómara ákvarðast eftir mikilvægi mála sbr. sama ákvæði. Dómur hæstaréttar var kveðinn upp 18. júní 1998. Í honum segir: „Ákærða gat ekki dulist að atлага hans að hundinum gæti leitt til dauða hans“. Úr þessu má í raun lesa að hæstiréttur telur að það sé á færi almennings að meta hverju sinni hvaða athafnir séu þess eðlis að valda dýrum líkamstjóni og þjáningu. Jafnvel þó að hæstiréttur eigi í þessu tilviki við atlögu að hundi þykir höfundu þá liggja í augum uppi að hæstiréttur hlyti að hafa komist að sömu niðurstöðu þó um aðra dýrategund hefði verið að ræða.

Niðurstaða hæstaréttar um refsingu ákærða er hins vegar torskyldari. Hún var talin hæfileg krónur 200.000 í stað 30 daga varðhalds sem héraðsdómur dæmdi.

Refsiákvörðun sína byggir hæstiréttur á því að hundurinn var hafður í óleyfi og að ögranir eigenda hundsins í garð ákærða vegna brota á banni við hundahaldi væru hluti atriða, sem að mati dómsins leiddu til refsilækkunar. Spyrja má hvort með svona niðurstöðu sé óbeint verið að refsa eigendum hundsins fyrir brot á reglum og atferli, sem aldrei voru hluti af málsástæðum. Krafa ákærvaldsins í héraði um sviptingu heimildar til að hafa dýr í umsjá sinni kom hins vegar ekki til endurskoðunar í hæstarétti.

Dómurum er oft falið erfitt hlutskipti með ákvæði 61. gr. stjórnarskrár lýðveldisins og þegar skírum bókstaf laganna sleppir þá getur verið erfitt að uppfylla skilyrði réttlætisins og fullvissan um hver þau skilyrði eru getur verið ennþá vandfundnari. Í dómnum hér að framan á verknaðarlýsingin við um dýr. Dæminu má snúa við. Hvernig hefðu dómstólar dæmt í þessu máli ef þolandinn hefði verið maður. Íslensk refsilöggjöf endurspeglar áherslumun á milli tegunda lífs eins og fjallað var um í kafla tvö. Eitt sinn höfðu konur t.d. ekki sama rétt og karlar og svertingjar ekki sama rétt og hvítir menn.

5.4 Dómur hæstaréttar hrd. 159/1996 - Gýmismálið

Vaxandi umsvif eiga sér stað í hestamennsku á Íslandi. Miklir hagsmunir eru í húfi af góðu orðspori í greininni og skiptir árangur á hestasýningum og keppnum þar miklu. Mál tengt þessu verður umfjöllunarefni næsta dóms, hrd. 159/1996, sem fékk mikla umfjöllun á sínum tíma og voru skoðanir skiptar.

Málavextir voru þeir að reiðhesturinn Gýmur var aflífaður af dýralækni í kjölfar alvarlegra meiðsla á framfæti, sem hann hlaut í keppni á landsmóti hestamanna á Gaddastaðafliot við Hellu í Rangárvallasýslu um mánaðarmótin júní/júlí 1994.

Mál var höfðað með ákæru ríkissaksóknara á hendur ákærðu HB tamningamanni og HI dýralækni fyrir brot á lögum um dýravernd og ákærða HI ennfremur fyrir brot á starfsskyldum sínum, sem dýralæknis með því að hafa átt hlut að þátttöku hestsins á mótinu. Ákærvaldið taldi sýnt fram á að heilsa hestsins hefði verið þess eðlis að með öllu hefði verið óviðeigandi að láta hann taka þátt í keppni. Þrátt fyrir það hafi dýralæknir lagt fram starfskrafta sína í því skyni að deyfa sársaukann og knapinn HB síðan keppt á hestinum.

Ákærvaldið krafðist þess: „að ákærðu yrðu dæmdir til refsingar auk þess, sem krafist var að ákærði HB yrði sviptur heimild til að hafa hesta í umsjá sinni, versla með þá eða sýsla með þá með öðrum hætti, sbr. 20. gr. dýraverndarlaga“.

Báðir ákærðu neituðu sök. Héraðsdómur var skipaður var þremur dómendum, sem voru auk héraðsdómarans tveir sérfróðir meðdómendur, bændaskólakennari/tamningamaður og dýralæknir. Hann komst að þeirri niðurstöðu að sakfella bæri báða ákærðu og þótti refsing beggja hæfilega ákveðin sekt krónur 170.000. Niðurstöðu sína um sakfellingu byggði dómurinn einkum á frásögnum tveggja vitna, sem skýrðu svo frá að ekki hefði farið á milli mála að hesturinn hefði haltrað þann 30. júní og það hafi því verið óverjandi að láta hestinn taka þátt í forkeppni í A-flokki gæðinga um kvöldið. Ennþá ríkari ástæða hefði því verið til að hlífa honum við áreynslu í keppni nokkrum dögum síðar. Þá taldi dómurinn: „að læknisverk ákærða HI hafi fremur miðað að því að gera hestinn færar um að taka þátt í keppninni en því að lækna hann af meininu“.

Málinu var áfrýjað af hálfu ákærvaldsins og var hæstiréttur nú skipaður fimm dómurum. Hæstiréttur vísaði til þess að héraðsdómur hafi verið skipaður sérfróðum meðdómendum þegar hann komst að þeirri niðurstöðu að full sönnun teldist fram komin og hann taldi að HB hlyti að hafa verið kunnugt um að notkun hans á hestinum í keppni við þessar aðstæður hafi farið í bága við þau lagaákvæði sem getið er um í ákærinni. Hæstiréttur taldi ekki ástæðu til að svipta ákærða HB heimild til þess að hafa hesta í umsjá sinni, versla með þá eða sýsla. Ákvörðun héraðsdóms um refsingu HB var staðfest krónur 170.000 sekt en refsing ákærða HI var lækkuð niður í krónur 120.000. Af hverju þessar refsingar eru taldar hæfilegar er ekki rökstutt frekar.

Sem fyrr segir vakti þetta mál nokkurt umtal t.d. í fjölmiðlum og meira en tíðkast hefur á þessum réttarsviði. Líklega ástæðu má telja að í hestamenskunni felist miklir hagsmunir. Í málinu vekur athygli að héraðsdómur telur að þörf sé á tveimur sérfróðum meðdómendum við úrlausn málsins enda þótt í raun sé byggt á niðurstöðu tveggja vitna og rökstuðningur dómsins miðist að mestu við frásagnir þeirra.

Skipan hæstaréttar, fimm manna dómur, er jafnframt athyglisverð. Hvort dómstóllin var að senda skilaboð með skipan sinni er óljóst enda dómstólar ekki vanir að gera grein fyrir slíku. Fjöldi dómara sendir þó þau skilaboð að vægi málsins hafi að mati

réttarins, árið 1996, verið meira en lágmarksvægi. Ósvarað er þó þeirri spurningu hvort mikilvægir hagsmunir hafi ráðið för við skipun dómsins og þá hvort það hafi verið hagsmunir tengdir hestamennskunni sem atvinnugrein eða hagsmunir sem lúta að dýravernd eða sambland af báðu.

5.5 Dómur hæstaréttar hrd. 472/1993 - Ísbjarnarmálið

Þetta mál er síðasta málið, sem kom fyrir hæstarétt í tíð eldri laga nr. 21/1957. Málavextir voru þeir, að nokkrir sjómenn fengu þá hugmynd, að fanga ísbjörn, sem sinni við skipshlið og vildu tveir þeirra koma honum lifandi í land. Eftir að hafa mistekist að hífa ísbjörninn lifandi um borð með járnvír, sem þeim tókst síðan ekki að losa aftur enduðu ráðagerðir þeirra með því að þeir töldu sig tilneydda til að bregða nælonsnöru um háls dýrsins og aflífa það með hengingu.

Mál var höfðað með ákæruskjali hvar skipverjarnir voru allir ákærðir

fyrir brot á lögum um dýravernd nr. 21 frá 13. apríl 1957 með því að hafa fimmtudaginn 24. júní 1993 um kl. 19.00, er þeir voru á grálúðuveiðum á skipinu um 67 sjómílur norður af Horni, náð í félagi að fanga ísbjörn, sem þar var á sundi, með snöru og síðan sammælst um að deyða dýrið og framkvæmt það með því að útbúa og bregða snörum, þ.á m. einni úr vír, um háls dýrsins og eftir það allir hert að hálsi dýrsins við skipshliðina þar til það drapst eftir nokkrar mínútur og ákærðu innbyrtu hræið.

Niðurstaða héraðsdóms var að sýkna bæri ákærðu. Það rökstuddi hann með því dýraverndarlög nr. 21/1957 kvæðu ekki á um hvað felist í þeirri háttsemi, sem talin sé óhæfileg og lögunum andstæð. Af því leiðir segir dómurinn: „að slíkt mat á undir dómstóla hverju sinni, sem meðal annars ber að taka mið af almennum viðhorfum til deyðingar villtra dýra og hugsanlegum venjum sem myndast hafa í samskiptum við slík dýr“.

Þá vísar dómstóllinn til þess að:

virða beri sérstaklega 7. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, sem enn er í gildi, en samkvæmt henni má hver maður elta birni og veiða, hvar sem hann finnur, og á sá maður björn, sem fyrstur kemur á hann banasári

Dómnum finnst sjálfsagt að skýra og styðja niðurstöðu sína á túlkun laganna frá 1957 með notkun á ákvæði, sem er rúmlega 100 árum eldra og sýkna m.a á grundvelli þeirra skýringar og án þess að fjalla sérstaklega um hin almennu viðhorf og venju sem hann vísar þó sjálfur til. Um lögskýringar á lögunum frá 1957 vísast til

fyrri umfjöllunar um þau og verður að telja að niðurstaða dómsins sé þvert á það sem kemur fram í þeim og áður hefur verið fjallað um.

Lokaorð héraðsdóms í rökstuðningi sínum eru:

að þar sem ekki liggi fyrir í málinu álitserðir dýralækna eða annarra kunnáttumanna um forsvaranlega meðferð ísbjarna og telur dómurinn einnig ósannað, að ákærðu hafi valdið birninum ónauðsynlega þjáningu fram að þeirri stundu er ákvörðun var tekin um að deyða hann.

Hér má gagnálykta á þá leið að dómurinn útiloki ekki að ákærðu hafi valdið birninum þjáningu frá þeirri stundu er þeir tóku ákvörðun um að deyða hann. Dómurinn tekur hins vegar ekki á þeim þætti.

Málið fór fyrir þriggja manna dóm hæstaréttar þar sem leiðir skiptust. Meirihlutinn vísaði að mestu til forsendna héraðsdóms þegar hann staðfesti hann og sagði:

Í málinu nýtur hvorki gagn um áverka á dýrinu né skýrslu um krufning þess. Ekki hefur verið sýnt fram á, að ákærðu hafi með aðferð sinni valdið ísbirninum meiri þjáningum en efni voru til. Þá verður eigi talið, að þeir(ákærðu) hafi hlotið að sjá það fyrir, að tilætlun þeirra myndi ekki takast

Þessari niðurstöðu hafnar höfundur með þeim rökum að hér sé einfaldlega um ranga lagatúlkun að ræða.

Í sératkvæði minnihlutans birtist niðurstaða, sem telja verður að hafi verið í anda laganna, þar segir m.a.:

[...] leysti þetta skipverjana ekki undan þeirri ábyrgð á þeirri meðferð á dýrinu, sem til hafði verið stofnað í verki, en í henni fólst ótvírætt brot gegn hinu almenna ákvæði 1. gr.¹²² sbr. 18. gr. dvl. Unnt er að beita því ákvæði eins og ákæru og málflutningi er hátað og rétt, að svo verði gert

Hér virðist minnihlutinn hafa haft betri tilfinningu fyrir því sem gerðist á verknaðarstundu þegar heill ísbjörn var hífður upp með vír um háls sér í þeim tilgangi einum að aflífa hann. Verknaðurinn hlýtur að hafa haft í för með sér talsverðar þjáningar fyrir dýrið. Samkvæmt upplýsingum frá Hirti Torfasyni fyrrv. hæstaréttardómara, sem skilaði sératkvæðinu, taldi hann að beita ætti almennum sjónarmiðum laganna um dýravernd og hann hefur staðfest að framangreind ályktun höfundar sé rétt.¹²³ Þá var Hjörtur elstur þeirra þriggja dómara, sem málið dæmdu.

¹²² 1. gr. laga nr. 21/1957 hljóðaði svo: Skylt er að fara vel með dýr svo að þau þjáist ekki að nauðsynjalousu.

¹²³ Samkvæmt símtali við Hjört Torfasón 25.11.2010.

Hann hafði stundað framhaldsnám m.a. í afbrotufræði¹²⁴ og var næstur höfundur laganna, Ármanni Snævarr í aldri. Þetta kann að endurspeglar áherslumun til viðhorfa í þessum efnum.

Athyglisvert er að dómur hæstaréttar var kveðinn upp 26. maí 1994. Rúmum mánuði síðar tóku gildi lög nr. 64/1994, lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Í þeim eru hvítabirnir eru friðaðir á landi, hafís og á sundi sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna. Af lögskýringargögnum með þeim lögum virðast þó engin tengsl á milli þeirra lagasetningar og ísbjarnarmálsins þó Alþingi bregðist stundum við dómum með nýrri lagasetningu ef ágreiningur er um niðurstöður dómstóla.

5.6 Dómur hæstaréttar hrd. 217/1984 - Fuglamálið

Í málavaxtalýsingu fuglamálsins er að finna lýsingar á illri meðferð dýra, sem erfitt er að skilja að hafi orsakast af mannlegu athafnaleysi. Hvernig dómstólar tóku á því hlýtur þar af leiðandi að vekja áhuga.

Málið var höfðað af ríkissaksóknara með ákæru dagsettri 15. júní 1984. Ákærðu er þar gefið að sök:

Að hafa frá ársbyrjun 1984, vanhirt og vanfóðrar í óhæfum og óræstum húsakynnum á Barðastöðum, sem að hluta héldu hvorki vatni né vindum, allt að 200 hænsni og 200 endur þegar mest var, þannig að sumt drapst úr hor og aðrir fuglar lögðust á hræin, þar til yfirvöld létu lóga öllum fuglunum, sem fundust á bænum, allt að 148 hænum, 5 kalkúnum, 1 gæs og 2 öndum. Voru hænsnin kleprótt af skít, 39 þeirra gliðoruð og 8 hænsni gengu á stúfum eða höfðu verið tástýfð en við rannsókn tveggja andahræja af nokkrum, sem fundust á Barðastöðum 15. mars 1984, kom í ljós, að fuglarnir höfðu drepist úr hor.

Ákærvaldið heimfærði þessi brot við 1. og 2. gr. sbr. 18. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957 sbr. 7. gr. laga nr. 75/1982. Það krafðist refsingar og að ákærðu yrðu svipt rétti til þess að eiga dýr, nota, hafa í umráðum sínum, slátra eða sýsla með búfé nokkurrar tegundar samkvæmt 19. gr. laga um dýravernd.

1. gr. laganna hljóðaði svo: „Skyllt er að fara vel með dýr, svo að þau þjáist ekki að nauðsynjalausu“. 2. gr. laganna kvað á um:

að öllum þeim, sem eiga dýr eða ráða yfir þeim að öðru leyti eða hafa umsjá með dýrum fyrir eiganda þeirra eða anna réttihafa, er skyllt að sjá svo um, að dýrin fái nægilegt vatn og fóður við þeirra hæfi og viðhlítandi umhirðu. Eiganda eða öðrum réttihafa er skyllt að sjá dýrum fyrir hæfilegum vistarverum (geymslustað, vörzlustað), skjólgóðum og rúmgóðum, enda er skyllt að ræsta slíka staði með viðunandi hætti.

¹²⁴ Hæstiréttur Íslands, Um hæstarétt, fyrrverandi dómarrar, Hjörtur Torfason
H<http://www.haestirettur.is/control/index?pid=360&nr=6>H .Sótt á vef hæstaréttar 10.12.2010

19. gr. laganna hljóðaði svo: „Brot á lögum þessum eða reglugerð, sem sett er með stoð í þeim, varðar sektum eða varðahaldi“.

Málavöxtum er lýst mjög ítarlega í héraðsdómi. Þar eru rakin álit tveggja héraðsdýralækna auk margra vitna. Þá lá fyrir skýrsla Tilraunstöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Niðurstaða héraðsdóms er stuttur en í henni felst: „að með álit dýralækna, vitna og skýrslu Tilraunastöðvarinnar þótti sannað að það sem fram væri komið nægði til sakfellingar ákærðu og ákvað hann sekt hvors þeirra krónur 10.000 auk ævilangrar sviptingar til að halda búfé sbr. 19. gr. dýraverndarlaga“.

Þriggja manna dómur hæstaréttar var að mestu sammála héraðsdómi að öðru leiti en því að hann hækkaði sektina í krónur 15.000 en gat ekki fallist á ævilanga sviptingu sbr. 19. gr. dýraverndarlaga snéri því í 5 ára réttindasviptingu á umráðum yfir alifuglum eingöngu frá dómsuppkvaðningu að telja.

Hér vaknar sú spurning aftur hvaða viðmið hæstiréttur hefur að leiðaljósi þegar hann ákvarðar refsingu og af hverju sakborningar eru ekki sviptir leyfi til dýrahalds samkvæmt kröfu. Þá er erfitt að koma auga á samhengi á milli sektarupphæðar Gýmismálsins frá 1996 og þeirra sektar sem ákærðu í þessu máli er gert að greiða m.t.t. alvarleika brota. Þeir erfiðleikar eiga reyndar eftir að aukast þegar reifað verður nýjasta héraðsdómsmálið á þessu sviði S-122/2009 og skýrist síðar.

5.7 Dómur hæstaréttar hrd. 81/1975 - Heynesmálið

Mál þetta er einstakt á þessum vettvangi í þeim skilningi að það teygir sig yfir rúmlega tólf ára tímabil þar sem viðvarandi athafnaleyfi umráðamanna virðist hafa átt sér stað eins og í málinu hér á undan. Af þeim ástæðum og vegna alvarleika þess verður því tileinkuð nokkur umfjöllun hér.

Á meðal gagna í málinu eru skýrslur opinberra embættismanna, dýralækna og eftirlitsmanna, sem lýsa aðbúnaði og umhirðu dýra, sem erfitt er að skilja að hafi verið látið viðgangast á því framfara og menningarstigi, sem Ísland var komið á, á þessu árabili.

Í ákæru saksóknara dagsettri 14. maí 1973 kemur m.a. fram:

að ákærða H sé gefið að sök að hafa með illum aðbúnaði og umhirðu skepna á bæ sínum farið svo illa með búfénað sinn, einkum nautgrip og kindur, að við skoðun 30. mars það ár, voru allar mjólkurkúr ákærða vanfóðraðar, ein grindhoruð, 14 kálfar vanfóðraðir, sumar kúr lúsugar og allir gripir með flórklipra á lærum og kviði. 54 kindur

töldust vanfóðrar og hafðar í fjárhúsum, óhæfum að umbúnaði, sem hvorki héldu vatni né vindum. 16 hross voru haldin við sömu aðstæður.

Ákærða er gefið að sök:

að hafa frá árinu 1962 til þessa(útgáfudags ákæru), þrátt fyrir ítrekaðar aðfinnslur á því tímabili öllu, af hálfu opinberra aðila og fyrirmæli um úrbætur, síðast fulltrúa sýslumannsins í þinghaldi 9. apríl s.l. vanhirt og vanfóðrað svo búfenað sinn, að hann hefur liðið sakir fódurskorts og illrar umhirðu.

Ákærvaldið taldi þetta varða við:

1. og 2. , sbr. 13. gr., sbr. 1. mgr. 17. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957 og 76. gr., sbr. 81. gr. laga um búfjárrækt nr. 21/1965 og þess var krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptur heimild til að eiga og hafa í umráðum sínum dýr sbr. 1. mgr. 18. gr. dýraverndarlaga.

Héraðsdómurinn er 18 bls. og verður látið nægja að vísa til nokkurra ummæla úr skýrslum héraðsdýralækna enda taldar lögglíkur á að slíkar skýrslur hafi að geyma það, sem máli skiptir varðandi sönnunarbyrði í svona málum. Það er jafnframt í samræmi við þá hugmyndafræði, sem er að finna í greinargerð Ármanns Snævars um lögin, að sérþekkingar væri þörf við matskennd atriði hjá dómstólum.

Á tímabilinu frá 1961 til 1973 var, samkvæmt málavaxtalýsingu í héraðsdómnum, framkvæmt reglubundið eftirlit að Heynesi og margar skýrslur héraðsdýralækna er á meðal gagna málsins.

Gripið verður niður í niðurlagi fyrstu skýrslunar og síðan vitnað til síðustu skýrslunnar og tekið skal fram að aðstæður breyttust ekkert skv. öðrum skýrslum á viðkomandi býli allan tímann.

23. janúar 1961 skoðaði, að beiðni sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Oddur Rúnar Hjartarson héraðsdýralæknir ásamt fódurbirgðamanni og bónda í sveitinni, fjós og búpening að Heynesi. Í skýrslu hans segir:

Það er alger óhæfa að hafa þessi dýr í þessum kofa, sem er algerlega ónýtur. Öll gripahús að Heynesi eru, að mínu álit, gjörsamlega ónothæf. Öll umhirðing fjóss og mjólkuráhalda er endemi, sem hvergi ætti að sjást og mjólkurframleiðsla við slíkar aðstæður að Heynesi er algerlega fráleit“ Í skýrslu frá 10. apríl 1962 kemur fram „[...]kvígur freklega vanfóðraðar[...]“ „[...]gripahúsum ætla ég ekki að lýsa[...]“

Lokaskoðun fram 30. mars 1973 og var hún framkvæmd af Ásgeiri Péturssyni sýslumanni í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Oddi Rúnari Hjartarsyni dýralækni. Í skýrslu þeirra kemur eftirfarandi fram:

að sóðaskapur, vanfóðrun og aðbúnaður sé vissulega kvalræði fyrir dýrin. Ekki verður hjá því komist, að hið fyrsta, er vekur furðu og raunar óhugnað við aðkomuna að Heynesi, er hin svívirðilega umgengni við bæinn. [...]mjög væri sá maður glámskyggn á þrifnaðarhætti, útlit og líðan dýra, sem ekki hefði, án aðstoðar sérfræðingar, séð, að flest dýrin voru kvalin af vanfóðrun, sum jafnvel hreinlega hor, og nokkrir nautgripir voru illa brunnir á kviði af þvagi

Ákærði neitaði sök í málinu.

Dómstóllinn féllst á heimfærslu ákæruvaldsins á refsíákvæðum en taldi ekki að fyrir lægi í málinu, að ákærði hafi misþyrmt búpeningi sínum og því taldist hæfileg refsing sekt krónur 10.000. Kröfu ákæruvaldsins, samkvæmt ákæru, að ákærði yrði sviptur heimild til að eiga dýra og hafa í umráðum sínum var hins vegar ekki tekin óbreytt til greina. Niðurstaða dómsins var sú, að hann taldi rétt samkvæmt 1. mgr. 19. gr. dýraverndarlaga, að ákærði skyldi, vegna þess hirðuleysis sem í málinu kom fram um meðferð á búpeningi, sviptur ævilangt heimild til að hafa í umráðum sínum búfé, er í búfjárræktarlögum greinir, en frekari sviptingu þótti eigi ástæða til að gera ákærða.

Niðurstaða héraðsdóms studdist við skoðunarskýrslur hinna opinberu embættismanna auk framburðar vitna varðandi sönnun í málinu. Rökstuðningur fyrir niðurstöðu byggðist á því að:

gögn málsins þóttu sanna að ákærði hafi allt frá árinu 1962 vanhirt og vanfóðrað búpening sinn, þannig, að hann hefði liðið sakir fódurskorts og illrar umhirðu. Þá segir í rökstuðningi héraðsdóms „Er ljóst af gögnum þessum¹²⁵ og öðru, sem fram er komið í málinu, að nautgripir ákærða og sauðfé hafa stórlega liðið sakir illrar umhirðu og fódurskorts, en ákærði hafði ekki getað aflað nægilegra heyja fyrir búfénað sinn sumarið áður“.

Hér er mikilvægt að benda á, að hin ævilanga svipting er takmörkuð við búfé, ekki öll dýr, þrátt fyrir að dómstóllinn hafi í niðurstöðu sinni sagt: „að ljóst sé að nautgripir ákærða og sauðfé hafi stórlega liðið sakir illrar umhirðu“.

Málinu var áfrýjað af hálfu ákæruvaldsins til hæstaréttar, sem kvað upp dóm sinn 28. janúar 1976, þremur árum eftir að ákæra var birt. Hæstiréttur skiptir málinu í tvennt þar sem hann fjallar annars vegar um vanhírðu og vanfóðrun hesta ákærða og kemst að þeirri niðurstöðu að: „sannanir skorti um að svo hafi verið og sýknar ákærða af þessum hluta“.

Í kafla II í dómnum kemur hins vegar til sakfellingar, að því er varðar meðferð, fódrun, hirðingu og húsakost sauðfjár og nautpenings ákærða. Dómi héraðsdóms var

¹²⁵ Verið er að vísa í skoðun dýralæknis 30. mars 1973 sbr. skýrslu í héraðsdómsmálinu.

breytt að öllu leyti. Refsing var hækkuð úr krónum 10.000 í krónur 30.000 og kröfu um sviptingu leyfis til að eiga dýr og hafa í umsjá sinni breytt í 5 ára sviptingu frá birtingu dóms til að hafa í umráðum sínum nautgripi og sauðfé. Meðalmánaðarlaun verkamanna á þessum tíma voru á bilinu krónur 60.000-80.000, þannig að ef mið er tekið af því er ljóst að sektin hefur ekki verið þung byrði.¹²⁶

Niðurstöðu hæstaréttar um einungis takmarkaða sviptingu á heimild sakfellda til að halda dýr þykir höfundur erfitt að skilja í ljósi þess að því má halda fram að í athafnaleysi hans um árabíl komi fram almennt viðhorf hans um virðingarleysi gagnvart dýrum, ólíklegt sé að það muni breytast. Hæstarétt má skilja þannig að um þetta hafi verið vafi. Höfundur telur að þess vafa hefðu dýr fremur átt að njóta en sakfelldi og því hefði átt að svipta sakfellda heimild til að halda dýr í lengri tíma eftir atvikum ævilangt.

Þessi hluti niðurstöðu hæstaréttar ber keim af gamalli hefð, þeirri að verið sé að vernda eignarétt og atvinnufrelsi manna fremur en verndarandlagið dýrin. Ef það er rétt ályktun þá hafði þeirri hugsun ekki verið útrýmt í málum vegna dýraverndar eins og ætlunin var með þeim lögum sem voru í gildi þegar dómurinn var kveðinn upp 28. janúar 1976.

Málsmeðferðartími, fyrst innan stjórnslunnar, síðar hjá dómstólum vekur athygli þegar tilgangur og markmið dýraverndarlaga eru höfð í huga og þeirra heimilda til inngripa af hálfu hins opinbera, sem í lögnum var að finna. Sú spurning vaknar af hverju framkvæmdavaldið beitti ekki þegar í upphafi þessa máls 14. gr. laganna frá 1957 en í 3. mgr. þeirra segir:

Nú skipast aðili ekki eftir fyrirmælum lögreglustjóra, og hlutast lögreglustjóri þá til um framkvæmd á fyrirmælunum á kostnað eigenda dýra eða annars rétthafa. Ekki er þó heimilt að farga skepnum eða taka þær frá aðilja eða neyta annarra úrræða, sem valdið geta miklum fjárútlátum eða miklu fjártjóni, nema héraðsdýralæknir eða yfirdýralæknir, þar sem ekki er völ á héraðsdýralæknum – hafi lýst sig samþykkan slíkum aðgerðum.

Í athugasemdum með frumvarpinu, sem síðar varð að lögum segir prófessor Ármann Snævarr eftirfarandi:

Ákvæði gildandi laga um eftirlit með framkvæmd dýraverndarlaga eru ekki fullnægjandi. Við setningu ákvæða um þessi efni verður að hafa ýmiss sjónarmið í huga. Frá dýraverndarsjónarmiði er oft þörf skjótra úrræða til umbóta, þar sem ella er hætt á, að dýr þjáist um skör fram. Nauðsynlegt þykir einnig, að unnt sé að taka ákvarðanir með hröðum hætti, svo að réttarvarsla verði virk og fullnægjandi.

¹²⁶ Fréttabréf Kjararannsóknarnefndar, nr.40, júlí 1978.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir því að hverju var stefnt með lögnum frá 1957. Löggjafarviljinn var skýr um tvennt. Í fyrsta lagi að mál þyrftu ekki að þola langa bið er ljóst þótti að lífsgæðum dýra var ógnað og í öðru lagi að dómstólar ættu að leita sér sérfræðiaðstoðar ef mál væru flókin.

Heimildir til inngripa í lögnum frá 1957 voru hins vegar ekki nýttar eins og fram er komið og allur reksturs þessa tiltekna máls virðist af einhverjum ástæðum hafa farið langt út fyrir eðlileg tímamörk. Hvað olli því liggur ekki fyrir, en við blasir að yfirvöld hafa sofið á verðinum í þessu máli.

Ein skýring á því kann að vera áhugaleysi, önnur skortur á þekkingu á réttarstöðu aðila, sú þriðja þekkingarskortur á valdheimildum, í fjórða lagi kann tengslum að vera um að kenna og að lokum getur verið að viðkomandi hafi skort kjark til að leiða málið til lykta. Síðastnefnda atriðið er rökstutt með því að vísa í viðbrögð oddvita sveitarstjórnar vegna erindis Búnaðarfélags Íslands 7. des. 1972 og koma fram í héraðsdómnum. Í því er honum bent á fódurskort hjá ákærða en oddvitinn treysti sér ekki til þess að taka þá ábendingu til meðferðar.

Nú hafa nú verið raktir mikilvægir dómur Hæstaréttar Íslands frá 1998 aftur til ársins 1975. Endað var af ásettu ráði á máli frá 1975 í tvennskonar tilgangi. Annars vegar verður að telja það með alvarlegustu málum, sem komið hafa upp á Íslandi á réttarsviðinu og hins vegar er það keimlíkt nýjasta málinu, sem lauk með formlegum hætti í desember 2009. Spyrja má, þegar það mál hefur verið reifað, hefur einhver breyting orðið í meðferð þessa málaflokks hjá framkvæmda- og dómsvaldi á undanförunum áratugum.

5.8 Héraðsdómsmál S - 122/2009 - Stórhólmál.

Máls þessa var getið í þriðja kafla ritgerðarinnar.

Málavextir voru þeir helstir að um sjö ára skeið höfðu búfjárefirlit og héraðsdýralæknir gert athugasemdir við tiltekna þætti sauðfjárhalds á bænum Stórhóli í Álftafirði, Suður-Múlasýslu, án þess að úrbætur væru fullnægjandi. Svo fór að samningar náðust á milli ábúanda og sveitastjórnar Djúpavogshrepps um búfjárhaldið, sem var undirritaður af hálfu beggja 29. september 2006. Í samningnum var ákvæði þess efnis að:

teldi sveitastjórn að höfðu samráði við landbúnaðarnefnd að ekki hefði verið staðið við samninginn þá gæfist ábúanda þriggja vikna frestur til að sýna fram á að ekki hefði verið um samningsrof að ræða. Ef sveitarfélagið féllist ekki á skýringar ábúenda skyldi vísa málinu til þriggja manna matsnefndar, sem í áttu sæti formaður landbúnaðarnefndar Djúpavogshrepps, fulltrúi ábúenda á Stórhóli og ráðunautur frá Bændasamtökum Íslands.

Á vordögum 2008 kærði Matvælastofnun slæman aðbúnað og vanfóðrun sauðfjár í kjölfar alvarlegra athugasemda frá héraðsdýralækni og búfjárefirlitsmanni um ástand fjár, fóðrun og húsakost á fyrrgreindum stað. Á fundi 2. júlí sama ár samþykkti sveitarstjórn Djúpavogshrepps samhljóða, að svipta ábúendur leyfi til búfjárhalds. Hún mat það svo, að samningur á milli ábúenda og Djúpavogshrepps frá 29. des. 2006, sem miðaði að því að ábúendur á Stórhól fækkuðu fé, eigi að síðar en haustið 2007, niður í þann fjölda, sem óbreyttur húsakostur á Stórhól var talinn rýma, eða í 600 kindur hefði verið þverbrotinn.¹²⁷ Samkvæmt niðurstöðu matsskýrslu (sjá síðar) héldu ábúendur á bili 940-1314 sauðfjár og var fóðrun ábótavant árin 2007-2009 samkvæmt könnun búfjárefirlitsmanns.¹²⁸ Á fyrrgreindum fundi sveitarstjórnar Djúpavogshrepps var samþykkt svohljóðandi ályktun:

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps lýsir yfir þungum áhyggjum af búfjárhaldi ábúenda að Stórhóli í Álftafirði sem nú sæta kærnu Matvælastofnunar vegna illrar meðferðar á skepnum. Vegna langvarandi samskipta sveitarstjórnar og ábúenda vegna ítrekaðra brota ábúenda á 20.gr. dýraverndarlaga nr. 15/1994 sbr. 18. gr. laga um búfjárhald nr. 103/2002 og 3. gr. sbr. 18.gr. samþykktar um búfjárhald Djúpavogshrepps nr. 399/2006, sér sveitarstjórn sig knúna til að beita ákvæði lokamálsliðar 3. gr. samþykktar um búfjárhald í Djúpavogshreppi og svipta ábúendur leyfi til búfjárhalds í sveitarfélaginu með þriggja mánaða fyrirvara talið frá og með næstu mánaðarmótum. Leyfi ábúenda fellur niður 31. október 2009.

Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

Í ákærinni, sem var gefin út 9. nóvember 2009, af lögreglustjóranum á Eskifirði eru ákæruatriðin talin upp í nokkrum liðum. Þau helstu eru:

að við skoðun dýralæknis hafi ákærði vanrækt gróflega aðbúnað, umhirðu og fóðrun sauðfjár á tilteknu tímabili og að hann hafi vanrækt að tryggja góðan aðbúnað. Þess er krafist í ákærinni að ákærða verði dæmd til refsingar og töldust brot þau er í ákærinni greinir aðallega varða við 1. og 3. mgr. 2. gr., 3. og 4. gr. sbr. 19. gr. laga um dýravernd og brota á ákvæðum reglugerðar 60/2000 um eftirlit með aðbúnaði og heilbrigði sauðfjár og geitfjár og eftirlit með framleiðslu kjöts og annarra afurða þeirra, sbr. 18. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

Fyrrgreind nefnd, samkvæmt samningi aðila, hafði verið kölluð saman nokkru áður en ákæran var gefin út og lá ítarleg matsgerð fyrir 30. nóvember 2009 og var

¹²⁷ Úr fundagerð Djúpavogshrepps 2. júlí 2009.

¹²⁸ Matsgerð dagsett 30.11.2009, vegna samnings um búfjárhald á Stórhól í Álftafirði, Suður Múlasýslu, frá 29. Desember 2006.

niðurstaða hennar í stuttu máli að ábúandi Stórhóls hefði ekki staðið við ákvæði samningsins frá 29. des. 2006.¹²⁹

Málið var þingfest 15. desember 2009 fyrir Héraðsdómi Austurlands og játaði ákærða alla ákæruliði. Ákærandi lagði til að málinu yrði lokið með greiðslu sektar krónur 80.000 í samræmi við ákvæði 2. mgr. 163. gr. laga nr. 88/2008.

Lyktir þessa máls ollu nokkurri umræðu og óánægju sbr. umfjöllun í þriðja kafla ritgerðarinnar. Aðfinnslum um málalyktir sem sveitastjórn Djúpavogshrepps sendi til sýslumannsins á Eskifirði svaraði fulltrúi sýslumannsins með þeim hætti að rekja niðurstöðu fimm héraðsdóma á árunum 2003-2005 og rökstyður málalyktir í Stórhólmálinu með vísan til þeirra.

Í lok umfjöllunar dóms hæstaréttar hrd. 81/1975 hér að framan var sagt, að Stórhólmálið frá 2009 yrði tekið til skoðunar í þeim tilgangi að rannsaka hvort í því birtust vísbendingar um framfarir á þessu réttarsviði frá 1975-2009. Höfundur telur að það megi draga í efa. Rökstuðningur fulltrúans vegna málalokanna í Stórhólmálinu er umdeilanlegur en þó ekki óréttlætanlegur með það í huga að sambærileg eða lík mál skuli fá hliðstæða meðferð í dómkerfinu að öðru óbreyttu. Hvað er sambærilegt er hins vegar matsatriði. Þá vekur það athygli að ákærvaldið setti ekki fram kröfu um að ákærða yrði bannað að halda dýr í framtíðinni eins og venja þess hefur verið í fyrri málum þar sem alvarleiki brota hefur verið hliðstæður. Skoðun yfirdýralæknis, sem vísað er í, í þriðja kafla er í raun fullnægjandi grundvöllur til halda því fram að engar framfarir hafi átt sér stað á þessu réttarsviði undanfarin ár og litlar sem engar vísbendingar sé að finna í dómum hæstaréttar um hvernig rétt sé að túlka lög um dýravernd á Íslandi.

Eftir lestur framangreindra dóma er ljóst að í þeim alvarlegustu felast athafnaleysisbrot þ.e. að umráðamaður dýra hefur ekki sinnt lögboðinni skyldu sinni gagnvart dýrum.

Dómar í dýraverndarmálum eru oft háðir þeim annmarka að í þá skortir rökstuðning. Það minnir að nokkru á fyrirsögn í grein sem birtist í The New York Times 17. nóvember s.l. „Justice are long on Words but short on Guidance“.¹³⁰ Vandasamt er að skilja hvaða viðmið dómara nota við ákvörðun refsihæðar. Öllu verra er, í lögfræðilegum skilningi, að ná áttum þegar ákærvaldið leggur til sekt eins og þá

¹²⁹ Sama heimild.

¹³⁰ http://www.nytimes.com/2010/11/18/us/18rulings.html?_r=1&scp=2&sq=supreme%20court&st=cse

sem dómari féllst á í Stórhólmálinu. Erfitt er að draga aðrar ályktanir en þær, að annaðhvort hafi báða valdhafa ríkisvaldsins skort kjark eða þekkingu í ljósi alvarleika málsins eða hvort tveggja í senn. Ef svo var þá var löggjöfin bitlítið vopn í því máli.

Þá ályktun má draga eftir þessa dómareifun að í dómaframkvæmd í dýraverndarmálum endurspeglar viss skortur þekkingu á lagatúlkun og framkvæmdavaldshafar séu í raun undir sömu sök seldir. Þetta hefur verið rökstudd með tilvísun í dómsmál m.a. eitt sem hlaut talsverða gagnrýni.

Spyrja má aftur, eru dýr hluti af réttarríkinu Ísland? Framagreindar dómar gefa ekki mikið tilefni til að álykta á þá leið að réttarvörslu þeirra sé mikill gaumur gefinn af handhöfum framkvæmda- og dómsvalds.

Í því samhengi er áhugavert að rannsaka hvernig því mikilvæga atriði, réttarvörslunni, er háttað á öðrum sviðum dýraverndar þar sem stöðugt reynir á velferðarsjónarmið dýra, við framleiðslu dýraafurða í verksmiðjubúskap. Það verður viðfangsefni næsta kafla.

6 Verksmiðjubúskapur á Íslandi og dýravernd

1809 ávarpaði Thomas Erskine (1750-1823) bresku lávarðadeildina (House of Lords) með þessum orðum: „They are created indeed for our use, but not for our abuse“.¹³¹ Erskine var þekktur barráttumaður fyrir réttindum dýra.

George Orwell skrifaði í bók sinni *Animal farm* eftirfarandi:

Now comrades, what is the nature of this life of ours? Let us face it, our lives are miserable, laborious and short. We are born, we are given just so much food as will keep the breath in our bodies, and those of us who are capable of it are forced to work to the last atom of our strength; and the very instant that our usefulness has come to an end we are slaughtered with hideous cruelty. No animal in he England knows the meaning of happiness and leisure after he is a year old. No animal in England is free. The life of an animal is misery and slavery: that is the plain truth.¹³²

Þarna er gamli gölturinn að ávarpa féлага sína, dýrin á bænum, sem sagan gerist í. Er tilefni til þess að ætla að hægt sé heimfæra þessa frásögn við aðstæður hjá búfénaði á Íslandi?

Í upphafi þessarar ritgerðar var því haldið fram, að meginhnökra íslenskrar dýraverndar væri ekki að finna í dýraverndarlögum heldur hjá framkvæmda- og dómsvaldi. Reifaðir hafa verið nokkrir mikilvægir dómur í því sambandi og færð rök fyrir veikleikum í dómaframkvæmd. Í þessum kafla verður athyglinni beint að hluta framkvæmdavaldsins hvaðan reglugerðir reka uppruna sinn og þar sem eftirlit með velferð dýra á að eiga sér stað.

6.1 Notkun dýra við matvælaframleiðslu á Íslandi

Notkun dýra við framleiðslu matvæla er gömul og rótgróin hefð víða um heim. Í kjölfar fólksfjölgunar hefur sú framleiðsla aukist. Með vaxandi eftirspurn eftir afurðum úr dýraríkinu hófst fjöldaframleiðsla dýra. Samkeppni framleiðenda jókst innbyrðist og um athygli neytenda. Krafa neytenda er lágt vöruverð. Þessi þróun leiddi til verksmiðjubúskapar (intensive factory farming). Talið er að rekja megi upphaf þeirra búskaparháttanna til ársins 1920 þegar eiginleikar vítamínanna A & D uppgötvaðust. Við uppgötvun þeirra gerðu menn sér ljóst að líkamar dýra kröfðust ekki lengur

¹³¹ Radford, *Animal welfare law in Britain*, bls.36.

¹³² Orwell George, *Animal farm*, 1945, úr útgáfu Penquinn books 2008.

eðlilegrar hreyfingar né dagsljóss til vaxtar.¹³³ Þannig voru komin skilyrði til þess, sem í dag er nefnt verksmiðjubúskapur.

Með verksmiðjubúskap er átt við að dýr eru haldin í miklum fjölda í þeim tilgangi að ná fram hámarks framleiðslugetu og hagræði fyrir hverja framleiðslueiningu. Hámarks vaxtar og vaxtarhraða er krafist.¹³⁴ Undir slíkum kringumstæðum eru dýrin alin í umhverfi tilbúnu af manningum, sem undantekningalaust á ekkert skylt við það umhverfi, sem slík dýr hafa valið sér til búsetu í náttúrunni og er þeim eðlilegt. Í þessu sambandi hefur dr. Ólafur R. Dýrmundsson, landbúnaðarráðunautur hjá Bændasamtökunum, bent á að það sé einkum þrennt varðandi þessa framleiðsluhætti, sem valdi áhyggjum og umræðu.

Í fyrsta lagi meðferðin á dýrunum, í öðru lagi mikil notkun lyfja og hormóna og í þriðja lagi ýmiss konar mengunar og sýkingar frá búunum.¹³⁵

Íslenskir framleiðendur dýraafurða hafa tileinkað sér verksmiðjubúskaparhætti. Hér verður tekin til umfjöllunar framleiðsla á alisvínnum, alifuglum, eggjaframleiðsla og framleiðsla á mjólk. Ástæða þess, að þessar framleiðslugreinar eru gerðar að sérstöku umtalsefni er hvorttveggja í senn sú gagnrýni sérfræðinga að freklega sé gengið á lífsgæði þessara dýra og að reglugerðir, sem kveða á um hvernig að slíkri framleiðslu skuli staðið eru ekki í neinu samræmi við viðurkennd sjónarmið um það hvernig að velferð dýra skuli gætt. Framleiðandinn er einungis bundinn af aðbúnaðarreglugerðum sem ráðherra gefur út.

6.2 Hlutverk Matvælastofnunar

Eftirlit með þessari framleiðslu er undir yfirstjórn Matvælastofnunar(MAST) með aðstoð búfjárefntilsmanna og héraðsdýralækna. MAST starfar samkvæmt lögum nr. 80/2005, lög um Matvælastofnun (mvs). Í 2. gr. mvs. er hlutverk hennar skilgreint. Á meðal hlutverka hennar skv. ákvæðinu er eftirlit með eldi og heilbrigði sláturdýra. Samkvæmt a lið 6. gr. mvs. þá annast stofnunin eftirlit með frumframleiðslu. Það hugtak skiptir máli hér og er skýrt í 4. gr. mvs. Í því felst eftirlit með eldi eða ræktun undirstöðuafurða ásamt uppskeru, mjóltun og eldi dýra fram að slátrun. Valdheimildir og reglur um hvernig eftirliti MAST skuli háttað er helst að finna í reglugerðum. Þær

¹³³ Imhoff , The Cafo reader-The tragedy of industrial animal factories, London 2010, bls XIV.

¹³⁴ Imhoff Daniel, Introduction, CAFO (concentrated animal feeding operation), San Rafael, Kalifornía, 2010.

¹³⁵ Dr. Ólafur R. Dýrmundsson, *Vankantar verksmiðjubúskapar*, Freyr 6. tb. 1991, bls. 218.

sem skipta mestu máli hér eru reglugerðir nr. 219/1991¹³⁶ um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum, nr. 251/1995¹³⁷ um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit á svínabúum og nr. 438/2002 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra.

Þessar réttarheimildir eru taldar skipta mestu máli í ritgerðinni af þeirri ástæðu að mest reynir á velferðarsjónarmið þeirra dýra, sem alin eru við þær aðstæður, sem réttarheimildirnar leyfa. Í því felst að þessi dýr eru alin upp við þröngan kost og útivera er með litlum undatekningum engin. Það verður skýrt betur síðar.

MAST gefur árlega út starfsskýrslu og sú síðasta kom út árið 2009. Í fyrsta kafla lið 1.1 bls. 4 þeirrar skýrslu segir m.a. þetta:

„Matvælastofnun sinnir stjórnábyrgð, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra[...]“¹³⁸. Þá segir um framtíðarsýn MAST á sama stað: „að stofnunin muni standa vörð um þá auðlind, sem felst í heilbrigði plantna og heilbrigði og velferð dýra í ómenguðu umhverfi“.¹³⁹ Í starfsskýrslunni segir líka að vígorð MAST sé: „Frá heilbrigði til hollustu“ og segir í skýrslunni „að þetta vísi m.a. til þess að stofnunin fer með löggjöf og eftirlit sem varðar heilbrigði og velferð dýra[...]“.

Hver það er sem á að fara með stjórn dýraverndarmála blasir þó hreinlega ekki við ef höfð er í huga 19. gr. dvl. þar sem segir í 1. mgr. : „Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn allra mála er varða dýravernd“ og í 2. mgr. sömu laga segir:

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og er ráðherra til ráðgjafar. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða samkvæmt lögum þessum í umboði stofnunarinnar. Umhverfisstofnun gerir tillögur til ráðherra um setningu reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla á grundvelli laganna

Í 1. gr. mvs. er hins vegar kveðið á um að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fari með yfirstjórn stofnunarinnar auk laga um dýravernd. Hér virðast því skarast valdheimildir tveggja ráðuneyta. Þessi ábending er í sjálfu sér aukatriði að því gefnu að stjórn dýraverndarmála sé í góðum höndum, ekki síst góðum farvegi. En er hún það?

¹³⁶<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/58b439f05a7f412f00256a07003476bc/04df75b bca84649b00256a62004cf3e8?OpenDocument>

¹³⁷<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/58b439f05a7f412f00256a07003476bc/89ee90 d07eeb949500256a08003182c8?OpenDocument>

¹³⁸ <http://mast.is/Uploads/document/arsskyrsla/starfsskyrslaMAST2009vef.pdf>

¹³⁹ Sama heimild

Fallast verður á það að framangreindar yfirlýsingar í síðustu starfsskýrslu MAST gefi góð fyrirheit en um leið varpar hin gagnrýna hugsun þeirri spurningu fram hver sé raunveruleikinn. Hann er að finna í þeim réttarheimildum, sem áður er getið og í því magni af kjötframleiðslu, sem er stjórnað samkvæmt þeim. Magn kjöt-, eggja- og mjólkurframleiðslu gefur spegilmynd af álagi dýra og eftirlit með því er í höndum framkvæmdavaldsins. Það er falið MAST með aðstoð héraðsdýralækna ásamt búfjárefartilitsmönnum. Hvað felst í þessu tvennu þarfnast skýringa.

6.3 Neysla dýraafurða á Íslandi

Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að gera stuttlega grein fyrir neyslumagni dýraafurða frá dýrum undir mestu álagi og síðan hvaða aðbúnaðarreglum þessi framleiðsla lýtur og þá hvort samhljómur sé á milli þeirra og þess hugsunarháttar um dýravelferð, sem lesa má úr réttarheimildum um dýravernd. Neyslumagn endurspeglar ekki framleiðslumagn og því getur fjöldi dýra verið mun meira en tölurnar gefa til kynna. Kjötbyrgðum er t.d. stundum eytt í talsverðu magni vegna offramleiðslu og þá á sér stað útflutningur. Tölurnar hér á eftir eiga eingöngu við um innanlandsneyslu.

Samkvæmt Hagtölum landbúnaðarins 2010¹⁴⁰ fyrir árið 2008 var sala svínakjöts á íbúa 21,0 kg alifuglakjöts 23,4 kg eggja 10 kg og 137 lítrar af mjólk. Neysluaukning 1960-2007 var 49,6% á kjöti og 108,3% á eggjum. Fjöldi einstaklinga á þessum „vinnumarkaði“ voru 4.265 svín, 168.000 varphænur og 26.000 mjólkurkúr.¹⁴¹ 33.000 minkar framleiddu loðfelda.

6.4 Eftirlitshlutverk héraðsdýralækna

Verksmiðjubúskapur er, sem fyrr segir, undir eftirliti sem MAST hefur yfirstjórn á í samvinnu við héraðsdýralækna. Þeir starfa samkvæmt lögum nr. 66/1998, lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr (dII). Í þeim segir í 2. gr.: „að þeir skulu standa vörð um heilsu dýra í landinu, stuðla að bættu heilsufari þeirra, aukinni arðsemi búfjár og góðum aðbúnaði og meðferð dýra“. Héraðsdýralæknar eru eins og MAST bundnir af aðbúnaðarreglugerðum, sem verða reifaðar síðar í þessum kafla.

¹⁴⁰ Upplýsingarit Bændasamtaka Íslands.

¹⁴¹ Hagtölur landbúnaðarins 2010, bls. 6

Umdæmi héraðsdýralækna eru 14. Í hvert þeirra skal ráða einn héraðsdýralækni skv. 11. gr. dll. en tvo í Vestfjarða- og Austurlandsumdæmi nyrðra. Undanfarin 11 ár hefur þó ekki verið starfandi nema einn héraðsdýralæknir í Vestfjarðaumdæmi skv. síðustu starfsskýrslu MAST. Ástæðan er sú, skv. upplýsingum frá Sigríði Ingu Sigurjónsdóttir héraðsdýralækni Vestfjarðaumdæmis, að ekki hefur tekist að ráða í embættið.¹⁴²

Ef frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða verður að lögum þá mun héraðsdýralæknum fækka úr 11 í sex skv. 37. gr. frumvarpsins.¹⁴³ 39. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir breytingu á núgildandi 13. gr. og á að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að tryggja með reglugerðarákvæði reglubundna dýralækna og bráðabjónustu. Trúverðugleikann um að það gangi eftir er hægt að draga í efa þegar litið er til þess að lagaboði um tvo héraðsdýralækna í Vestfjarðarumdæmi hefur ekki verið sinnt í 11 ár. Þetta eru stórtækar breytingar á núverandi þjónustu og hætt er við að á gæði eftirlitsins halli ef héraðsdýralæknum verður fækkað.

Samkvæmt athugasemdum við 37. gr. frumvarpsins eru það ekki dýraverndarsjónarmið, sem ráða þessari tillögu heldur hætta á hagsmunaárekstrum og ætluð áhrif stjórnsýslu- og samkeppnislaga. Þannig er talin hætta á að hagsmunir héraðsdýralækna og einkastarfandi dýralækna geti leitt af sér að héraðsdýralæknar séu með núverandi hætti betur settir gagnvart því að selja þjónustu en aðrir dýralæknar. Ef að breytingunni verður engin trygging fyrir því að hægt verði að veita almenna dýrlæknaþjónustu enda engin trygging fyrir því að dýralæknir fái til að sinna slíkum verkum í dreifbýlinu.

Að mati héraðsdýralækna er hér um mikla afturför að ræða, ef af verður og skerðingu á tryggingu dýra á þeirri dýralæknaþjónustu sem kveðið er á um í 2. gr. dll. þar sem segir: „að dýralæknar skuli standa vörð um heilsu dýra í landinu“.¹⁴⁴

¹⁴² Samkvæmt símtali við Sigríði Ingu Sigurjónsdóttur héraðsdýralækni Vestfjarðaumdæmis 5.11. 2010.

¹⁴³ Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.þskj. 418. mál. 258, Vefslóð Alþingis: [Hhttp://www.althingi.is/altext/136/s/0418.html](http://www.althingi.is/altext/136/s/0418.html),

¹⁴⁴ Samkvæmt símtali við Sigríði Ingu Sigurjónsdóttur héraðsdýralækni Vestfjarðaumdæmis 5. nóvember 2010.

6.5 Aðbúnaðarreglugerðir

Með framangreindri umfjöllun um framleiðslumagn og eftirlitsaðila ætti að vera ljóst af hverju aðbúnaðarreglugerðir og eftirlit eru mikilvægt.

Þær dýrategundir þar sem eftirlit og verndarsjónarmið skipta langmestu máli eru sem fyrr segir alisvín, alifuglar og kýr. Ástæðan er sú að þar er líkamlegt og andlegt álag mest. Þessi dýr eru frá fæðingu til slátrunar alin innandyra, lúta lögmálum verksmiðjubúskapar og eru þolendur alla sína ævi.

6.5.1 Reglugerð nr. 219/1991 um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit á svínabúum

Langelsta reglugerðin um aðbúnað búfjár er reglugerð um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit með svínabúum nr. 219/1991. Hún rekur uppruna sinn til eldri laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. en í núgildandi 19. gr. bfh. eru fyrirmæli um að reglugerðir settar með heimild í eldri lögum haldi gildi sínu. Þannig er í gildi í dag tæplega 20 ára gömul reglugerð um aðbúnað og eftirlit með svínum á svínabúum. Við fyrstu sín mætti ætla að hún væri barn síns tíma nema hún hafi staðist tímans tönn og þjóni því hlutverki, sem Matvælastofnun telur vera á meðal sinna helstu verkefna, að sinna heilbrigði og velferð dýra.¹⁴⁵

Kveðið er á um gildissvið reglugerðarinnar í 1. gr. hennar. Þar segir: „að aðbúnaði svína og meðferð skuli haga þannig að þörfum þeirra og eðli sé fullnægt að svo miklu leyti sem kostur er og þess gætt að þau þjáist ekki að nauðsynjalausu“. Í 5. gr. reglugerðarinnar er tilgreint með nákvæmum hætti hver lágmarksstærð á stíum og básum skulu vera fyrir hvert dýr. Af 11 ákvæðum auk tveggja bráðabirgðaákvæða er aðeins í þessum tveimur, sem nefnd hafa verið, fjallað um velferð dýranna, sem reglugerðin á við um. Í hinu fyrra er ljóst að aðeins skuli hugað að lágmarksþörfum í því skyni að þörfum þeirra og eðli sé fullnægt, eða eins og kostur er. Þetta er ekki útskýrt nánar. Þetta er kunnuglegt orðalag í réttarheimildum um dýravernd og því verður að skilja orðalagið samkvæmt málvenju þ.e. að þessu skilyrði skuli fullnægt að því marki, sem viðkomandi framleiðandi er fær um eða telji nauðsynlegt. Þetta er háð samþykki héraðsdýralæknis skv. 8. gr. reglugerðarinnar. Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis, hefur staðfest við höfund að ekki sé gengið lengra af svínaframleiðendum en aðbúnaðarreglur kveða á

¹⁴⁵ Sjá helstu verkefni MAST, *Starfskýrsla MAST 2009*, bls. 4.

um.¹⁴⁶

6.5.2 Reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum

Reglugerð þessi fjallar aðbúnað svokallaðra alifugla, sem eru hæsnfuglar, aldir til framleiðslu á kjöti og eggjum auk kalkúna, anda og hænsna og unga sem er ungað út í útungunarvélum sbr. orðskýringar í 1. gr. reglugerðarinnar. Reglugerðinni hefur verið breytt tvívegis með reglugerðum nr. 904/2001 og nr. 701/2002. Tvö ákvæði má „með góðum vilja, túlka sem dýraverndarákvæði og það eru 2. mgr. 7. gr. reglugerðar 251/1995 og 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 701/2002. Í 2. mgr. 7. gr. segir: „Ekki skulu vera fleiri en átta hænur á hvern rúmmetra hússins“ og í 2. mgr. 20. gr. segir: „Húsnæði það sem útungun og eldi fugla fer fram í skal vera rúmgott miðað við þarfir[...]“. Frekari fyrirmæli um dýravelferð er ekki að finna í reglugerðunum.

Hver varphæna afkastar um 142 eggjum ári ef tekið er mið þeim tölum sem birtast í Hagtölum landbúnaðarins 2010. Varpið á sér stað af náttúrulegum hvötum en við mjög þröngar aðstæður í búrum alla ævi þar sem viðfangsefnin eru engin og rými til þess að sinna eðlilegum þörfum til hreyfingar er mjög skert. Dagsbirtu sjá þær aldrei, útivist býðst ekki og aðstæður til flugs eru engar.

Nokkuð erfitt er að átta sig á búrarými varphænsna skv. reglugerðinni. Höfundur sendi því fyrirspurn til dr. Ólafs R. Dýrmundssonar, landbúnaðarráðunauts hjá Bændasamtökunum, en hann er talinn vera manna fróðastur um allt sem viðkemur verksmiðjubúskap á Íslandi. Í svari hans kemur fram að gólfhlötur fyrir 4-5 varphænur sé um 600-700 cm² með mjög lítilli lofthæð. Legupláss tveggja hænsna samsvari stærðinni A3 eða u.þ.b. dagblaðsstærð. Evrópusambandið hefur bannað búranotkun fyrir varphænur eftir árið 2012. Þeirri framkvæmd hefur ekki verið hrint af stað á Íslandi samkvæmt upplýsingum frá dr. Ólafi.¹⁴⁷

Aðbúnaði varphænsna á Íslandi svipar mjög til aðbúnaðar í öðrum ríkjum þar sem hann hefur sætt gagnrýni. Á meðal þeirra sem þennan aðbúnað hafa gagnrýnt er hinn 14 Dalai Lama trúarleiðtogi Tíbeta. 26. ágúst s.l. beindi hann slíkum mótmælum að Bandarískum eggjaframleiðendum með ábendingu um þá skerðingu á lífsgæðum

¹⁴⁶ Samkvæmt samtali við Gunnar, 5.11.2010.

¹⁴⁷ Upplýsingar í tölvupósti 21.11.2010 vegna fyrirspurnar um efnið með tölvupósti 20.11.2010.

dýra sem á sér stað með framleiðslunni. Hann telur það niðurlægjandi fyrir mankyn (degradation of humanity) að koma svona fram við dýr.¹⁴⁸

Sömu aðstæður og að framan greinir eiga við um ræktun kjúklinga og annarra alifugla að öðru leyti en því að þeir eru ekki búrum heldur vistaðar á opnum gólfum og miðað er við hámarksfjölda einstaklinga á m². Í kafla 6.6 verður vitnað í dæmi um það hvernig meðferð þeirra getur að öðru leiti verið háttáð af umráðamönnum þeirra.

Ein afleiðing þrengslamyndunar almennt hjá dýrum eru aukin streitueinkenni. Það á sérstaklega við í alifuglarækt.¹⁴⁹ Aukin streita veldur því að sjúkdómavörn líkamans, ónæmiskerfið, verður veikburða. Þannig ná t.d. salmonellu- og campylobactersýkingar sér á strik. Salmonellusýkingar í fuglakjöti geta reynst mönnum hættulegar og campylobactersýkingar geta leitt fuglana til dauða.¹⁵⁰

Neytendur eru lítið upplýstir um framleiðsluhætti í þessari búskapargrein. Í rannsóknartilgangi, til að komast að því hvernig framkvæmd aðbúnaðarreglugerðarinnar er háttáð, óskaði höfundur eftir því að koma í vettvangsskoðun til stærsta framleiðanda á þessu sviði á Íslandi. Því var hafnað af verksmiðjustjóra.¹⁵¹

6.5.3 Reglugerð nr. 438/2002 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra

Í 1. gr. þessarar reglugerðar er fjallað um tilgang og gildissvið. Þar segir: „að tryggja skuli svo sem kostur er góða meðferð og aðbúnað nautgripa svo að þörfum þeirra sé fullnægt[...]“. Hér er aftur kunnuglegt orðalag á ferð um að uppfylltar skulu lágmarksþarfir. Í 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar segir m.a.: „að tryggja skuli öllum gripum, utan graðnautum, 8 vikna útivist hið minnsta“. Í 4. mgr. 6. gr. segir: „að tryggt skuli vera að í öllum húsum gæti dagsbirtu“. Reglugerðin kveður á um heimild til svokallaðra básafjósa sbr. 7. gr. þar sem mjólkurkýr eru festar/bundnar í bás samkvæmt ráðlagðri stærð sem er 1,50 m á lengd og 1,15 m á breidd (1,725m²). Þá veitir reglugerðin heimild fyrir lausagöngufjósum þar sem kýr ganga lausar í

¹⁴⁸ http://www.hsi.org/assets/images/special_projects/dalai_lama_letter_2010.jpg

¹⁴⁹ Viðtal við Sif Traustadóttir dýralæknir í fréttum á RÚV, 25.11.2010. Aðgengilegt á <http://dagskra.ruv.is/sjonvarpid/4547173/2010/11/25/11/>

¹⁵⁰ Samkvæmt símtali við Brigitte Brugger, eftirlitsdýralækni alifugla hjá MAST, 2.12.2010

¹⁵¹ Tölvupóstur frá Þorsteini Þórhallssyni, versmiðjustjóra hjá Ísfugli, 3.12.2010

afmörkuðu rými. Samkvæmt upplýsingum frá Hákonni Hanssyni héraðsdýralækni Austurlandsumdæmis syðra og Sigríði Ingu Sigurjónsdóttur héraðsdýralækni í Vestfjarðaumdæmi er skiptingin á milli notkunar á lausagöngu og básafjósá jöfn.¹⁵² Í 13. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að einungis skuli einu sinni á ári framkvæmt eftirlit með þessu búskap í hverju umdæmi héraðsdýralækna.

Í skilningi dýraverndarsjónarmiða felast megingallar básafjósá í 7. gr. reglugerðarinnar. Í henni er heimilað að binda mjólkurkýr fastar við bása þar sem rými takmarkast við tæpa 2m². Athafnafrelsi er þar ekkert og þær hafa ekki annað fyrir stafni utan mjalta en heyát og jórtrun.

Alsjálfvirk mjólkurbú hafa verið leyfð á Íslandi. Í því felst lausaganga mjólkurkúa innandyra. Kýrnar eru einkenndar með tölvukubbum. Sjálfvirknin felst í því, að kýrnar hafa val um það hvenær þær láta mjólka sig. Mjaltir eru framkvæmdar af sjálfvirkum tölvustýrðum útbúnaði. Á milli mjalta ganga þær lausar. Kosturinn við lausagöngubú felst í tvennu. Minna vinnuálag er hjá umráðamönnum og kýrnar hafa meira athafnafrelsi. Ókosturinn við slík bú er álitin vera sá að mannleg afskipti minka og því hefur umráðamaðurinn takmarkaðri yfirsýn yfir annað en hann sjálfur kýs og hugbúnaður í tölvum bíður upp á hverju sinni. Í hugbúnaði er mest áhersla lögð á að fylgjast með nytjum kúnna og hvernig þær fóðrast. Frávik frá því gerir tölvan viðvart um. Nokkur alsjálfvirk mjólkurbú eru á Íslandi. Einu þeirra er stjórnað úr öðrum landshluta og tilkynningar um frávik eru sendar símleiðis eða með smáskilaboðum (SMS) til viðkomandi umráðamanns.

Aðra tvo ókosti m.t.t. dýravelferðar má nefna vegna sjálfvirkra lausagöngufjós. Annars vegar þann að í slíkum búum er hætta á slysum vegna togstreitu um goggunarröð(hierarchy) dýra innbyrðis sem getur leitt til slagsmála. Þar sem er takmarkað mannleg eftirlit getur þetta haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu dýra.

Hins vegar er ekki gerð krafa um nema 8 vikna útivist árlega og á sú krafa við um bæði básafjós og lausagöngufjós. Eins og fram kemur síðar er þessari lágmarkskröfu um útivist kúa ekki fylgt eftir að sumum kúabændum. Virðingarleysi fyrir því er alvarlegt. Hver kannast ekki við augljósa þörf kúa á útiveru, sem endurspeglast í hegðun þeirra þegar þeim er hleypt út úr fjósi í fyrsta skipti á vorin eftir vetradvöl innandyra bundnar við bása.

¹⁵² Samkvæmt símtölum við báða héraðsdýralæknana 5.11. 2010.

Að framan hafa verið reifuð þau atriði í reglugerðum, sem telja verður að skipti máli þegar velferðarsjónarmið þeirra dýra sem hér er fjallað um eru höfð í huga. Í þeim er hvergi að finna bein fyrirmæli um að það skuli vera forgangsattriði að gætt sé að dýravelferð. Samkvæmt upplýsingum frá Gunnari Erni Guðmundssyni héraðsdýralækni Gullbringu og Kjósarumdæmis þá ganga framleiðendur aldrei lengra en uppfylla lágmarksskilyrði skv. reglugerðum.¹⁵³

6.6 Eftirlit, tengsl og persónuvernd

Í starfsskýrslu Matvælastofnunar 2009 kemur eftirfarandi fram varðandi alifuglaframleiðslu í kafla VI. Heilbrigði og velferð dýra¹⁵⁴

Endurtekið bárust tilkynningar frá eftirlitsdýralæknum vegna fótameina í kjúklingahópum. Breytingarnar fela í sér dritbruna í fótunum sem koma í ljós við slátrun hópanna. Einnig hafa borist tvær tilkynningar um illa meðferð alifugla við tínslu og flutning í sláturhús. Voru fuglarnir í þessum hópum illa vængbrotnir og með opin beinbrot. Slík meiðsl koma upp við grófa meðhöndlun við tínslu í flutningskassa og einnig þegar of þröngt er í kössum.

Á öðrum stað í skýrslunni kemur fram um nautgriphald¹⁵⁵

Farið var í átak vegna útivistar nautgripa vegna gruns um að kýr væru ekki settar út á einhverjum bæjum. Ástæða þótti til að skrifa 18 bændum bréf þar sem þess var krafist að ákvæðum reglugerðarinnar um 8 vikna útivist nautgripa væri framfylgt. Í 8 tilfellum var orðið við kröfum MAST og í nokkrum tilfellum var gefinn frestur til að bæta úr fyrir næsta sumar

Þeim sem gefin var frestur sinnu ekki tilmælum MAST og hafa nú verið kærðir fyrir brot á lögum um dýravernd sbr. fréttatilkynningu á heimasíðu MAST 25. nóv. sl.¹⁵⁶

Athyglisvert er að í starfsskýrslu MAST sjá tveir eftirlitsdýralæknar, dýralæknar alifugla og nautgripa, sértaka ástæðu til að fjalla um dýravelferð í fyrrnefndum VI. Kafla um Heilbrigði og velferð dýra. Í skýrslu eftirlitsdýralæknis svína, þar sem kjötframleiðsla er einna mest, er velferðarmálum ekki gerð nein skil.

Hér verður sauðfjárbúskapur ekki tekin til umfjöllunar, enda fellur hann ekki undir hugtakið verksmiðjubúskapur í þröngri merkingu. Mikilvægt er þó að taka fram að í starfsskýrslu MAST 2009 sér eftirlitsdýralæknir sauðfjár og geita ástæðu til að taka

¹⁵³ Símtal við Gunnar Örn Guðmundsson 10.11.2010.

¹⁵⁴ Starfsskýrsla MAST 2009, bls. 72.

¹⁵⁵ Sama heimild, bls. 82.

¹⁵⁶ Matvælastofnun, „Forráðamenn níu kúabúa kærðir fyrir brot á lögum um dýravernd“, Aðgengilegt á : [Hhttp://mast.is/index.aspx?GroupId=505&TabId=511&NewsItemId=2799&ModulesTabId=919H](http://mast.is/index.aspx?GroupId=505&TabId=511&NewsItemId=2799&ModulesTabId=919H), Sótt 25.11.2010.

sérstaklega fram „að því miður hafi stofnunin þurft að takast á við erfið mál vegna vanhirðu á sauðfé“.¹⁵⁷ Um eitt slíkt nýlegt var fjallað í lok kaflans um refsheimildir og dómaframkvæmd. (Stórhólmál)

6.6.1 Möguleg áhrif tengslamyndunar á dýravernd

Íslendingar eru yfirleitt stoltir af þeirri ímynd sinni að vera lítið, samstillt og sjálfstætt þjóðfélag. Það er oft sagt að hér þekki allir alla og að á Íslandi sé sterkt tengslanet. Hér fylgjast nágrennar hver með öðrum og í áföllum heyrir stundum sagt að landsmenn séu eins og ein stór fjölskylda.

Því má spyrja getur tengslamyndun haft áhrif á mikilvægar ákvarðanir í dýravelferð.

Mikill fjöldi bænda, fjölskyldna þeirra, stórra og smárra fyrirtækja byggir afkomu sína á þeim afurðum, sem koma beint frá býli eða úr verksmiðjubúskap. Allur þessi búskapur er, eins og áður hefur greint frá, eftirlitsskyldur af hálfu héraðsdýralækna að ógleymdri hinni borgarlegu skyldu allra að lögum að tilkynna um grun á brotum á lögum um dýravernd sbr. 1. mgr. 18. gr. dvl. Héraðsdýralæknar eru búsettir í umdæmum sínum í þeim tilgangi að vera sem næst þeim vettvangi, sem þeir eiga að þjóna. Við slíkar aðstæður þarf af augljósum ástæðum að ríkja mikið traust, jafnvel trúnaður á milli þeirra og hagsmunaaðila um leið og þeir eiga að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna, dýranna.

Þannig má ekki hafna því að með bóndanum á næsta bæ og dýralækni hans geti myndast önnur tengsl en eingöngu faglegs eðlis. Í ljósi þess vaknar óhjákvæmilega sú spurning hvort geta þeirra til að aðgreina vinskapa og velferð dýra geti brugðist. M.ö.o þá telur höfundur það gilda spurningu hvort þær aðstæður geti komið upp að víkja hagsmunum, sem dýraverndarlög eiga að vernda, til hliðar í þeim tilgangi að vernda eigin hagsmuni.

Það er kunnara, en frá þurfi að segja, að á Íslandi hefur margt verið talið slétt og fellt á yfirborðinu en þegar betur hefur verið að gáð reynst meingallað. Þannig er ekki hægt að horfa fram hjá því að héraðsdýralæknar hafa hagsmuni af því að halda frið við eftirlitsskylda aðila, sem jafnframt hljóta að teljast samstarfsaðilar þeirra. Undir slíkum kringumstæðum er það í mannlegu eðli að ganga ekki lengra en nauðsyn krefur til að ná lögmæltum markmiðum og auðvelt er að villast á þeirri leið þegar hin

¹⁵⁷ Starfsskýrsla MAST 2009, bls. 83.

lögmæltu markmið eru óljós og matskennd. Það getur orðið á kostnað einstaklinganna úti í fjárhúsum, fjósum eða hins fangelsaða fiðurfénaðar, sem aðeins fáir sjá fyrr en þeir að lokum hafa verið klæddir líkfötum sínum, umbúðum framleiðandanna, sparifötin sem neytendur vilja sjá.

6.6.2 Persónuvernd

Oft er talað um að dýraverndarmál séu viðkvæm mál. Líklega eru það orð að sönnu að það hljóti að vera álitshnekkir fyrir æru hvers manns að vera borinn sökum um brot á lögum um dýravernd og hljóta sakfellingu. Slíkri viðkvæmni er hægt að sína skilning. Þegar undirbúningur var í gangi fyrir þessa ritgerð sóttist höfundur eftir ýmsum gögnum, sem leiddu til ákæru í máli því sem hér á undan var fjallað um og nefnt Stórhólmál. Tilgangurinn með gagnaöfluninni var aðeins einn, rannsókn á því hvað leiddi til tillögu ákærvalds um málalyktir, sem dómari síðan féllst á. Lögfræðilegur skilningur á þessu var áhugaverður fyrir höfund.

S.l. vetur hafði höfundur því samband við lögfræðisvið MAST sem kærði málið í upphafi. Samkomulag varð um að íhuga ósk höfundar, en málið var talið viðkvæmt af hálfu MAST. Gögn bárust aldrei. Þau voru síðar fengin eftir öðrum leiðum en aðeins hluti málsskjala, ákæra o.fl. Það dugði þó til að fjalla um málið á þann hátt sem hér hefur verið gert. Annað var bundið trúnaði, sem við var staðið.

5. nóvember s.l. hafði höfundur samband símleiðis við vitni í málinu, héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra, umdæminu sem málsatvik Stórhólmálsins áttu sér stað í. Héraðsdýralæknirinn tók erindinu vel og taldi í símtalinu að ekki væri um viðkvæm málsgögn að ræða.¹⁵⁸ Frá vitninu bárust skjölin síðan með tölvupósti. Notkun upplýsinga var skv. tölvupóstinum nú bundin trúnaði þangað til og ef samþykki lögfræðisviðs MAST fengist. Höfundur var ella beðinn um eyða gögnunum.¹⁵⁹

Framangreind umfjöllun lýsir því hvaða hættur má hugsa sér að steðji að þeim hagsmunum sem dýraverndarlögum er ætlað að vernda með eftirliti, vegna tengsla og þeirrar persónuverndar, sem halda má fram að stunduð sé á Íslandi í dýraverndarmálum og dæmið að framan lýsir. Gagnrýnin hugsun krefst þess að

¹⁵⁸ Símtal við Hákon Hansson, héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra, 5. nóvember 2010.

¹⁵⁹ Tölvupóstur frá Hákon Hanssyni héraðdýralækni, 5.11. 2010.

fyrirgreindum sjónarmiðum sé gefinn gaumur. Í velferðarmálum dýra hlýtur það að vera krafa að þau fái að njóta lágmarks vafa þó ekki sé nema í fræðiskrifum.

6.7 Menntun umráðamanna búfjár

Engar menntunarkröfur eru gerðar á Íslandi til þeirra, sem hafa atvinnu af því að ráðskast með dýralíf, aðrar en þær, sem gerðar eru til menntunar dýralækna og búfjárefartilismanna. Framleiðslu búfjárafurða getur hver sem er hafið svo fremi sem fyrir liggur samþykki viðkomandi yfirvalds og byggir það á mati á því hvort lágmarksaðbúnaðarkröfur hafi verið uppfylltar samkvæmt reglugerðum.

Því fylgir augljós ábyrgð að vera umráðamaður dýra, í því felst að fyrir velferð þeirra sé séð. Þegar reglum um aðbúnað sleppir bíða aðrar skyldur. Almennt er nú viðurkennt er að dýr séu tilfinningarverur, sem tjá sig hvert á sinn eðlislæga hátt. Mikið af þessu tjáningarformi er maðurinn farinn að skilja. Táknmál hunda og katta, vinsælustu gæludýranna þekkja t.d. flestir. Þegar köttur sig setur á sig kryppu er hann sleginn ótta. Þegar hundur setur undir sig rófunu þá er hann óttasleginn. Munurinn á gæludýrahaldi og búfjánhaldi er hins vegar stór. Gæludýr er yfirleitt eitt um athygli eiganda síns, þau hafa oftast nóg frelsi og njóta almennt góðs af því að maðurinn fær sér þau til að njóta þeirra og vill að þeim líði vel. Hann beinir athygli sinni að líðan þeirra og reynir skilja þau á sama hátt og foreldrar gera sér far um með lítil börn með takmarkaða tjáningargetu.

Búfjánhald þeirra tegundar sem hér er til umfjöllunar kallar á stöðuga innlokun við allt aðrar aðstæður en flest önnur dýr lifa við. Talið er að hryggdýr búi öll yfir sama eiginleikanum til að skynja. Það á líka við um skynjun á vellíðan og sársauka. Þau eru tilfinningaverur og það á við um allt búfé. Dýrahaldi fylgir því sú ábyrgð, ef menn vilja sýna hana, að umráðamenn dýra kunni skil á tjáningarmáta dýra. Dýr geta ekki sagt frá því þegar þeim líður illa. Ef þau gætu talað er líklegt að fyrsta krafa sumra þeirra væri að hafna því hvernig þeim væri haldið og ef tillit væri tekið til þess hefði þessi ritgerðarsmíði aldrei átt sér stað.

Mikilvægt er því að búfjáreigendur kunni að greina tjáningu, atferli eða önnur skilaboð dýra um vellíðan og vanlíðan. Margir kunna það en marga skortir líka þá þekkingu. Um það vitna heimildir í þessari ritgerð. Þessi þekking fæst einungis með fræðslu og langri reynslu vökuls auga og áhuga. Slíkt getur verið erfitt á stóru búi þar sem mörg dýr krefjast athygli. Því stærri sem hópurinn er því minni verður athyglin á

hvern einstakling. Í þessum efnum virðist halla á hjá búfánaði á Íslandi. Í starfsskýrslu MAST 2009 á bls. 83 segir eftirfarandi:

Því miður er eitthvað um að umráðamenn dýra gera sér ekki grein fyrir eigin vangetu til að sinna dýrunum. Þá getur farið svo að fólk blindast og sér ekki eða vill ekki sjá að dýrunum líður illa og þau vanþrífist.

Máltæki segir: „Enginn er eins blindur og sá sem ekki vill sjá“.

Með fyrrnefnt í huga og dýravelferðarsjónarmið almennt vekur það þess vegna nokkra undrun að engar menntunarkröfur eru gerðar til þeirra, sem hafa með höndum verksmiðjubúskap þó bókleg þekking komi aldrei í stað verklegra hæfileika og áhuga. Hvorttveggja þarf yfirleitt að fara saman svo að góður árangur náist. Á Íslandi virðist mikið byggt á því að hægt sé að treysta á reynslu og að þekking á góðum búskaparháttum gangi áfram á milli kynslóða.¹⁶⁰

Skoðun löggjafans var fyrir nokkrum árum sú að æskilegt gæti verið að þeir sem héldu búfé byggju yfir einhverri menntun. Um það mátti lesa í lokamálslið 7. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. sem feld voru úr gildi nógildandi lögum um sama efni.

Þar kemur eftirfarandi fram:

Landbúnaðarráðherra er rétt að gefa út reglugerðir fyrir einstakar búfjártegundir þar sem nánar er kveðið á um atriði er lúta að aðbúnaði og meðferð gripa, gripahúsa, þar með talin ákvæði um innréttingar, rýmisþörf gripa, loftræstingu, birtu í húsi, fóðurgeymslur og fóðurútbúnað, svo og ákvæði um umhirðu gripa og eftirlit, skráningu á vanhöldum og heilbrigði búfjár og eftirlit með gripum sem ganga úti hluta ársins. Jafnframt er í reglugerð heimilt að kveða á um kröfur til reynslu og þekkingar þeirra sem búfé halda eða hirða.

Þessi heimild hefur aldrei verið nýtt. Löggjafinn gerir m.ö.o engar kröfur til lágmarkspekkingar umráðamanna dýra. Einu menntunarkröfurnar, með mjög rúmri túlkun, er að finna í e lið 2. mgr. 7. gr. a reglugerðar nr. 577/2009 þar sem kveðið er á um þjálfun starfsmanna í tengslum við innra eftirlit á svínabúum. Með innra eftirliti er samkvæmt ákvæðinu átt við að það skuli lýsa þeim fyrirbyggjandi aðgerðum, sem gripið er til, til að tryggja gæði, öryggi og hollustu svínaafurðanna. Hér er virðist áherslan í raun samt eingöngu neytendavernd.

Með brottfalli 7. gr. eldri laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. sem vísað er til að framan er því hvergi að finna neinar heimildir fyrir ráðherra til að setja efni af þessum toga í reglugerð. Þetta er ekki í samræmi við almenna lagaþróun, sem miðar yfirleitt

¹⁶⁰ Samkvæmt símtal við Jóhönnu Bergmann Þorvaldsdóttur 6.11.2010. Jóhanna rekur stærsta geitabú Íslands að Háafelli í Hvítársíðu í uppsveitum Borgarfjarðar.

Í þá átt að gera sífellt auknar kröfur til þekkingar á flestum sviðum vegna margvíslegra hagsmuna, sem verið er að reyna að vernda. Líta má svo á að hér sé um íþyngjandi ákvörðun að ræða og því þurfi lagaheimild til að nýju.

Einu viðleitnina um leiðbeiningu til þeirra, sem stunda búskap er hægt að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is. Um er að ræða samantekt á bls. 3, sem nefnist „Starfsreglur um góða búskaparhætti“ og var gefin út 2002.¹⁶¹ Þar má finna eftirfarandi texta: „Góð meðferð á dýrum er sjálfsagður hluti af góðum búskaparháttum enda fer það saman að hugsa vel um dýr og uppskera góðan ávöxt af búrekstrinum“.¹⁶²

Að framan hefur verið gerð grein fyrir samspilinu á milli fjöldaframleiðslu dýraafurða við þröngar aðstæður dýra, verksmiðjubúskap, og hvaða reglum sú framleiðsla lýtur. Sú framleiðsla krefst aðstæðna og álags á dýr, sem halda má fram að sé langt frá eðlislægum þörfum þeirra og þar sé gengið eins langt á líkamlega og andlegt þol þeirra og unnt er án þess að yfirstíga þau mörk sem dýraverndarlög setja hverju sinni og byggist á mati en ekki vísindalegum sannindum. Í raun er stundum teygt á þanþoli lífsvilja og styrks þeirra til hins ítrasta af þeim sem til þekkja, sum gefast upp eins og fram kemur í dómum sem reifaðir hafa verið og önnur dæmi eru um.

Einu má þó líklega halda fram. Ef neytendur gerðu sér grein fyrir meðvirkni sinni í lífsgæðaskerðingu sumra dýra, sem falin er í neyslu hvers munnbita er ekki ólíklegt að mörgum myndi finnast það ógeðfellt. Það er aðalástæða þess að milljónir manna hafa af samviskuástæðum einum breytt lífstíl sínum og ákveðið að sneypa framhá neyslu afurða sem rekur uppruna sinn til verksmiðjubúskapar.

¹⁶¹ <http://ust.is/Frodleikur/UtgefidEfni/nr/62>

¹⁶² <http://www.ust.is/media/fraedsluefni/buskaparhaettir.pdf>

7 Samantekt og lokaorð

Höfundur ákvað að takast á við það verkefni, sem ritgerð þessi fjallar um á haustmánuðum 2009. Hafði það þá blundað í honum frá upphafi laganáms. Lítil sem engin umræða hafði þá átt sér stað um dýraverndarmálefni á Íslandi. Í kjölfar fréttar um illa meðferð á svínum í nóvember s.l. vakti höfundur athygli blaðamanns á því að ill meðferð á dýrum væri talsvert umfangsmeiri en kom fram í umfjöllun fréttamanns.¹⁶³ Í framhaldi af fréttinni hófst nokkur umræða um málefni dýraverndar á meðal almennings, í fjölmiðlum og hún hefur náð inn á borð stjórnvalda. Komið hefur í ljós að víða er pottur brotinn.

Með aukinni þekkingu sinni á umhverfi, náttúru og skilningi á því eðli og þörfum dýra einkum í umráðum manna hefur afstaða manna hægt en bítandi verið að færast í átt til aukinna verndarsjónarmiða á öllum fyrrgreindum sviðum en forgangsröðun þeirra verið misjöfn. Dýraverndarsjónarmið hafa átt erfitt uppdráttar, a.m.k. á meðal stjórnvalda á Íslandi, hingað til. Blikur eru þó á lofti um að það kunni að vera að breytast verulega.

Aukið tillit til lífs hefur þó átt vaxandi fylgi að fagna á meðal margra nágrannaþjóða. Sumar eru komnar lengra en aðrar. Í upphafi þessarar ritgerðar var því hafnað að dýraverndarlögin væru slæm í núverandi mynd og reynt að sýna fram á hvert markmið löggjafarinnar er og hefur verið. Þar var aðallega vísað í lögskýringargögn fyrri tíma og því haldið fram í réttarsögulegu samhengi að vel væri hægt að komast að því til hvers vilji löggjafans stendur í þessum efnunum enda engar vísbendingar um það að finna að hann hafi neitt breyst. Hann sé í raun dýrum í hag þó hægt sé að draga í efa að það birtist í verki. Í því sambandi var því haldið fram að afrakstur framkvæmdavalds í meðferð dýraverndarmála væri ekki í takt við það sem lögin boða né dómaframkvæmd.

En með rétttri nálgun, einbeitingu og góðum vilja alltaf má úr bæta og engin ástæða er til að ætla annað en að sá sé hinn almenni vilji hér á landi. Ríki hafa farið ýmsar leiðir í þessu sambandi byggt ólíkum menningarstraumum, siðum og viðhorfum.

Þjóðverjar kveða á um samband manna og dýra í grein 20a stjórnarskrár sinnar. Í enskri þýðingu ber hún yfirskriftina Protection of the natural foundations of life and animals segir:

¹⁶³ Tölvupóstur til Erlu Hlynisdóttur, blaðamanni hjá 365, 23.11.2010.

Mindful also of its responsibility toward future generations, the state shall protect the natural foundations of life and animals by legislation and, in accordance with law and justice, by executive and judicial action, all within the framework of the constitutional order.¹⁶⁴

Íslendingar líta gjarnan til þess, sem þeim stendur næst í þessum efnum. Norðmenn hafa nýlega sett sér nýja löggjöf í dýravernd. Það eru lög nr. 97/2009, Lov om dyrevelferd.¹⁶⁵ Þau telja 40 ákvæði auk fyrirmæla í yfir 200 reglugerðum samkvæmt lauslegri talningu.¹⁶⁶ Lögin voru kynnt af Lars Peter Brekk, landbúnaðar- og matvælaráðherra á blaðamannafundi 28. nóvember 2009. Þar kom fram sú megináhersla Norðmanna. sbr. 3. gr. laganna, að dýr eigi hagsmuni, sem ber að standa vörð um óháð þeim hagsmunum sem maðurinn kann að hafa af nýtingu þeirra.¹⁶⁷

Í Sviss og Austurríki má finna aðra nálgun. Þar hefur hugmyndinni um talsmann fyrir dýr verið hrint í framkvæmd. Hann er ekki málsaðili en hefur þann rétt að taka þátt í málum frá upphafi með aðgang að öllum gögnum og hann hefur ábendingarrétt. Líkja má honum við stöðu réttargæsluaðila. Hann talar fyrir þeim hagsmunum sem lögin eiga að vernda - hagsmunum dýra.

Nýjasta áhersla Evrópusambandsins er, að það viðurkennir að dýr séu skyni gæddar verur, sentient beings, sbr. umfjöllun hér á undan.¹⁶⁸

Vatíkanið í Róm á Ítalíu er talið hafa stöðu ríkis að þjóðarétti.¹⁶⁹ Kapólska kirkjan er stærsta kristna kirkjudeild heims. Yfirlýsingar páfa teljast því til stefnumótandi ríkjayfirlýsingar. Á meðal efnis í yfirlýsingu Jóhannesar Páls páfa II á degi friðarins 1. janúar 1990 er að maðurinn hafi ríkar siðferðilega skyldur gagnvart öllu sköpunarverkinu.¹⁷⁰ Á sama hátt mælti Joseph Cardinal Ratzinger, nú Benedikt páfi XVI í viðtalsbók við hann, *The God and the world*¹⁷¹. Í henni er haft eftir honum: „[...]manninum er óheimilt að gera hvað sem honum þóknast við dýr“. „[...]dýr eru

¹⁶⁴ Þýska stjórnarskráin, Aðgengileg á: [Hhttp://www.gesetze-im-internet.de/englisch_gg/englisch_gg.html](http://www.gesetze-im-internet.de/englisch_gg/englisch_gg.html)H. Sótt 10.12.2010

¹⁶⁵ Norsku dýraverndarlögin, aðgengilegt á :www.lovddata.no/all/hl-20090619-097.html#1 Sótt 10.12.2010

¹⁶⁶ Safn norskra reglugerða með stoð í lögum um dýravernd. Aðgengilegt á [Hwww.lovddata.no/for/sf/sf-20090619-097.html](http://www.lovddata.no/for/sf/sf-20090619-097.html)H. Sótt 10.12.2010

¹⁶⁷ Dyr har egenverdi uavhengig af den nytterverdigen de måtte har for mennesker.

¹⁶⁸ http://ec.europa.eu/food/animal/index_en.htm

¹⁶⁹ Shaw N. Malcolm., *International law*, fifth edition, Cambridge 2006, bls.218.

¹⁷⁰ Skilaboð Jóhannesar Páls II á degi friðarins 1. janúar 1990. Aðgengilegt á: [Hwww.vatican.va/holy_father/john_paul_ii/messages/peace/documents/hf_jp-ii_mes_19891208_xxiii-world-day-for-peace_en.html](http://www.vatican.va/holy_father/john_paul_ii/messages/peace/documents/hf_jp-ii_mes_19891208_xxiii-world-day-for-peace_en.html)H, sótt 10.12.2010

¹⁷¹ Seewald Peter, *The God and the world*, conversation with Joseph Cardinal Ratzinger, San Fransisco 2002, bls. 78.

sköpunarverk Drottins, líf sem mannum ber að umgangast af virðingu í ljósi þess að dýr eru samferðafélagar okkar hér á jörðinni og mikilvægur og órjúfanlegur þáttur sköpunarverksins“. Um verksmiðjubúskap er Benedikt XVI mjög beinskeyttur. Hann telur það ekki samræmast virðingu mannsins og raun niðurlægjandi fyrir hana eins og þeim búskap er háttað núna. Hann nefnir, sem dæmi, gæsir sem haldið er í búrum við þvingaða matargjöf í þeim tilgangi einum að auka lifrarvöxt þeirra og hænsnfugla í búrum með það eina markmið að framleiða sem mest af eggjum.¹⁷²

Í mennt felst máttur. Höfundur telur að með aukinni umræðu og fræðslu á sviði dýraverndar megi efla þekkingu og þannig megi færa margt til betri vegar hér á landi. Vilji virðist vera til slíks, sérstaklega eftir að nýlega hefur verið vakin athygli á bágrri stöðu dýra á sumum sviðum. Sú umræða hefur m.a. leitt af sér að 26. nóvember s.l. skipaði Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp til að leysa úr vanda svínaræktar á Íslandi.¹⁷³ 2. des. s.l. sagði Jóhannes Gunnarsson formaður Neytendasamtakanna¹⁷⁴: „að siðræn hugsun þurfi að koma til í framleiðslu á dýraafurðum“¹⁷⁵ og 9. des. s.l. spyr Ólína Þorvarðardóttir, alþingismaður, fræðimaður og rithöfundur í bloggi sínu „Hver vill borða kjöt af þjáðri skepnu“¹⁷⁶ Hér er aðeins fátt nefnt frá umfjöllun ýmissa aðila síðustu vikur.

Með norsku lögnum fylgir 128 bls. ítarlega greinargerð þar sem reifað er af nákvæmni hvert gildissvið, tilgangur og markmið löggjafarinnar er. Höfundur telur að gagn gæti verið að því að líta til aðferða Norðmanna við endurskoðun núverandi laga. Markvissara orðalag í lögum gæti líka verið til bóta svo hafið væri að mestu yfir allan vafa hver andi laganna er og hann skili sér til allra, frá almenningi til dómstóla. Lög má m.ö.o. alltaf bæta. Auk þessa væri að mati höfundar gagnlegt að útrýma óljósri hugtakanotkun í refsíákvæðum laganna þannig að auðveldara væri að heimfæra verknaðarlýsingar við lagaákvæði. Gera þarf dómurum auðveldara fyrir að meta hvers eðlis brot er svo að refsing geti orðið samræmi við alvarleika brota. Aðeins þannig geta lög haft þau fælniáhrif sem þeim er ætlað en á sama tíma þurfa þau að geyma leiðbeiningar sem leiða til góðra verka.

¹⁷² Sama heimild, bls. 78

¹⁷³ Fréttatilkynning ráðuneytisins nr. 72/210, „Málefni svínaræktar“ Aðgengilegt á www.sjavarutvegsraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/10296H, sótt á netið 26.11.2010.

¹⁷⁴ Heildarfjöldi skráðra meðlima samtakanna er 10.700 einstaklingar samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra þeirra 3.12.2010

¹⁷⁵ Viðtal við Jóhannes í síðdegisfréttum kl. 16.00 á RÚV 2.12.2010.

¹⁷⁶ Ólína Þorvarðardóttir, „Hver vill borða kjöt af þjáðri skepnu“. Aðgengilegt á <http://blog.eyjan.is/olinath/> Sótt á netið 10.12.2010.

Íslendingar eiga það til að taka stór stökk í ýmsum skilningi. Bröltið úr moldarkofunum kostaði barning og barráttan til sjálfstæðis einkenndist af einbeitingu, styrk og sannfæringu um að hér hefði skapast samfélag sem ætti að hafa sérstöðu sem sjálfstætt þjóðfélag. Enn á ný eru Íslendingar í þeim sporunum að vilja endurskoða ýmislegt sem skilgreinir þá sérstaklega sem siðaða þjóð. Kallað hefur verið eftir bættu siðferði á öllum sviðum og í víðasta skilningi þess hugtaks. Sjálfskoðun á sér stað í samfélaginu. Sú rýnivinna hefur breytt rækilega úr sér og sífellt eru að opnast ný sjónarhorn sem eru teikn um aukinn vilja til víðsýni og framsýni. Óumdeilt verður að teljast að þau sjónarmið hafi undanfarið færst í aukana á því sviði sem þessi ritgerð fjallar um. Í smæð okkar felst sá styrkur að hægt er koma hlutum fljótt í framkvæm og af hverju ættu Íslendingar ekki sem grænt smáveldi einmitt að nýta sér þá jákvæðu ímynd sem felst í því að vera fremst sviði dýraverndar á meðal nágrannþjóða vorra.

Hversu vel þjóðfélagsþegnar kæmu fram við dýr var ein skilgreining Mohandas Karamchand Gandhi á góðu samfélagi. Hann á að hafa sagt: „The greatness of a nation and its moral progress can be judged by the way its animals are treated“.¹⁷⁷

Árið 1952 vann dr. Albert Schweitzer til friðarverðlauna Nóbels. Textinn sem hér fer á eftir er bæn, sem af mörgum er talin hans, ef ekki þá var hún tileinkuð honum og framlagi hans til dýraverndar.

Hear our humble prayer, O God, for our friends the animals,
especially for animals who are suffering;
for animals that are overworked, underfed and cruelly treated;
for all wistful creatures in captivity that beat their wings against bars;
for any that are hunted or lost or deserted or frightened or hungry;
for all that must be put death.
We entreat for them all Thy mercy and pity,
and for those who deal with them we ask a heart of compassion
and gentle hands and kindly words.
Make us, ourselves, to be true friends to animals,
and so to share the blessings of the merciful.¹⁷⁸

Megi svo verða á Íslandi, sem Mohandas Gandhi mun hafa sagt og bænin hér að framan lýsir ...*dýranna vegna!*

¹⁷⁷ Planet bytes, „Mahatma Gandhi Quote on Animals“, 24.10.2006. Aðgengilegt á www.fearnomorezoo.org/pb/index.php?mode=viewwid&post_id=23H, Sótt á netið 10.12.2010

¹⁷⁸ Schweitzer Albert, *Animals, Nature and Albert Schweitzer*, 8. útgáfa, Washington D.C. 2000

HEIMILDASKRÁ

Innlendar heimildir

Alþingistíðindi

1913, þskj. 617, bls. 1208, þskj. 693, bls. 1369.

1915, A hluti þskj. 146, bls. 342. þskj. 658, bls. 1083.

1915, B hluti, bls. 878.

1925, A hluti, þskj. 144, bls. 321. B hluti, bls. 1059.

1956, 76. löggjafarþing, þskj. 10, bls. 147, bls. 150, bls. 1131, þskj. 415, bls. 1147.

1967, frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravernd, þskj. 433, 152. mál, bls. 996.

Ágúst Einarsson, *Bodordin 10 í jákvæðri túlkun*, 9. Maí 2008.

Aðgengilegt á: <http://tru.is/pistlar/2008/05/bodordin-tiu-i-jakvaedri-tulkun>. Sótt 16.11 2010.

Bíblían, heilög ritning, Gamla og nýjatestamentið, Ný útgáfa Reykjavík 1981

Bændasamtök Íslands, *Hagtölur landbúnaðarins 2010*

Dýraverndarráð, *Áskorun Dýraverndarráðs á ríkisstjórn Íslands að skipa nefnd hið fyrsta sem hafi það hlutverk að kanna ofan í kjölinn hvernig fyrirkomulagi dýraverndar er háttað hér á landi og bera það saman við fyrirkomulag í helstu nágrannalöndum okkar. 30.07.2007*

Aðgengilegt á www.ust.is/media/ljosmyndir/dyralif/askorun_greinargerd.pdf. Sótt 22.11.2010

Dýraverndarinn, Sveitanefndir til eftirlits með meðferð á skepnum, Dýraverndarinn, annar árgangur, 3. tb. 1916 bls. 35.

Fréttabréf Kjararannsóknarnefndar, nr.40, júlí 1978.

Friðrik J. Rafnar, *Heilagur Frans frá Assisi*, 2. Útgáfa endurskoðuð, Kapólska kirkjan á Íslandi 1979

Frumvarp til laga um dýravernd, þskj. 344, 221. Mál

Vefútgáfa Alþingis, slóð:

<http://www.althingi.is/altext/115/s/0344.html>

Frumvarp til laga um dýravernd, þskj. 72, 69. mál

Vefútgáfa Alþingis, slóð:

<http://www.althingi.is/altext/117/s/0072.html>

Frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum, þskj. 223, mál 201.

Vefútgáfa Alþingis, slóð:

<http://www.althingi.is/altext/117/s/0223.html>

Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.þskj. 418. mál. 258, Vefútgáfa Alþingis, slóð: <http://www.althingi.is/altext/136/s/0418.html>,

Garðar Gíslason, *Heimspækileg forspjallsvísindi í lagadeild*, Reykjavík 1985

Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mördur Árnason, *Grágás, Lagasafn íslenska þjóðveldisins*, Reykjavík 1992

Grágás, Lagasafn íslenska þjóðveldisins, Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mördur Árnason sáú um útgáfu, Reykjavík 1992

Jón Þórarinsson, „Útflutningur hrossa“ *Dýraverndarinn*, 1916, annar árgangur, bls. 6.

Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*, 2. prentun, Reykjavík 2005

Jónsbók, *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar, 8. Bindi Jónsbók, lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. Öld en fyrst prentuð árið 1578*, Már Jónsson tók saman, Reykjavík 2004

Karl Sigurbjörnsson, *Hvað er Þjóðkirkjan*, Siðgæði
Aðgengilegt á www.kirkjan.is/hvad-er-thjodkirkjan. Sótt 21.11.2010

Matvælastofnun, *Starfsskýrsla 2009*

Aðgengilegt á

<http://mast.is/Uploads/document/arsskyrsla/starfsskyrslaMAST2009vef.pdf>. Sótt í október 2010. Sótt 15.11.2010

Morgunblaðið

Sigríður Ásgeirsdóttir, „Ný dýraverndarlög“ 20.7.1994

Aðgengilegt á www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=147095, sótt 3.11.2010.

Ritstjórnargrein, „Er dýravernd í molum“, 28.10.2010

Aðgengilegt á

http://hrproxy.hir.is:2086/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1354252&searchid=4434b-3c2a-d7908. Sótt 22.11.2010.

Ólafur R. Dýrmundsson, Vankantar á verksmiðjubúskap, *Freyr*, 6. tb. 1991, bls. 218.

Ólína Þorvarðardóttir, „Hver vill borða kjöt af þjáðri skepnu“. Aðgengilegt á <http://blog.eyjan.is/olinath/> Sótt á netið 10.12.2010

RÚV

Alltof vægur dómur, 17.12.2009

Aðgengilegt á <http://www.ruv.is/frett/alltof-vaegur-domur>. Sótt 22.11.2010

Pórhallur Gunnarsson, *Í Návígi*, viðtal við Pál Skúlason, 19.10.2010
Aðgengilegt á <http://dagskra.ruv.is/sjonvarpid/4565268/2010/10/19/>
Sigurður Líndal, *Réttarsögubættir*, Reykjavík 2003

Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagsvæðið*, Reykjavík
2000, bls. 168

Tíðindi frá Alþingi, 1867

Páll Skúlason, *Greinar um siðfræði trú og vísindi*, Siðfræði og siðareglur
heilbrigðisstétta. (útgáfuár ekki tilgreint, greinin er ljósrit úr grein Læknablaðsins
1985;71, bls. 145-9)

Umhverfisstofnun, *Starfsreglur um góða búskaparhætti*, 26.08.2002
Aðgengilegt á <http://www.ust.is/media/fraedsluefni/buskaparhaettir.pdf>. Sótt
22.11.2010

Þjóðkirkjan, *Gerðir kirkjupings*, 33. Mál, 22. Kirkjuping, Reykjavík 1991,

Erlend heimildir

Bentham Jeremy, *An introduction to the principles of morals and legislation*, Dover
edition, Mineola, N.Y. 2007

Imhoff Daniel

CAFO - concentrated animal feeding operation, San Rafael, Kalifornía, 2010
The Cafo reader-The tragedy of industrial animal factories, London 2010

Lama Dalai, *Appeal*, 26.08.2010

http://www.hsi.org/assets/images/special_projects/dalai_lama_letter_2010.jpg. Sótt
22.11.2010

Lawrence John. *A Philosophical and Practical Treatise on Horses and the Moral
Duties of Man Towards Brute Creation*. London. 1796

Radford Mike, *Animal Welfare Law in Britain*, Regulation and Responsibility, Oxford
2005

Schweitzer Albert, *Animals, Nature and Albert Schweitzer*, 8. útgáfa, Washington
D.C. 2000

Seewald Peter, *The God and the world*, conversation with Joseph Cardinal
Ratzinger, San Fransisco 2002

Singer Peter, *Animal liberation*, Pimlico edition, London 1995

Shaw N. Malcolm., *International law*, fifth edition, Cambridge 2006, bls.218.

The link between Animal Abuse and Human Violence, ritstýrt af Andrew Linzey,
Sussex 2009.

The Iceland Dog 874-1956, Kalifornía 1956

II Paul John Pope, *Message of his Holiness*, For the celebration of the World Day of peace, 1. Janúar 1990, Vatíkanið 1989.

Aðgengilegt á:

www.vatican.va/holy_father/john_paul_ii/messages/peace/documents/hf_jp-ii_mes_19891208_xxiii-world-day-for-peace_en.html, sótt 10.12.2010.

LAGASKRÁ

Íslensk lög

Lög um dýravernd nr. 15/1994

Lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991

Lög um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994

Lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993

Lög um Matvælastofnun nr. 80/2005

Lög um um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998

Íslenskar reglugerðir

Reglugerð nr. 219/1991 um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit á svínabúum

Reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum

Reglugerð nr. 438/2002 um aðbúnað nautgripa og eftirlit með framleiðslu mjólkur og annarra afurða þeirra

Reglugerð nr. 577/2009 um breytingu á reglugerð nr. 219/1991 um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit á svínabúum

Erlendar réttarheimildir

Stjórnarskrá Þýskalands

Aðgengileg á vefslóðinni: www.gesetze-im-internet.de/englisch_gg/englisch_gg.html

Norsku dýraverndarlögin, Lov 2009-06-19 nr.97: Lov om dyrevelferd

Aðgengilegt á vefslóðinni: <http://www.lovdato.no/all/hl-20090619-097.html#1>

Norskar reglugerðir um dýravernd með stoð í norsku dýraverndarlögum

Aðgengilegt á vefslóðinni: <http://www.lovdato.no/for/sf/sf-20090619-097.html>

DÓMASKRÁ

Hæstaréttardómar

Dómur hæstaréttar hrd. 70/1998

Dómur hæstaréttar hrd. 159/1996

Dómur hæstaréttar hrd. 472/1993

Dómur hæstaréttar hrd. 217/1984

Dómur hæstaréttar hrd. 81/1975

Héraðsdómur

Héraðsdómur Austurlands S - 122/2009